# Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2023

Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Dalabyggð og Sveitarfélagið Stykkishólmur




Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Agla Geirlaug Aradóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Sólveig G. Beck og Stefán Ólafsson.



FS969-23141

Reykjavík 2023

Fornleifastofnun Íslands

*Forsíðumyndin er af garðlagi DA-007:042, horft er til norðurs. Myndina tók Helga Jónsdóttir.*

©2023

Fornleifastofnun Íslands ses

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: (+354) 5511033

Netfang: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar á jarðstreng á sjö aðskildum svæðum á Vesturlandi. Eftirfarandi svæði voru könnuð: eitt svæði í Kjósarhreppi, tvö í Hvalfjarðarsveit, tvö í Dalabyggð, eitt í Lundarreykjardal í Borgarbyggð og eitt innan Sveitarfélagsins Stykkishólms. Skráningin var unnin að beiðni RARIK á Vesturlandi. Samanlögð lengd úttektarsvæðis var 76 km. Í öllum tilfellum var tekið út 30 m breitt belti og það gengið skipulega við úttektina.

Vettvangsvinna fór fram sumarið 2023. Alls voru skráðar 124 fornleifar á 114 minjastöðum og voru 86 fornleifar metnar í stórhættu og 38 fornleifar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Að vettvangskönnun lokinni voru tillögur settar fram um tilfærslu á jarðstrengnum á nokkrum stöðum.

*Efnisorð:* Fornleifaskráning, deiliskráning, jarðstrengur, Dalabyggð, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Stykkishólmur

## Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out in summer 2023 in seven separate areas in the western part of Iceland. One of the areas was in Kjósarhreppur municipality, two in Hvalfjarðarsveit municipality, one in Borgarbyggð municipality, two in Dalabyggð municipality and one in Stykkishólmur municipality. The Iceland State Electricity (RARIK) commissioned the survey concerning a new underground power line in the municipalities. The areas combined were about 76 km long and 30 m wide. In all 124 archaeological sites were surveyed at 114 locations. Of those, 86 sites considered to be at a high risk and 38 to be at some risk due to the proposed power line.

*Keywords:* Archaeology, detailed survey, powerline, Dalabyggð, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Stykkishólmur

Efnisyfirlit


1. Inngangur 9

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 12

3. Aðferðir við fornleifaskráningu 14

4. Fornleifaskrá 16

Kjósarhreppur 16

GK-343 Möðruvellir 16

GK-344 Írafell 19

GK-346 Hækingsdalur 20

GK-347 Vindás 21

GK-691 Fornleifar á fl. en einni jörð í Kjósarhreppi 22

Hvalfjarðarsveit 23

BO-004 Litli Sandur 23

BO-005 Miðsandur 24

BO-611 Fornleif á fleiri en einni jörð í Hvalfjarðarstrandarhreppi 27

Borgarbyggð 28

BO-178 Lundur 28

BO-179 Gullberastaðir 29

BO-180 Oddsstaðir 30

BO-181 Brautartunga 31

BO-182 Tungufell 32

BO-188 Iðunnarstaðir 34

BO-189 Hóll 35

BO-190 Snartarstaðir 36

BO-191 Skarð 38

BO-192 Kistufell 44

BO-197 Skálpastaðir 45

BO-198 Arnþórsholt 46

BO-671 Fornleif á fleiri en einni jörð í Lundarreykjardalshreppi 48
Dalabyggð 51
DA-001 Gunnarsstaðir 51
DA-002 Dunkárbakki 53
DA-003 Dunkur 54
DA-007 Ketilsstaðir 58
DA-021 Hörðuból 59
DA-050 Harrastaðir 60
DA-099 Leysingjastaðir 61
DA-100 Sælingsdalstunga 63
DA-600 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Hörðudalshreppi 64
DA-621 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Miðdalahreppi 65
DA-651 Fornleifar á fleiri enn einn jörð í Hvammshreppi 66
Sveitarfélagið Stykkishólmur 67
SN-275 Hólar 67
SN-276 Svelgsá 67
SN-277 Hrísar 68
SN-661 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Helgafellsshreppi 69

5. Niðurstöður 70
Svæði 1: Kjósarhreppur 77
Svæði 2 og 3: Hvalfjarðarsveit 79
Svæði 4: Borgarbyggð 80
Svæði 5: Dalabyggð 85
Svæði 6: Dalabyggð 87
Svæði 7: Stykkishólmur 88

6. Heimildir 90

7. Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 94

8. Viðauki II: Minjakort 98

# 1. Inngangur

Á vordögum 2023 fór RARIK þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið á nokkrum aðskildum svæðum á Vesturlandi. Svæðin voru í sveitarfélögunum Kjósarhreppi, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Stykkishólmi og Dalabyggð. Fornleifastofnun Íslands hafði áður unnið aðalskráningu í Kjósarhreppi og Hvalfirði og átti að auki nokkra vettvangsskráningu úr Lundarreykjardal og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.[1] Auk þess hafði Fornleifastofnun unnið heimildaskráningu fyrir þau svæði sem voru til skoðunar í Dalabyggð og Stykkishólmi og nýttist hún vel í verkefninu.[2]

Úttektarsvæðin voru alls sjö, eitt í öllum sveitarfélögum utan Dalabyggðar og Hvalfjarðarsveitar, þar sem tvö svæði voru til úttektar. Svæðin voru öll 30 m að breidd, 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Heildarlengd svæðanna var um 76 km. Skráningin var unnin í nokkrum áföngum og dreifðist yfir sumarið. Á þeim svæðum þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum var nærliggjandi umhverfi einnig athugað í þeim tilgangi að geta lagt fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleið. Til að einfalda úrvinnslu skráningarinnar og komast hjá töfum á lagningu jarðstrengsins var ákveðið að skila einni heildarskýrslu fyrir öll svæðin, að skráningu lokinni og var það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.[3] Gerð var stutt samantekt fyrir hvert svæði fyrir sig að vettvangsvinnu lokinni þar sem helstu niðurstöður voru dregnar saman og uppmælingum skilað. Gögnin voru send til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands fljótlega eftir að skráningu lauk innan hvers svæðis og með þeim hætti var hægt að úrskurða um mótvægisaðgerðir og gera tillögur um tilfærslu þrátt fyrir að úrvinnslu væri ekki lokið.

Svæðin sem um ræðir eru:

**Kjósarhreppur**

1. Frá bænum Vindási í vestri að Hækingsdal í austri. Úttektarsvæðið kvíslast sveitina og fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn beggja vegna Laxár. Alls var tekið út svæði sem var um 10 km að lengd og fer í gegnum land jarðanna Vindáss, Möðruvalla, Írafells og Hækingsdals. Svæðið hafði áður verið aðalskráð og nýttist sú skráning vel við vinnuna.

1 Birna Lárusdóttir o.fl. 2003; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2003; Birna Lárusdóttir, 2008; Sólveig G, Beck, 2012.
2 Gylfi Helgason, 2017.
3 Magnús A. Sigurðsson, tölvupóstur þann 16.06.2022 og símtal vorið 2023. Sambærilegt verklag var haft í skráningu fyrir RARIK sumarið 2022 með góðum árangri, sjá Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2022.




Mynd 1: Staðsetning úttektarsvæðanna er sýnd á kortinu. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

### Hvalfjarðarsveit

2. Annars vegar var tekið út svæði sem náði frá bænum Miðsandi í vestri að bænum Þyrli til austurs, alls um 3,5 km. Farið var í gegnum land jarðanna Þyrils, Litlasands og Miðsands. Svæðið hafði áður verið aðalskráð en skráningin er gömul og mikil skekkja í hnitum.
3. Hins vegar var tekið út svæði sem náði frá bænum Tungu í norðri að bænum Vestara-Miðfelli í suðri. Úttektarsvæðið var alls um 2,5 km að lengd og var eingöngu farið í gegnum land þessara jarða. Svæðið hafði áður verið aðalskráð en skráningin er gömul og mikil skekkja í hnitum.

### Borgarbyggð

4. Úttektarsvæðið í Lundarreykjardal náði frá Iðunnarstöðum í austri að Skálpastöðum í vestri. Fyrirhugað er að leggja strenginn beggja vegna við Grímsá. Norðan Grímsár er farið í gegnum lönd jarðanna Skálpastaða, Arnþórsholts, Lundar, Gullberastaða, Oddstaða, Brautartungu, Tungufells og Brennu. Sunnan við Grímsá er fyrirhugað að fara í gegnum jarðirnar Kross, Kistufell, Skarð, Snartarstaði, Hól og Iðunnarstaði. Strengurinn fer norður fyrir Grímsá við Brautartungu og aftur suður fyrir ánna í landi Brennu. Samanlagt er úttektarsvæðið um 30 km. Á þessu svæði var einungis ein jörð, Tungufell, aðalskráð og nýttist sú skráning vel við vinnuna.

**Dalabyggð**

5. Annars vegar var tekið út svæði á Skógarströnd. Það náði frá Gunnarstöðum í vestri og til austurs, að spennustöð í landi Stóru-Skóga. Samtals var úttektarsvæðið um 20 km langt á þessum slóðum. Farið í gegnum jarðirnar Gunnarsstaði, Dunkárbakka, Dunk, Álfhól, Ketilsstaði, Bugðustaði, Blönduhlíð, Hamar, Hörðuból, Þorgeirsstaðahlíð, Snóksdal, Gilsbakka, Harrastaði og Stóru-Skóga. Engin vettvangsskráning hafði áður verið unnin á þessum slóðum.
6. Hins vegar var tekið út svæði í Hvammsveit og náði það um land jarðanna Lauga, Sælingsdalstungu og Leysingjastaða. Það var alls um 2 km að lengd. Engin vettvangsskráning hafði áður verið unnin á þessum slóðum.

**Sveitarfélagið Stykkishólmur**

7. Úttektarsvæðið í Stykkishólmi náði frá bænum Arnarstöðum í vestri að Hrísum til austurs og var alls um 8 km að lengd. Farið í gegnum lönd jarðanna Arnarstaða, Saura, Hóla, Drápuhlíðar, Svelgsár og Hrísa. Engin vettvangsskráning hafði áður verið unnin á þessum slóðum.

Úttektin var gerð sumarið 2023. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar mældar upp. Alls voru skráðar 124 fornleifar á 114 minjastöðum. Um vettvangsvinnu sáu Agla Geirlaug Aradóttir, Gylfi Helgason, Helga Jónsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck, fornleifafræðingar. Ragnheiður sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
>
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

# 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, NM o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingarnúmer aftan við (dæmi: BO-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu. Við vettvangsvinnu og úrvinnslu var miðað við ákveðna miðlínu og aðaláhrifasvæði framkvæmda skilgreint sem 15 m breitt belti til beggja frá umræddri línu, alls 30 m. Einstaka fornleifar voru skráðar fast utan áhrifasvæðisins og töldust þær í hættu vegna framkvæmdanna en




Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

voru skráðar sökum nálægðar við mörk framkvæmdasvæðis en í öllum tilfellum náði friðhelgað svæði umhverfis minjarnar (sem er 15 m) inn fyrir mörk framkvæmdasvæðis.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.




Mynd 3: Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

# 4. Fornleifaskrá

## Kjósarhreppur

### GK-343 Möðruvellir

**1705**: 40 hdr. tveir bæir. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III, 413.
**1847**: 40 hdr., bændaeign, skv, Jarðatali Johnsen, 100.
Jarðarinnar er getið í Hauksbók og Þórðarbók Landnámu. ÍF I, 57.
**1237**: Jarðarinnar getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 235
**1705**: Tvö eyðibýli nefnd 1705, Svínadalskot byggt á selstöðu en komin í eyði og nýtt sem sel og Grámói sem fátt virðist vitað um. Nefnd í örnefnaskrá Múlakot og nafnlausar rústir af býli, báðar tóftir virðast vera í Svínadal og gæti önnur því verið af Svínadalskoti. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III, 415, Ö-Möðruvellir, 3.
**1705**: "Skriða spillir túninu merkilega ... Engjar eru snögglendar mjög, og fordjarfast af skriðum árlega meir og meir og þurfa ábúendur engi annarstaðar til að fá. Vetrarríki er mikið. Hætt er fyrir snjóflóðum bæði túni og húsum." Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III, 415.
**1840**: „Þar er land mikið á Svínadal og dalverpi Trönudals. En engi örðugt mjög, sem þó er undirlagt oft grasspjöllum af leita- og lestamönnum á sumrin.» SSGK, 256.
**Túnakort 1917**: Tún 8,7 teigar á báðum býlum, garðar 2200m2 á báðum býlum. Á kortinu segir ennfremur: „Túnin sléttuð að mestu og nokkuð slétt af náttúru. Fjárbælið er nú um stund í órækt (ófjárhæft) og því ekki talið hér með túninu. En blettur hjá því, núplægður, í góðri rækt."




Mynd 4: Myndin sýnir hnitsett túnakort Möðruvalla GK-343 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.

**GK-343:011** heimild um traðir A 379655 N 423776
Á túnakorti frá 1917 virðast vera upphlaðnar traðir meðfram vegi heim að bænum sem kemur úr

norðvestri. Þær hafa verið um 200 m langar. Farið var aftur á vettvang árið 2023 og aðalskráning sem gerð var árið 2008 endurskoðuð. Hnit var tekið á sama stað en aðstæður eru óbreyttar. Samkvæmt túnakorti Möðruvalla liggur suðvestari útlína áhrifasvæðis vegna jarðstrengsins nánast á sama stað og traðirnar gerðu áður nyrst í heimatúninu. Þær eru því fast utan áhrifasvæðisins.
Vegurinn liggur nú þar sem áður hafa verið traðir. Tún eru enn ofan og neðan vegar og hallar landinu til norðausturs í átt að ánni. Vegurinn er lítið upphækkaður, vegkantur er gróinn og grösugur.
Ekki sést til traða á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

**GK-343:012** garðlag túngarður A 379563 N 423849

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður frá heimtröð 011 í norðvestri til suðsuðausturs upp í brekku og frá brekku sunnan við bæinn meðfram lækjarfarvegi sem liggur til norðausturs. Svo beygir túngarðurinn til norðvesturs neðan við bæjarhól og útihús til móts við áðurnefndar traðir. Farið var aftur á vettvang árið 2023 og aðalskráning sem gerð var árið 2008 endurskoðuð. Hnit var tekið á sama stað en aðstæður og minjar eru annars óbreyttar. Túngarðurinn er 2 m vestan við áhrifasvæði fyrirhugað jarðstrengs en helgunarsvæði nær innan þess.


Mynd 5: Túngarður GK-343:012, horft til SSV.

Í jaðri sléttaðs túns, á köflum á lækjarbökkum.
Túngarðurinn er enn greinilegur að miklu leyti vestan og suðaustan við bæinn. Ofan vegar og í vesturjaðri túnsins er garðurinn grjóthlaðinn en í suðausturjaðri er hann gróinn og hefur verið hlaðinn á brún lækjarfarvegs að mestu leyti. Þar sem garðurinn beygir til suðsuðausturs heldur hann líka áfram upp í fjallshlíðina dálítinn spotta. Á milli túngarðs og lækjarfarvegs, upp frá veginum þar til hann beygir til suðsuðausturs er dálítil gróðurræma utan við garðinn og þar má óljóst sjá móta fyrir 5-6 hólfum á gerði eða útihúsi sem hefur verið upp við garðinn. Svæðið er um 30 x 5 m stórt og snýr N-S. Þar er mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Veggir eru mjög signir og grónir mosa og grasi en sést í stöku stein. Mesta breidd túngarðs er um 2 m og mesta hæð eru um 0,7 m. Mest er hægt að greina 3 umför. Heildarlengd garðsins er um 400 m.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

**GK-343:018** *Stekkur* tóft stekkur A 379239 N 424284

"Efst á Eyrunum heiman við Börðin heitir Stekkur, og þar upp af um fjallsræturnar er brekka, sem heitir Stórsteinabrekka," segir í örnefnaskrá. "Smáhleðsla er undir stórum kletti, þar sem heitir Stekkur. Kletturinn er nú nefndur Mönguklettur. Nafnið ber hann af því, að kona frá Eyjum, sem Margrét hét, mun hafa haldið ball að sumrinu við klettinn, en þar er slétt flöt. Sennilega hefur það verið fyrir 1920," segir í


Mynd 6: Ljósmynd af stekk GK343:018, tekin vorið 2023, horft er til vesturs.


Mynd 7: Ljósmynd frá 2008 af stekknum, horft er til suðvesturs.




Mynd 8: Uppmæling af stekk GK-343:018 sem gerð var árið 2018.

athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Stekkurinn er um 30-40 m ofan (suðvestan) við malarveginn um sveitina, um 780 m norðvestur af bæ 001. Árið 2021 var gerð fornleifaskráning innan deiliskipulagsreits, stekkurinn var innan þess svæðis. Þá var aðalskráning sem gerð var árið 2008 endurskoðuð. Við vettvangsrannsókn kom í ljós að búið var að hylja stekkinn sem var á svæðinu með utanaðkomandi jarðvegi sem þurfti að fjarlægja til að hægt væri að mæla hana upp.
Stekkurinn er undir lágum klettahamri í friðuðu sumarbústaðalandi. Ofan við hamarinn er trjárækt, neðan við stekkinn, niður að vegi er rennisléttur og frekar harður völlur. Gil eru beggja vegna við hamarinn upp í fjallið.
Lýsing á þessum stekk frá árinu 2008 hljóðar svo: "Stekkurinn er um 14 x 5 m stór og snýr NV-SA. Hann skiptist í þrjú hólf, í suðvesturenda eru 2 lítil hólf sem snúa NA-SV og í norðvesturenda er eitt langt hólf sem hefur sömu stefnu og tóftin í heild. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Litlu hólfin eru um 2,5-3 x 0,5-1 m að innanmáli og eru opin til norðausturs. Opið er úr miðhólfinu inn í langa hólfið, en óljóst. Langa hólfið er um 8 x 3 m að innanmáli. Í miðju því hólfi hefur mikið bjarg hrunið úr hamraveggnum - að öllum líkindum eftir að hætt var að nota stekkinn. Það virðist ekki hafa verið notað sem hluti byggingarinnar. Í suðausturenda hólfsins mótar fyrir grjóthleðslu í gólfi sem kann að hafa skipt því. Norðvesturendinn er óskýr, þar hefur sennilega verið inngangur. Tóftin er gróin en víða sést í grjóthleðslur og líklegt að stekkurinn hafi eingöngu verið grjóthlaðinn." Við skráningu 2021 kom í ljós að fyrir vangá hafði stekkurinn verið hulinn jarðvegi við framkvæmdir og fór Minjastofnun Íslands fram á það í kjölfarið að jarðvegurinn yrði fjarlægður af tóftinni. Stekkurinn var afhjúpaður aftur í desember 2021 og minjarnar mældar upp og skráningin endurmetin í kjölfarið. Við afhjúpunina kom í ljós að litlar breytingar hafa orðið á tóftinni frá því árið 2008. Við endurskoðun skráningar árið 2023 kom í ljós að aðeins sést rétt glitta í hleðslur eins veggjar (2-3 umför) fast upp við Mönguklett að norðaustanverðu, sem standa um 0,2-0,4 m uppúr moldarhrúgunum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Möðruvellir, 2; Ö-Möðruvellir ath og viðb., 3; Lilja Laufey Davíðsdóttir, 14

**GK-343:041** heimild um túngarð A 380086 N 423588
Á túnakorti frá 1917 er ferköntuð nýrækt um 340 m austan við bæ 001. Umhverfis hana hefur verið túngarður og áfast honum lítið gerði á utanverðri norðvesturhlið. Túnið var 140 x 80 m og sneri NV-SA. Sléttuð tún eru á þessum stað og allt um kring. Norðvesturhorn túngarðsins er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.
Ekki sést til minja á vettvangi en greina má túngarðinn af loftmynd. Um 50 m langur garður liggur til vesturs frá vesturhorni túnsins.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 9: Þúst GK-343:042, horft til suðausturs.

**GK-343:042** þúst óþekkt
A 379617 N 423837
Óljós þúst er um 190 m norðvestan við bæ 001 og um 10 m norðaustan við Meðalfellsveg (461). Fyrirhugað er að plægja jarðstreng þvert í gegnum þústina.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Þústin er aflöng og rúnuð, um 28 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Greina má hugsanlegt innanmál sem er aflangur bolli, um 10x4 m að flatarmáli og <0,3 m á dýpt. Á þessum stað gæti hafa verið tóft sem búið er að slétta. Hlutverk er óþekkt.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-343:043** heimild um kálgarð A 379771 N 423715
Á túnakorti Möðruvalla frá 1917 er teiknaður upp kálgarður um 35 m norðaustan við bæ 001 og fast suðaustan við útihús 005. Kálgarðurinn er um 7 m utan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en helgunarsvæðið (15m) er innan þess.
Á þessu svæði er sléttuð lóð, trjágróður og tún.
Ekkert sést til fornleifa.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

## GK-344 Írafell

**1705**: 20 hdr., 1/2 konungseign. Bændaeign (áður konungseign). Eyðihjáleigunnar Fornaskjóls getið. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III, 415-417.
**1847**: 20 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 100. Tvíbýli var þá á jörðinni.
**1705**: "Hjer segja menn, að bænhús hafi til forna verið, og er það eyðilagt fyrir manna minni." JÁM III, 415.
**1927**: Eyðihjáleigunnar Fornaskjól og ónafngreind eyðihjáleiga á jörðinni. Ö-Írafell, 1.
**1705**: "Snjóflóð og skriður granda högum og engi, þó meir á kóngsins parti." JÁM III, 417.
**1840**: "Heyskaparjörð allgóð og á mikið og gott land bæði til fjalls og láglendis um hæðir og mýrarsund ..." SSGK, 256.
**Túnakort 1917**: Tún 5 teigar, garðar 1500m2. Á kortinu segir ennfremur: „Túnið mest allt sléttað á síðustu 20 árum, heldur sér vel."

**GK-344:027** þúst óþekkt A 382019 N 422522
Rústahóll er um 250 m norðvestan við bæ 001 og 210 m NNA við Kvíamýri 023. Staðurinn var upphaflega skráður árið 2008 í tengslum við aðalskipulag í Kjósarhreppi en var aftur heimsóttur 2023 vegna áætlana um lagningu jarðstrengs. Af því tilefni var þústin mæld upp. Þústin er um 10 m utan við áhrifasvæði jarðstrengsframkvæmda 2023 en var tekinn með því helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn fyrir áhrifasvæðið.



Mynd 10: Þúst GK-344:027, horft til suðvesturs.

Hóllinn er brattur og hár til vesturs, niður að afleggjara að bænum. Austan við hólinn hækkar landið lítillega og norðaustan við hann er Írafellið.
Svæðið allt í kring er að mestu grasi gróið, fyrir utan nokkur flög. Lækur rennur úr austri en hverfur norðan við hólinn. Smáþýft er að mestu í kringum hólinn en vestan við hann er slétt brekka og norðvestan við hann er stórþýft.
Samkvæmt Skúla Geirssyni, heimildamanni, grænkar þessi hóll alltaf fyrstur á vorin og taldi hann víst að hús hefði staðið á honum en það var farið þegar hann kom á bæinn árið 1968. Hóllinn er um 18 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur og að austanverðu er hann hæstur um 1 m. Ekki er hægt að greina útlínur bygginga eða hólfa en hóllinn er þýfður og grjót er á dreif um hann og sennilega er mannvist þarna undir. Rétt austan við hólinn mótar fyrir garðlagi sem gæti hafa afmarkað tóft sem er um 8 x 6,5 m að stærð og snúið eins og hóllinn. Þessi ummerki voru hins vegar of óljós til þess að fá sér einingarnúmer og frekar skráð hér undir.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## GK-346 Hækingsdalur

**1705**: 30 hdr. Bænhús var á jörðinni. Eyðihjáleigur tvær 1705, Sauðhús og Háamýri. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III, 419-422.
**1847**: 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 100.
**1237**: Í Sturlungasögu er getið um mann úr Hækingsdal. Sturlunga saga I, 405 og 407.
**1270**: Varðveist hefur landamerkjabréf frá því um 1270 þar sem getið er merkja milli Vindáss og Hækingsdals. DI II, 81-82.
**1923**: Samkvæmt Hannesi Þorsteinssyni er Hækingsdallur réttnefni." Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók 1923, 34.
**1705**: "Túnunum hverutveggjum spillir skriða og snjóflóð, og er fyrir því árlegur háski, kostar og oft erfiði af að moka. Enginu spillir ogso skriða." JÁM III, 421.
**1840**: "... Þar er heyskapur nokkur, en beitiland arðgott, einkum á sumrum og landrými ..." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 256.
**Túnakort 1917**: Tún 7,2 teigar, slétt, garðar 1370 m2.




Mynd 11: Myndin sýnir hnitsett túnakort Hækingsdals GK-346 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.

**GK-346:047** heimild um kálgarð A 383972 N 423381
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður 2-5 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn tvískiptur, 50-60 x 20 m stór og sneri norðvestur-suðaustur meðfram bæjarröð 001. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, var torfhlaðið garðlag umhverfis garðinn og í honum voru ræktaðar m.a. kartöflur og rófur. Kálgarðurinn er 15 m norðaustan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs, á mörkum úttektarsvæðisins og var utan þess.
Á þessu svæði er sléttað malarplan framan og suðvestan við núverandi íbúðarhús. Kálgarðurinn var 15 m norðaustan við úttektarsvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.
Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

## GK-347 Vindás

**1705**: 20 hdr. Bústaður sóknarprests í Kjós gefin af kóngi eftir að bærinn að Reynivöllum eyðilagðist í skriðum og snjóflóði árið 1664. JÁM III, 422-423.
**1847**: 20 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 100.
**1270**: Varðveist hefur landamerkjabréf jarðarinnar frá því um 1270. Um landamerki milli Vindáss og Reynivalla annarsvegar og Vindáss og Hækingsdals hinsvegar. DI II, 81-82.
**1352/1397** og um **1478** á Reynivallakirkja skjólgarð GK-347:034 í landi jarðarinnar ásamt kastar skurði GK-347:011. DI III 70-71, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79.
**1705**: "Engjar eru nær öngvar, sem þessari jörðu fylgdi áður hún var prestunum gefin, og brúkar því presturinn engið, sem óskpilt varð eftir, þá beneficium fordjarfaðist, so mikið af því og lítið sem hönum líkar. Högum spilla skriður." JÁM III, 422-423.
**1840**: "... Heyskaparlítil jörð með stóru og þýfðu túni. Þar er allgott beitarland um sumar og vetur og skógarblettur af smáviði í Sandfellshlíð." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 256.
**Túnakort 1917**: Tún 5,2 teigar (meirihluti sléttað), garðar 1170 m2.




Mynd 12: Myndin sýnir hnitsett túnakort Vindáss GK-347 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.

**GK-347:026** sáðslétta tún A 378943 N 425662

Í túnbrekkunni austan og ofan við Brunn 004 eru greinilegar leifar af sáðsléttum um 100 m sunnan við bæ 001 og um 70 m suðvestan við traðir 009. Sáðsléttunar eru 9 m utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en skráðar vegna nálægðar.
Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar í 5-15° til vesturs.
Í túninu sjást greinilega a.m.k sex rásir sem liggja samsíða ANA-VSV með 4-5 m millibili niður túnbrekkuna að girðingu á svæði sem er um 35x30 m stórt. Rásirnar eru um 0,5 m á breidd, <0,3 m á dýpt og um 35 m langar. Rásirnar hafa trúlega verið fleiri en lítið sést af þeim nú vegna sléttunar.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Mynd 13: Sáðslétta GK-347:026, horft til suðausturs.

**GK-347:033** heimild um kálgarð A 378918 N 425740

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast vestan við bæ 001. Vesturhluti kálgarðsins er innan áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.

Á þessu svæði er sléttað tún og rafmagnsstaur. Brekkunni hallar í 5-10° til vesturs.

Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðlag umhverfis kálgarðinn að norðan, vestan og sunnan.

**Hættumat**: stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

**GK-347:040** gryfja óþekkt A 378898 N 425683



Mynd 14: Dæld GK-347:040, horft til austurs.

Óljós, aflöng dæld er um 80 m SSV við bæ 001 og um 20 m NNA við brunn 004. Dældin er 7 m vestan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en skráð vegna nálægðar.

Dældin virðist grafin inn í sléttaða túnbrekku sem hallar í 5-10° til suðvesturs.

Dældin er um 2x1 m að innanmáli, 0,2-0,4 m á dýpt og snýr austur-vestur. Engir greinilegir veggir sjást umhverfis dældina en hugsanlega mætti greina óljósar þústir á svæði sem er um 8 x 7 m stórt. Líklegt virðist að eitthvert mannvirki hafi verið á þessum stað áður.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**GK-347:049** heimild um leið A 378920 N 425727

Á túnakorti frá 1917 sést leið liggja til suðvesturs frá bæ 001 að brunni 004. Leiðin liggur skáhallt (NA-SV) í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.

Slétt tún í halla til suðurs og suðvesturs.

Engin ummerki leiðarinnar eru varðveitt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

## GK-691 Fornleifar á fl. en einni jörð í Kjósarhreppi

**GK-691:001** heimild um leið A 381219 N 424158

„Vegurinn sem liggur fram dalinn norðan við Laxá, kemur í Vindásland við Gíslalæk, liggur síðan um Litlamel, norðan við túnið, austur Langamel, ofan við Hústóftir, um Vindáseyrar, Háamel og Vindáshlíð. Þessi vegur lá áfram að Hækingsdal og Fremra-Hálsi [015], enn fremur um Kjósarskarð og Stíflisdal til Þingvalla." segir í örnefnaskrá Vindáss. Á herforingjaráðskorti 36 SV frá 1908 er merkt leið til suðvesturs frá Vindási GK-347, sunnan við Sandfell allt að Hækingsdal GK-346 og er um sömu leið að hluta sem greint er frá í örnefnaskránni. Alls er leiðin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs á fjórum stöðum en hún var ekki rakin utan þess. Leiðin liggur þvert í gegnum svæðið á þremur stöðum við Vindáshlíð og í einu sinni í landi Hækingsdals.

Í landi Hækingsdals er framræst mýri og áreyrar við Laxá þar sem leiðin lá. Í landi Vindáss, þ.e. Vindáshlíð, er kjarrlendi, mói og melar við Laxá.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SV 1908; Ö-Vindás BÓ, 4

**GK-691:002** heimild um leið A 381864 N 422599

Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1908 lá leið frá Þorláksstöðum (GK-318) til suðausturs og að Írafelli (GK-344). Lítil hluti leiðarinnar var tekinn út rétt vestan við Gráhól í landi Írafells árið 2023 vegna fyrirhugaðra jarðstrengsframkvæmda.

Þar sen leiðin lá er deiglent óræktað svæði. Víðsvegar standa hálfgrónir hólar upp úr deiglendinu. Til

suðurs eru ræktuð tún.
Engin ummerki um leiðina sjást á vettvangi í landi Írafells og óvíst er af hverju; mögulega var hún aldrei fjölfarin á þessum slóðum.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SV 1908

**GK-691:014** gata leið A 379196 N 424564

Óljósar götur má greina á suðurbakka Laxár í Kjós um 1 km norðvestan við Mörðuvelli GK-343 og um 20 m norðaustan við Meðalfellsveg (461). Leið er merkt á þessu svæði á herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar. Farið var um á þessu svæði á leið frá Möðruvöllum yfir í Eyjar GK-338 við Meðalfellsvatn í vestri og Þorláksstaði GK-318 norðan Meðalfells.
Á þessu svæði eru bakkar Laxár flatlendir, deigir og grasigrónir.
Margar óljósar grunnar götur liggja hlið við hlið norðvestur-suðaustur meðfram ánni en aðeins er hægt að greina þær óljóst á um 200 m kafla meðfram árbakkanum. Göturnar eru 0,2-0,3 m djúpar, <0,3 m breiðar hver, og ná yfir um 5 m breitt svæði. Göturnar hverfa vegna vegslóða og Meðalfellsvegar í báða enda.



Mynd 15: Götur GK-691:014, horft til suðausturs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36SV Botnsheiði

**GK-691:015** heimild um leið A 382781 N 423628

Leið lá til suðurs, frá leið 001 í landi Hækingsdals að Fremri-Hálsi GK-345. Hún var einungis rakin innan áhrifasvæðis jarðstrengs og sést ekki þar.
Leiðin liggur í gegnum áhrifasvæðið í landi Hækingsdals, þar eru malareyrar við Laxá og reiðvöllur.
Engin ummerki leiðarinnar sjást innan áhrifasvæðis.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SA 1908

## Hvalfjarðarsveit

### BO-004 Litli Sandur

**1706**: 10 hdr. Skálholtsstólsjörð. JÁM IV, 9
**1847**: 10 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 105.
"Fyrrum var jörðin eign Skálholts, 10 hundruð að fornu mati..." BB, 43.
**Túnakort 1920**: Tún 35,955, 1/22 þýft. Garðar 908m2.

**BO-004:016** mannvirki A 382227 N 43513

Umfangsmikill steinsteyptur húsgrunnur er 370 m ASA við bæjarstæði Litla Sands BO-004 og um 40 m norðan við Hvalfjarðarveg (47). Á þessu svæði er grasi gróið flatlendi með ströndinni, um 220 m norðaustan hvalvinnslustöðvar. Hann er 2 m norðan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.
Sléttað, grasi gróið flatlendi.
Grunnurinn er um 33 m á lengd, um 16 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Grunnurinn er við það að hverfa í gróður en stendur um 0,2-0,4 m uppúr grasinu án greinilegra útveggja. Á þessum stað hefur staðið stórt, hugsanlega tvískipt hús eða braggi, en hlutverk þess er óþekkt.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 16: Grunnur BO-004:016, horft til suðausturs.



Mynd 17: Mannvirki BO-004:017. horft til norðausturs.

**BO-004:017** mannvirki A 382534 N 434921
Gömul olíurör og steinsteyptar undirstöður eru um 100 m ANA við hvalveiðistöð, um 10-25 m norðan Hvalfjarðarvegar. Mannvirkin eru um 10 m NNA við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Þetta eru að öllum líkindum mannvirki tengd hersetu á svæðinu.
Graslendi og grýtt klettanef. Brekka hallar skarpt niður til VNV.
Gömul olíurör og steyptar undirstöður þeirra, sem liggja frá tönkum niður brekkuna í átt að veginum, efst í vesturhlíð grjóthjalla norðan vegar sem liggur norðaustur-suðaustur. Hverfa í norðvestri undir Hvalfjarðarveg. Í vestri tengjast rörin ennþá olíutönkunum.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## BO-005 Miðsandur

**1706**: 10 hdr. Skálholtsstólsjörð. JÁM IV, 11.
**1847**: 10 hdr. JJ, 105
"Kolgrímr [á Ferstiklu] sendi orð Botnverjum, at þeir ættu saman knattleika ok sköfluleika á Sandi; þeir játuðu því. [...] En Þorvaldr bláskeggr bjó á Sandi, gildr bóndi ok mikill fyrir sér." Harðar saga, ÍF X III,




Mynd 18: Myndin sýnir hnitsett túnakort Miðsands BO-005 frá árinu 1920, skráðar minjar og línuleiðir.

61-62.
“Undirlendi er lítið, en hér var fyrrum talinn góður töðuvöllur.” BB II, 44.
“Miðsandur var fyrrum eign biskupsstólsins í Skálholti, 10 hundruð að mati... Búendur hrökkluðust frá Miðsandi 1942, þegar herinn settist að í Hvalfirði. Höfðu þeir fénað sinn á öðrum jörðum í sveitinni, meðan stríðið geisaði, en fluttu aftur á býlið að því loknu og bjuggu til 1952. Þá keypti Ríkissjóður jörðina, og hún var hersetin að nýju til 1967.” BB, 44
“Það má geta þess eins og með Litlasand, að þetta verður ekki bújörð framar. Jarðrask allmikið hefur farið hér fram og er að fara fram, staðir ekki finnanlegir o.s.frv.” Ö-Miðsandur, 1
**Túnakort 1920**: Tún 53,309m2, 1/8 þýft. Garðar 1,000m2.

**BO-005:001_01** *Miðsandur* bæjarhóll bústaður A 381543 N 435210
“Bærinn var á flötunum upp frá miðri víkinni vestan við Þyrilsklif,” segir í Byggðum Borgarfjarðar. Bær 001_01 er sýndur sunnarlega, nánast fyrir miðju túni, á túnakorti frá 1920 og kálgarður 001_02 var sunnan hans. Útihús 002 voru fast vestan við bæinn samkvæmt túnakortinu. Bærinn stóð vestan Miðsandsár, um 370 m vestur af Litlasandi BO-004:001 og rúmum 80 m norðan Hvalfjarðarvegar 47, um norðanverðan Hvalfjörð. Miðsandsbærinn sést vel á loftmynd tekinni í október 1943 og birt er í riti Friðþórs Eydal, Vígdrekar og vopnagnýr. Bæjarhúsin hafa þá verið mjög aðþrengd af bröggum sem risið hafa fast við vestanverðan bæjarvegginn. Húsin eru þrjú eða fjögur talsins, með burstum, öll sambyggð og snúa göflum mót suðri. Kálgarður hefur verið sunnan við bæinn. Bæjarhóllinn er fast vestan við úttektarsvæðið en hafður með vegna nálægðar.
Grasivaxið svæði austan við byggingar Hvals hf.
Árið 2003 var staðnum lýst svona í aðalskráningu: «Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu. Túnið í kring hefur að langmestu leyti verið lagt undir braggahverfið á stríðsárunum. Aðeins smáblettur er óspilltur austan hússins. Húsið er steinhús á tveimur hæðum með kjallara undir, byggt 1931. Vestan þess er stór skemma og norðan við er einingahús. Lágur hóll er austan við húsið, alls rúmlega 20 x 20 m stór og algróinn, um 1 m hár. Nyrst í honum er hringlaga niðurgröftur, vafalaust eftir eitthvert mannvirki, 2,5 m í þvermál og tæpur metri á dýpt. Líklegt er að hóll þessi samanstandi að einhverju leyti af upphlöðnum mannvistarleifum en vesturhluti hans gæti hafa lent undir íbúðarhúsinu þegar það var byggt.» Árið 2023 þegar aftur var komið að Miðsandi hefur íbúðarhúsið verið rifið en hin húsin sem minnst er á sjást enn. Bæjarhóllinn var mældur upp árið 2023, og er hann 20 m langur og um 16 m breiður, mjókkar til austurs. Búið er að slétta allan bæjarhólinn og hann sést sem lágur hóll.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Byggðir Borgarfjarðar, 44; Friðþór Eydal, 108; Túnakort 1920


Mynd 19: Bæjarhóll BO-005:001_01, horft til norðurs


Mynd 20: Kálgarður BO-005:001_02, horft til vesturs.

**BO-005:001_02** garðlag kálgarður A 381543 N 435168
Garðlag er um 40 m sunnan við bæjarhól 001_01 og er að öllum líkum hluti af suðurhlið kálgarðs 001_02. Það snýr austur-vestur og beygir til suðurs, við mjóann skurð til austurs. Garðlagið er um 15x2 m að lengd og 0,3 m á hæð. Hafa ber í huga að mikil breyting hefur orðið á heimatúninu og segja má að fyrra menningarlandslag hafi nánast vikið fyrir herminjum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-005:003** heimild um útihús A 381591 N 435271

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús 70 m NNA við bæ 001 og um 17 m austan við rennu 018, austarlega fyrir miðju heimatúnsins. Svæðið þar sem útihúsið stóð sést vel á loftmynd í riti Friðþórs Eydal, Vígdrekar og vopnagnýr. Myndin er tekin í október 1943 og mikið rask af völdum hersetunnar er þegar á þessu svæði og útihúsið horfið. Útihúsið var um 5 m austan við miðlínu úttektarsvæðisins.
Slétt, ræktað svæði.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1920; Friðþór Eydal, 108.

**BO-005:016** tóft fjárhús A 381376 N 435341

Rétt vestan heimatúnsins, rúmum 210 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 60 m vestan við túngarð 017 er tóft, líklega af fjárhúsum. Raflína er skammt norðan við tóftina, ofan við heimatúnið. Tóftin er um 5 m sunnan og utan við úttektarsvæðið en höfð með engu að síður vegna 15 m helgunarsvæðis hennar.



Mynd 21: Tóft BO-005:016, horft til norðurs.




Mynd 22: Uppmæling af tóft BO-005:016.

Grasivaxin brekka í halla til suðurs. Lækur rennur ofan (norðan) við tóftina, uppi á brekkubrúninni.
Tóftin er sigin og nokkuð óregluleg. Hún er 10,5x7,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Suðurendinn er raskaður en op virðist þó vera í norðurhorni vesturlanghliðar. Það glittir í örfáa steina í gegnum svörð en veggir eru um 0,2-0,3 m á hæð og 1-2 m á breidd.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-005:017** hleðsla túngarður A 381445 N 435348



Mynd 23: Túngarður BO-005:017, horft til SSV.

Túngarður sést afmarka heimatúnið á túnakorti árið 1920. Hann er horfinn að stórum hluta enda vék eldra menningarlandslag svæðisins að mestu á stríðsárunum. Túngarðurinn sést þó um 165 m norðvestan við bæ 001, í norðvesturhluta túnsins. Hann var rakinn innan norðurhluta úttektarsvæðisins en ekki var leitað að honum utan þess.
Grasivaxin brekka í halla til suðurs, austan við læk.
Túngarðurinn sést sem grjótdreif, austan við lækinn sem rennur fast vestan heimatúnsins. Grjótdreifin er lítið annað en eitt umfar af gjóti, líklega úr grunni túngarðsins. Hann er 7x2,8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Grjótið er um 0,2 m á hæð og ekki er um mjög stóra steina að ræða. Dreifing og lega steinanna bendir einna helst að um hleðslu sé að ræða. Ennfremur eru jarðlægir steinar hlutar túngarðsins hér og þar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920

**BO-005:018** renna áveita A 381579 N 435325

Renna sést á túnakorti frá 1920. Hún liggur til suðurs, niður efri hluta túnsins og sveigir til suðausturs skammt vestan við útihús 005. Rennan, eða lækurinn líkt og stendur á túnakortinu, rann til sjávar við suðausturhorn túnsins. Bæjarlæknum var veitt eftir rennunni í gegnum túnið. Efri hluti hennar sést enn en búið er að færa neðri hlutann nær bænum, þar er rennan fast austan bæjarhóls 001_01. Rennan var eingöngu rakin innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. Rennan sést á mynd í bókinni Vígdrekar á vígslóð og var þá eins og á túnakortinu.

Gróið tún í halla til suðurs.

Rennan sést enn innan norðurhluta túnsins og liggur norður-suður. Um 60 m af henni eru innan vesturhluta úttektarsvæðisins og hleðsla/ræsi þar sem farið verður yfir með jarðstrenginn en hún er líklega ekki gömul. Rennan er um 3 m á breidd, 0,3 m á dýpt og lækurinn rennur enn eftir henni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1920; Friðþór Eydal, 108

## BO-611 Fornleif á fleiri en einni jörð í Hvalfjarðarstrandarhreppi

**BO-611:007** gata leið A 366422 N 436772

Greinileg gata er vestan undir Miðfellsmúla um 300 m NNV við bæ að Vestra Miðfelli BO-015:001 og austan við Svínadalsveg (502). Leiðin fer norðan við Miðfellsmúla og liggur áfram eftir sunnanverðum Svínadal að vegi 001 sem fer yfir Móadal. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Vestara-Miðfells.

Gatan liggur um grasi-, mosa- og lyngigróinn móa en hverfur í norðvestri í Svínadalsveg og í suðaustri vegna sléttunar í túni Vestra-Miðfells.

Gatan er greinanleg á um 300 m löngum kafla austan vegar (502) og er hún vel gróin. Hún er um 2,5-3,5 m á breidd, um 0,5-1 m djúp og liggur NNV-SSA meðfram fjallsrótum. Grjót og hugsanlegar grjóthleðslur má greina í bökkum leiðarinnar og hefur hún mjög líklega verið grjóthreinsuð og hugsanlega eitthvað rudd. Mjög líklega er hér um að ræða gömlu leiðina sem merkt er inn á herforingjaráðskort sem farin var frá Miðfellsbæjum til norðvesturs yfir Laxá.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 26 SA, Herforingjaráðskort 36 SV



Mynd 24: Vegur BO-611:007, horft til suðausturs.

**BO-611:014** heimild um leið A 382500 N 434952

Leið BO-611:014 er merkt á Herforingjaráðskort Dana frá 1910. Leiðin lá til austurs frá Saurbæ, neðan við tún nokkurra bæja og endar í Hvalfjarðarbotni. Farið var yfir Bláskeggsá á brú BO-004:009 um 1,2 km austan við bæjarstæði Litla-Sands BO-004:001 og um 700 m NNA við núverandi þjóðveg í Hvalfirði. Þar er leiðin innan áhrifasvæðis jarðstrengs sem fyrirhugað er að leggja sumarið 2023.

Á þessu svæði er hálfgróinn melur, sunnan við Hvalfjarðarveg (47). Túnstykki eru milli melsins og vegarins.

Hægt er að sjá gamla vegslóðann ofan þjóðvegar norðaustan hvalveiðistöðvar en þar hverfur hann undir núverandi þjóðveg. Ekkert sést því til vegarins vegna vegagerðar innan áhrifasvæðis rafstrengs RARIK 2023. Leiðin var ekki rakin utan þess.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SV

## BO-178 Lundur

**1708**: Kirkjujörð, JÁM IV, 213.
**1847**: Talin 60 hdr. JJ, 114.
**1489:** Lundur var bændakirkja á miðöldum en varð staður 1493 og átti kirkjan auk heimalands og Lundartungu [BO-178b] tvo skógarteiga í Vatnshornshlíð og tilkall til skógar í Háafelli, og laxveiði í Grímsá fyrir Lundalandi (1847: launar varla ómakið). Grundargerði hjáleiga ca. 1660-1702. Lundargrund, þurrabúð 1866-71; Hrafnagil, þurrabúð 1899-1900; Lundarhólmi grasbýli 1865-69; 1880-89; 1895-1921 á 27 ha úr landi Lundar, nú séreign. Lundur II, loðdýrabú á 6 ha úr Lundarlandi frá 1986. Lundartunga var seld Andakílshreppi 1910.
**Túnakort 1918**: 91.494 m2 = 28 2/3 dagsl. 1/4 þýft. Garðar 1773 m2.
**1847**: "Prestsetrinu Lundi telur prestur til gyldis stóran töðuvöll og grasgefinn, er gefi af sér, í mesta lagi 290 töðuhesta; eingi og beitiland gott og mikið að víðáttu, þó af sér gangi af skriðum." JJ, 119-120
"Hálsinn er brattur og lítt gróinn að sunnanverðu og hið efra. Eru þar tjarnir, Hrafnatjarnir, og hin vestri í Lundarlandi að hluta. Hálsinn er aftur öllu grónari að norðan. Hálsrætur eru grónar valllendis- og móagróðri, en undirlendi er ýmist vall- eða mýrlendi. Bærinn stendur undir breiðri bungu allnokkuð frá hálsinum, austarlega í landareigninni. Árið 1981 varð mikið framhlaup úr þessum hjalla, sem braut fjós og drap marga nautgripi." BB II, 270.
**Túnakort 1918**: 91.494 m2 = 28 2/3 dagsl. Garðar 1773 m2.

**BO-178:024** *Húsamelur* tóft beitarhús A 384582 N 452761
"Utan við Húsagil eru Húsadalsbrekkur, niður undan þeim er Húsamelur, og undir þeim mel eru rústir eftir fjárhús; þaðan liggja svo Húseyrar niður að á," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru um 1,2 km VNV við bæ 001, fast sunnan við Lundarreykjadalsveg 512 norðan við Grímsá. Nokkrar tóftir eru á þessum stað, í brekku sem hallar til suðurs niður að Húseyrum. Fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn norðan við veginn og allar tóftirnar eru því utan áhrifasvæðis hans. Helgunarsvæði einnar tóftarinnar er innan áhrifasvæðis jarðstrengsins og hún því mæld upp en hinar ekki.
Svæðið einkennist af fremur bröttum fjallshlíðum Varmalækjarmúla til norðurs. Hlíðarnar eru grónar en víða eru melhólar, rof og deiglendi. Tún eru sunnar, á láglendi við Grímsá. Beitahúsin eru í brekku sem hallar til suðurs frá þjóðveginum og grasivaxin tún eru umhverfis þau til allra átta. Tóftirnar eru á hólum og hefur ekki verið raskað.
Beitarhúsatóftin er 20x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Austurlanghlið gengur 7 m lengra til suðurs, líklega til að auðvelda innrekstur. Vírgirðing liggur þvert yfir miðja tóftina en raskar henni ekki mikið. Tóftin skiptist í tvö hólf, niðurgrafin hlaða er að baki beitarhúsunum en ekki er op á milli þeirra. Bæði hólfin snúa norður-suður. Beitarhúsin eru sunnar og eru 5x1,7 m að innanmáli. Hólfið er opið til suðurs, við austurlanghlið. Hlaðan er norðar og er 2x1,3 m að innanmáli. Ekki sést op þar. Veggir eru algrónir en hér og þar glittir í grjót. Þeir eru 0,5-0,8 m á



Mynd 25: Tóft BO-178:024_01, horft til norðurs.




Mynd 26: Uppmæling af tóft BO-178:024_01.

hæð og hlaðan virðist niðurgrafin um 0,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Lundur, 2

## BO-179 Gullberastaðir

**1708**: 24 hdr. JÁM IV, 212.
**1847**: 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 114.
Jarðarinnar er getið í Landnámabók. ÍF I, 72.
Gullberastöðum fylgdi afréttar- og selland, Gullberastaðatunga, milli Grímsár og Lambár og var hún seld Andakílshreppi 1898. Gullberastaðagrund, hjáleiga byggð skamma hríð í kringum 1660. Þurá, afbýli í Gullberastaðahólma 1733. Hlíðarendi, nýbýli í byggð 1847-74. Jörðin á land sunnan Grímsár, Gullberastaðahólma og Gullberastaðanes. Skarð átti selstöðu í Gullberastaðalandi og hestabeit á sumur gegn móskurði í Skarðslandi. JÁM IV, 203, 212; BB II, 264.
"Vall- og mýrlendi er í brekkurótum, en móar og melar á flatlendi. Gullberastaðahólmi er sundurskorinn af farvegum en valllendiseyrar á milli. Hálsinn er lítt gróinn efra, flatlendur nokkuð og eru þar tvær tjarnir, Hrafntjarnir. Grónari er hann að norðan, en undirlendi ekki mikið." BB II, 264
**Túnakort 1918**: 107.278 m2 = 33 2/3 dagsl. Garðar 1310 m2.




Mynd 27: Myndin sýnir hnitsett túnakort Gullberastaða BO-179 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

**BO-179:005** garðlag túngarður
A 387206 N 451568
"... Nítján álna völlur er upp með grjótgarðinum [...]," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1918 og þar afmarkaði hann svæði sem var um 17 ha og sneri nálega norður-suður. Lítill hluti af vesturhlið garðsins var skráður vegna jarðstrengsframkvæmda 2023. Þar liggur túngarðurinn til norðausturs frá miðlínu úttektarsvæðis. Aðrir hlutar hans voru ekki skoðaðir.
Garðurinn liggur fast austan við skurð innan gróins túns. Til vesturs er óræktað svæði.
Garðurinn er grjóthlaðinn og var mældur upp á um 100 m



Mynd 28: Túngarður BO-179:005, horft til norðausturs.

löngum kafla. Garðurinn snýr norðaustur-suðvestur, er um 0,5 m á hæð og 2 m á breidd. Alls sjást 2 umför af grjóti, blanda af smágrýti og stæðilegu grjóti en gróið er að hluta til yfir hleðslur.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Gullberastaðir, 1; Túnakort 1918

**BO-179:015** *Þórólfsdys* dys legstaður A 387966 N 451292
"[V]estan við [Djúpadalsgil/Merkjagil] er smáholt, sem heitir Þórólfsdys," segir í örnefnaskrá. Þórólfsdys var um 600 m ASA við bæ 001 og 20 m norðan við Lundarreykjadalsveg 512.
Á þessum slóðum er moldarflag og má sjá nokkuð af grjóti á svæðinu. Til norðurs er gróin fjallshlíð og til suðurs óræktað og hálfgróið svæði.
Engin ummerki um dys sjást lengur á þessum slóðum en svæðinu var sennilega raskað þegar Lundarreykjavegar 512 var gerður.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Gullberastaðir, 2

**BO-179:036** heimild áveita A 387412 N 451512
Á túnakorti frá 1918 sést skurður liggja til suðurs frá kálgarði 001_02, á svæði sem kallast Steinrófa, og sveigja síðan til suðvesturs út túnið. Skurðurinn var rúmum 50 m sunnan við bæ 001 og 25 m norðan við Lundarreykjadalsveg 512. Hann lá norðaustur-suðvestur í gegnum úttektarsvæðið en sést ekki lengur.
Í sléttu túni sem hallar lítillega til suðurs. Um 40 m austar er gróinn lækjarfarvegur 037 sem hefur legið frá fjallshlíðinni og til suðurs.
Engin merki um skurð sjást lengur á þessum slóðum. Sennilega var fyllt í hann og sléttað yfir eftir að túnakortið var gert. Þetta hefur sennilega verið framræsluskurður.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-179:037** renna áveita A 387452 N 451517
Á túnakorti frá 1918 sést skurður liggja norður-suður í gegnum mitt heimatúnið. Hann er um 35 m austan við bæ 001 og álíka langt frá rennu 036 sem var nokkuð sunnar í túninu.
Í sléttu túni sem hallar lítillega til suðurs.
Rennan hlykkjast norður-suður í gegnum úttektarsvæðið. Hún var rakin á um 30 m löngum kafla en sést lítið norðar í túninu, við bæinn. Rennan sést vel sunnan við Lundareykjadalsveg 512 en var ekki skoðuð þar. Hún er um 0,3 m á dýpt og 0,5 m á breidd.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

## BO-180 Oddsstaðir

**1708**: 40 hdr. JÁM IV, 211.
**1847**: 40 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 114.
Jarðarinnar er getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 232.
**1686**: Skálholtskirkjujörð frá 1686 er hún var seld stólnum ásamt hjáleigunni Kleppum og skógarplássi í Skorradal, sem kallast Oddsstaðatunga - Jarðabréf, 35 (sbr. AÍ VIII, 160).
Afréttarland jarðarinnar, Oddsstaðatunga, var seld Lundarreykjadalshreppi 1930. Kleppar, 8 hdr hjáleiga í byggð frá um 1660 til 1707. Hjáleigan Sáðmannsgerði var í eyði 1707. Oddsstaðir II nýbýli á hálfum Oddsstöðum, staðfesta 1952 - beitiland er óskipt.
"Undirlendi er ekki mikið og nær allt ræktað, nema hólmar og eyrar með Grímsá. Hálsinn er brattur og er ekki mikið gróinn ofan bæjar, sem stendur í brekkurótum neðarlega í landi jarðarinnar. Er innar dregur, lækkar hálsinn og verður grónari og mörk hans og heiðalandsins ógreinilegri. Þar uppi eru blautir flóar og holt, einnig tvær tjarnir, Reyðartjörn og Kleppatjörn. ... Silungsveiði er einhver í Engjadalsá og laxveiði í Grímsá, sem að mestu er ekki laxgeng fyrir Oddsstaðalandi." BB II, 275
**Túnakort 1918**: 79.594 m2 = 25 dagsl. 1/3 þýft. + Húsatún 10.993 m2 = 3 dagsl. Garðar 1008 m2.




Mynd 29: Myndin sýnir hnitsett túnakort Pddsstaða BO-180 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

**BO-180:025** *Vörðuhóll* heimild óþekkt A 388211 N 451153
"Á þessum sandhól [Vörðuhóll] er varða," segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll er rúmum 290 m VNV við bæ 001 og 20 m norðaustan við Lundarreykjadalsveg 512. Hóllinn er allur innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.
Vörðuhóll er mjög gróinn hóll. Fast norðan við hann er skógræktarsvæði sem er afmarkað með vírgirðingu. ASA og VSV við hóllinn er deiglendi og smáþýft svæði.
Ekki sér lengur til vörðu á hólnum. Mögulega var grjót úr henni sett í skógræktargirðinguna sem er rétt norðan við hólinn.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Oddsstaðir, 5

**BO-180:030** heimild um leið A 388374 N 451078
Leið lá að bæ 001 að vestan og er merkt inn á túnakort frá 1918. Ekki virðist vera um eiginlegar traðir að ræða heldur götu. Núverandi malarvegur að bænum liggur ANA-VSV þar sem leiðin endaði.
Þar sem leiðin lá er nú sléttuð tún.
Engin merki um leiðina sjást lengur á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

## BO-181 Brautartunga

**1708**: 12 hdr. JÁM IV, 210.
**1847**: 10 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 114.
Tunga í Sturlungu, Brauðatunga á 15. öld en Brautartunga síðan. Viðeyjarklaustursjörð 1549, síðar Skálholtsstólsjörð. Nýbýlið Brautartunga II stofnað 1946 en býlin hafa verið sameinuð aftur. Ungmennafélagið Dagrenning á 3 ha land og hitaréttindi hjá bænum og er þar sundlaug og félagsheimili. "Landið er fremur ófrjótt. Neðst eru eyrar, sem Tunguá flæmdist um og eyddi, uns henni var markaður bás að mestu og eyrrnar fóru að gróa upp, en ofar lítt gróin holt og melar með mýrarsundum á milli ... er dálítil laxveiði í Tunguá og Grímsá." BB II, 259
**Túnakort 1918**: 36.296 m2 = 11 1/3 dagsl. 1/2 þýft. Garðar 1199 m2.

**BO-181:013** varða óþekkt A 388640 N 449531



Mynd 30: Varða BO-181:013, horft til norðvesturs.

Lítil varða er um 370 m austan við Brautatungu sundlaug (b. 1945) og um 400 m norðan við Uxahryggjaveg 52. Hún er 12 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Varðan er á mjög grýttu holti en gróður þéttist nokkuð því fjær sem farið er frá vörðunni.
Varðan er 0,5 m í þvermál. Hún er hlaðin úr 6 smáum steinum og er 0,2 m á hæð. Nokkuð af grjóti er umhverfis vörðuna sem gætu hafa tilheyrt henni áður. Óvíst er með hlutverk hennar, mögulega aðeins hlaðin til dægrastyttingar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## BO-182 Tungufell

**1708**:16 hdr. JÁM IV, 209.
**1847**: 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 114.
Jarðarinnar er getið í Landnámu. ÍF I, 72, 88-89.
"Múlinn er allhár og brattur og ekki mikið gróinn. Undirlendið er lítið norðan hans, en að sunnan eru flatir flóar og síðan stuttar og brattar valllendisbrekkur, en úr því holt og mýrarsund suður að Tunguá. Vestan til í landareigninni eru gróðurlítil holt og mýrarsund á milli. .... Laxveiði er í Tunguá, en engin í Grímsá, sem hér er ólaxgeng." segir í örnefnaskrá.
**Túnakort 1918**: 28.245 m2 = 8 2/3 dagsl. 4/5 þýft. Garðar 672 m2.




Mynd 31: Myndin sýnir hnitsett túnakort Tungufells BO-182 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

**BO-182:001** *Tungufell* bæjarstæði bústaður A 390677 N 448808
Gamli bærinn í Tungufelli, sem stóð fram til 1950 er núverandi íbúðarhús var byggt, stóð 30-40 m sunnan við íbúðarhúsið og aðeins ofar í brekkunni. Syðsti hluti áætlað bæjarhóls er 5 m norðan við

miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.
Allbrött brekka í halla mót SSV. Íbúðarhúsið stendur á sléttum stalli sem hefur verið grafinn inn í brekkuna. Neðan við bæjarhólinn, við núverandi bæjarstæði, hefur verið nokkurt rask. Þar er nú manngerð tjörn sem hlaðið hefur verið umhverfis og lítill lækur sem rennur í hana. Gamla bæjarstæðið er annars þýft og þar er nær engin hólmyndun sjáanleg. Græðlingum hefur verið stungið niður í bæjarhólinn en þeir virðast þó dauðir. Skjólbelti liggur austur-vestur upp brekkuna, fast suðaustan við bæjarhólinn og e.t.v. yfir hluta þess. Ljóst virðist að bænum hafi verið rutt alveg út og sléttað úr að hluta.



Mynd 32: Bæjarhóll BO-182:001, horft til NNA.

Ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða en áætluð stærð hans er um 30 X 50 m. Ofan við bæjarstæðið, þar sem brekkan verður brattari, er nokkuð áberandi hóll þar sem hugsanlega gætu leynst mannvistarleifar, gætu þar hafa staðið úthús (sjá 002 og 003).
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-182:014** *Grafarsund* heimild um mógrafir A 448880 N 389981
Grafarsund er utan við Brekkurhorn. "Þar hefur verið tekin mór fyrir ævalöngu síðan. Þetta sund nær að merkjum móti Brautartungu." segir í örnefnaskrá. Grafarsund var 650-700 m suðvestan við bæ 001 og 20 m austan við núverandi heimreið að Tungufelli. Grafarsund var skráð fyrst árið 2003 í tengslum við fyrirhugaða skógrækt á jörðinni. Staðurinn var aftur heimsóttur 2023 vegna deiliskipulags við jarðstrengsframkvæmdir í Lundarreykjadal og þá hnitsettur nákvæmar. Grafarsund er um 14 m utan við áhrifasvæði jarðstrengsframkvæmda 2023 en helgunarsvæði minjastaðarins (15 m ) nær innan þess og því var staðurinn skráður.
Rennislétt tún, umkringd skurðum, eru þar sem grafirnar voru áður.
Samkvæmt Vilhjálmi Hjörleifssyni, heimildamanni, var ýtt ofan í grafirnar eftir 1970 og þær sjást ekki á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Tungufell, 3; Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2003, 13

**BO-182:024_01** tóft óþekkt A 391146 N 448162
Lítil tóft 024_01 og varða 024_02 eru í skógræktarreit suðvestan undir Fremraleiti, um 780 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m norðaustan og ofan við vegslóða BO-671:012 sem liggur norðvestur-suðaustur meðfram rótum fjallshlíðarinnar. Báðar fornleifarnar eru 3 m utan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en hafðar með vegna nálægðar.
Grýtt fjallshlíðin er grasigróin á þessu svæði og hallar til suðvesturs. Búið er að gróðursetja barrtré í veggi



Mynd 33: Tóft og varða BO-182:024, horft til suðausturs.





Mynd 34: Uppmæling af minjum BO-182:024.

tóftarinnar og umhverfis hana.
Tóft 024_01 er einföld, um 5,5 x 5 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru um 1-1,5 m á breidd og <0,3 m á hæð að utanmáli. Lítill klettur er nýttur sem hluti af suðurvegg. Tóftin virðist grafin niður í hlíðina þar sem innanmál er um 0,5 m djúpt. Veggir hafa fallið saman ofan í tóftina. Hugsanlega gæti hafa verið hér smalabyrgi eða skotbyrgi.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-182:024_02** varða óþekkt A 391145 N 448161
Varða 024_02 hefur verið hlaðin ofan á suðurvegg tóftar 024_01. Varðan er grjóthlaðin, um 1 m á hæð og 0,5x0,5 m að grunnfleti. Fimm umför má greina í hleðslu en hún er illa hlaðin. Hlutverk hennar er óþekkt en hugsanlega hefur hún verið hlaðin til að merkja tóftina svo hún fyndist auðveldlega.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**BO-182:025** heimild um kálgarð A 390656 N 448799
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðvestan við bæ 001. Garðurinn var um 25x24 m að flatarmáli og sneri norðaustur-suðvestur. Garðurinn er nú (2023) hluti af suðaustanverðum garði núverandi íbúðarhúss. Áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs fer í gegnum áætlaða staðsetningu kálgarðsins. Þétt gróðursettur skógarreitur í aflíðandi halla til suðvesturs.
Engin ummerki kálgarðs sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

## BO-188 Iðunnarstaðir

**1708**: 16 hdr. JÁM IV, 205.
**1847:** 16 hdr., kirkjueign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.
Fyrst getið 1575 og er þá bændaeign. Eign Saurbæjarkirkju á Hvalfjarðarströnd frá 1772, nú ríkisjörð. “Undirlendi er hér fremur ófrjótt, mikið um holt og mela en móaland á milli. Með Tunguá, fram frá bænum, er löng bunga, er Beður nefnist. Milli hennar og hálsins er flói, sem er samfelldasta gróðurlendið undir hálsinum. En hálsinn er mjög grösugur hið efra og gott beitiland ... Laxveiði getur verið sæmileg




Mynd 35: Myndin sýnir hnitsett túnakort Iðunnarstaða BO-188 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

í Tunguá." BB II, 266
**Túnakort 1918**: 35.197 m2 = 11 dagsl. 7/8 þýft. Garðar 536 m2.

**BO-188:001_01** *Iðunnarstaðir* bæjarhóll bústaður A 391998 N 446161

Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, í miðju heimatúni. Ekki er vitað hvort að síðasta íbúðarhúsið á bænum var á bæjarhólnum en það verður að teljast líklegt. Hvar gamli bærinn stóð er heldur ekki vitað með vissu en líklega var það fast austan við íbúðarhúsið sé horft til túnakortsins. Stafnar bæjarins sneru til norðvesturs og víðsýnt er þaðan. Íbúðarhúsið á bænum var rifið eftir 2021 og hótel byggt í suðurhluta heimatúnsins. Bærinn er uppi í brekku og að neðan (norðan) er flatlendi að Grímsá. Fyrirhugað er að tengja jarðstrenginn í rafmagnskassa norðaustarlega á bæjarhólnum og plægja jarðstrenginn í gegnum hólinn. Kálgarður 001_02 var norðan við bæinn og fer áhrifasvæði jarðstrengsins þvert í gegnum áætlaða staðsetningu hans.


Mynd 36: Bæjarhóll BO-188:001_01, horft til suðausturs.

Umhverfis bæinn er þýft, grasivaxið tún. Ekki er ljóst hvort það hefur verið sléttað en útihúsatóftir sjást enn austarlega í því.
Síðasta íbúðarhúsið var að öllum líkindum norðvestarlega á bæjarhólnum. Til austurs eru nokkur tré og rafmagnskassi. Þar sem íbúðarhúsið var er nú slétt malarplan og fjórar rotþrær. Engin uppsöfnun mannvistarlaga sést á yfirborði en líklega eru enn einhverjar mannvistarleifar undir sverði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-188:001_02** heimild um kálgarð A 392013 N 446174
Á túnakorti sést kálgarður sunnan við bæ 001_01. Þar er nú stórþýft tún og raflína endar í rafmagnskassa. Túnið lækkar til norðurs, niður brekkubrún. Jarðstrengurinn verður plægður þvert í gegnum áætlaða staðsetningu kálgarðsins en engin ummerki hans sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-188:012** heimild um áveitu A 391983 N 446188
Á túnakorti frá 1918 sést renna liggja beint í gegnum heimatúnið (norður-suður), rétt vestan við bæ 001. Mikið jarðrask er þar sem rennan lá vegna ýmiss konar framkvæmda, bæði nýrra og gamalla.
Þar sem rennan lá er malarvegur að bænum og áfram til suðurs að Basalt hóteli.
Engin ummerki rennunnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

## BO-189 Hóll

**1708**: 30 hdr. JÁM IV, 204
**1847:** 20 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.
Fyrst getið 1518 er jörðin var gefin Viðeyjarklaustri í próventu. Afhent Skálholtsstól 1563 en seld 1791. "1804 segir hér frá eyðihjáleigum, Búrfelli og Almenningi, sem sé hafðar til beitar." JJ, 115. - Báðar í eyði um langan tíma 1708. Byggð í Almenningi var endurreist um skamma hríð um 1860. JÁM getur einnig um Butralda [sjá Iðunnarstaði]. Hólskot tómthús 1871-88. Melgerði, smábýli á 1 ha frá 1976. "Hálsinn má telja vel gróinn, en undirlendi , sem víðast er ekki breitt, er gróið, valllendi, mýrar og móar með holtum á milli. Laxveiði er í Tunguá." BB II, 265

**Túnakort 1918**: 60.281 m2 = tæpl. 19 dagsl. 1/2 þýft. Garðar 642 m2.

**BO-189:014** *Grænatóft* heimild beitarhús A 387614 N 450255
"Neðan við melana, þar sem þær koma saman Tunguá og Grímsá, heitir Hólsnes, og í því er rústarbrot, sem heitir Grænatóft," segir í örnefnalýsingu. Grænatóft var um 800 m NNA við bæ 001 og 620 m norðaustan við Vörðubrotsholt 013. Að sögn Ólafs Jóhannessonar, heimildamanns, var Grænatóft sléttuð út þegar stakstætt tún var gert nærri Tunguá. Hún var norðvestarlega fyrir miðju túnsins að hans sögn. Miðað við staðsetningu voru þetta líklega beitarhús.
Slétt, ræktað tún.
Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hóll, 2

**BO-189:015** *Byrgishóll* heimild um huldufólksbústað A 387286 N 449597
"Klapparhóllinn, sem bærinn stendur á, heitir Byrgishóll. Í honum búa álfar," segir í örnefnalýsingu. Byrgishóll er á milli Vesturkinnar og Austurkinnar, um 70 m norðaustan við bæ 001 og 15 m sunnan við núverandi heimreið sem liggur að bænum. Byrgishóll er um 10 m utan við áhrifasvæðis jarðstrengs 2023 en helgunarsvæði hans (15 m) nær inn á áhrifasvæðið og af þeim sökum var hann skráður.
Í sléttu túni sem hallar lítillega til norðvesturs. Norðan við heimreiðina er skógræktarreitur.
Byrgishóll er um 30 x 10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Suðurhlutinn er mjög gróinn enn til norðurs sést í berar klappir sem eru um 1-1,5 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hóll, 2

**BO-189:016** *Smiðjuhóll* öskuhaugur smiðja A 387219 N 449596
Uppi á Byrgishól [015] heima við bæ [001], er Smiðjuhóll, sem er lítill, kringlóttur hóll. Í örnefnaskrá AV segir enn fremur: "Smiðjuhóll er nú horfinn." Smiðjuhóll er um 70 m norðaustan við bæ 001 og 20 m sunnan við núverandi heimreið að bænum. Að sögn Ólafs Jóhannessonar, heimildamanns, var Smiðjuhóll öskuhagur að öllum líkindum. Smiðjuhóll er um 15 m vestan við úttektarsvæðið.
Á þessum stað er sléttað og smáhæðótt tún. Til suðvesturs er bakgarður núverandi íbúðarhúss (b. 1941). Smiðjuhóll var þar sem nú (2023) er rafmagnslína. Engin ummerki um smiðjuhól sjást lengur enda er hann horfinn eins og segir í örnefnakrá.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Hóll, 2

## BO-190 Snartarstaðir

**1708**: 16 hdr. JÁM IV, 203-204
**1847**: 12 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.
Fyrst getið 1524 við jarðakaup en Viðeyjarklaustur eignaðist hana skömmu síðar, en hún var síðan færð undir Skálholtsstól 1563. Seld 1791.


Mynd 37: Þúst BO-190:004, horft til suðausturs.

"Suðurhálsinn gerist allbrattur og klettóttur fyrir ofan Snartarstaðabæ, en framar er hann ávalari og allvel gróinn. Fyrir framan bæinn er landið bungumyndað og gróið holta-, móa- og mýrargróðri. Við bæinn er landið flatara með valllendi, mýrum og melum." BB II, 281
**Túnakort 1918**: 45.000 m2 = 14 dagsl. 2/5 þýft. Garðar 706 m2.

**BO-190:004** þúst útihús
A 384900 N 451165
Á túnakorti Snartarstaða frá 1918 er útihús sýnt um 100 m norðvestan við bæ 001. Það er horfið en þúst ber staðsetningu þess vitni. Þústin er um 5 m utan við áhrifasvæði jarðstrengs

en helgunarsvæði hennar nær hins vegar þangað.
Á þessu svæði er sléttað tún.
Í túni má greina óljósa þúst og í henni er greinileg grjótdreif undir sverði. Þústin er um 40m á lengd, um 25 m á breidd, um 0,2-0,5 m á hæð og snýr VNV-ASA. Líklegt er að grjóti í veggjum hafi verið ýtt út en ekki er útilokað að óhreyfðar hleðslur finnist undir sverði. Samkvæmt heimildamanni, Helga Björnssyni (f. 1955), var útihúsið aldrei nýtt í hans minni svo líklega hefur það verið dottið úr notkun eitthvað fyrir miðja 20. öld.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918




Mynd 38: Myndin sýnir hnitsett túnakort Snartarstaða BO-190 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

**BO-190:007** kuml legstaður A 385231 N 451192
"Árið 1938 fundu veggerðarmenn fornt kuml hjá Snartarstöðum ... Vitneskja er ekki fullnægjandi. Umhverfið er melabungur og móabörð, sundurgrafin af lækjum. Hafa melar þessir áður verið huldir jarðvegi, sem nú er að mestu af blásinn. Þegar fornleifarnar fundust, var ofurlítið moldarlag ofan á melunum, og lágu þær í því. Nokkurt smáhnullungagrjót var uppi á melunum, en þó ekki svo mikið, að rétt væri talið að setja það í samband við kumlið. Leifar fundust af mannsbeinum og hrossbeinum, en um legu þeirra eða afstöðu sín í milli var allt óljóst, og eru líkur til, að kumlinu hafi áður verið raskað af völdum manna eða náttúru. Haugfé: 12493. Spjót falbrotið, verður að teljast til K-gerðar; 12494. Gjarðarhringja óvönduð, af venjulegri gerð." segir í bókinni Kuml og haugfé. "Snartarstaðamelar eru sléttir melar neðan við túnið, þar aðeins austar er ávalur melhóll, þar fannst spjóts- eða sverðsoddur, þegar ofaníburður var tekinn." Nákvæm staðsetning kumlfundar 007 á Snartarstaðamelum er óljós. Hnit var tekið um 280 m norðaustan við bæ 001 þar sem Helgi Björnsson, heimildamaður, telur líklegast að kumlið hafi fundist. Það svæði er utan áhrifasvæðis en sökum þess hversu óljós staðsetning kumlsins er það haft með.
Sléttuð tún og þjóðvegur.
Ekkert sést til fornleifa og ólíklegt að fleiri kuml finnist á svæðinu. Búið er að keyra út efni og slétta út melana á þessu svæði vegna vegagerðar.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Snartarstaðir, 2; KEKH, 78-79

**BO-190:024** þúst óþekkt A 384987 N 451153



Mynd 39: Þúst BO-190:024, horft til SSV.

Óljóst þúst er um 50 m norðan við bæ 001 og um 70 m austan við útihús 004. Engin hús eru skráð á túnakorti Snartarstaða á þessu svæði. Þústin er fast sunnan við miðlínu úttektarsvæðisins.
Á þessu svæði er sléttað tún og milli útihúss og túns er gamall lækjarfarvegur 025 sem grafinn hefur verið niður og tengdur haughúsi.
Þústin er um 20 m x 12 m á stærð, um 0,2-0,5 m á hæð og liggur NNA-SSV. Hugsanlega gætu verið leifar húsarústa undir sverði en einnig er þó hugsanlegt að um náttúrulegan rana sé að ræða. Óljóst er hversu mikið umbrölt hefur verið við byggingu nýrra útihúsa á þessu svæði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-190:025** renna áveita A 385002 N 451144
Á túnakorti frá 1918 sést renna liggja í gegnum miðju heimatúnsins. Hún liggur vestan við Snartastaðamela, til suðausturs að bæ 001, vestan við bæinn sveigir rennan til suðurs og liggur út túnið. Rennan er innan áhrifasvæðis jarðstrengs austan við þúst 024. Rennan var eingöngu skoðuð innan áhrifasvæðis jarðstrengsins.
Á þessu svæði er sléttað tún og vegur að bænum.
Rennan er horfin að mestu en sést enn sunnan við bæinn en þar er hún utan við áhrifasvæðið. Innan áhrifasvæðisins sést lækjarfarvegurinn enn, hann er niðurgrafinn og tengdur haughúsi við núverandi fjós.
**Heimildir:** Túnakort 1918
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## BO-191 Skarð

**1708**: 24 hdr. JÁM IV, 202-203.
**1847:** 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.
Getið í Sturlungu. Sturlunga saga I, 235




Mynd 40: Myndin sýnir hnitsett túnakort Skarðs BO-191 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

Skarðskot, hjáleiga í eyði fyrir 1680. Skarð átti selstöðu í Gullberastaðalandi og hestabeit á sumur gegn móskurði í Skarðslandi - JÁM IV, 203.
Skarð II nýbýli 1955, beitiland óskipt.
"Hálsinn fyrir ofan Skarð er víðast mjög brattur og klettóttur, er utar dregur með djúpum klettagiljum, en gróinn neðan til. Tveir dalslakkar eru í hálsinum fyrir ofan Skarðsbæi, Tötradalur (innar) og Skarðsdalur, báðir grónir. Er hæg gönguleið til Skorradals um Skarðsdal. Með hálsinum eru valllendisgrundir, en neðar var blautur flói, sem hefur verið ræstur fram, en þurrir bakkar og nes með Grímsá, sem hér rennur í stórum bugðum. Laxveiði er góð í Grímsá." BB II 279
"Utast í [túninu] heita Grundir; það er hjá fjárhúsunum, og þar, á þeim Grundum, er nýja íbúðarhúsið byggt. Þar austar heitir Ærhústún, og suður af því er smáblettur, sem heitir Aukatún. Austur af því er smáhóll, sem heitir Sauðhúshóll. Upp af þeim hól, til suðurs, er lítil flöt, Hesthúsflöt, og beint suður af gamla bænum er Kúaflöt, og hóllinn hét Bæjarhóll. Austur af honum er Heygarðshóll og austan við hann smáblettur, sem hafði nafn af lögun sinni og hét Alnbogi. Þá í röð austur túnið Kofahóll, Votatunga og Lambhústún [004] austast. Balarnir suður af gamla bænum heita Dúkar. Grýtt stykki upp af gamla bænum var nefnt Upptún og sléttur halli þar austur með Flatir." Ö-Skarð, 3
**Túnakort 1918**: 78.406 m2 = 24 3/5 dagsl. Garðar 721 m2.

**BO-191:001_01** *Skarð* bæjarhóll bústaður A 383643 N 451847
„Skarð II er byggt [árið 1955] á Bæjarhólnum, á þeim stað, sem gamli bærinn var á Skarði." segir í örnefnalýsingu. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, norðvestarlega innan heimatúnsins. Á túnakortinu sést að heimatúnið skiptist í tvö stakstæð tún og var bærinn fluttur í nyrðra túnið árið 1947, nærri útihúsi 009. Íbúðarhúsið frá 1955 er nánast ónýtt og er á miðjum bæjarhólnum, líklega með kjallara. Fyrirhugað er að leggja jarðstrenginn norðan við bæjarhólinn, neðan við brúnina sem bærinn er á. Líklega verður farið skammt norðan við kálgarð 001_02 en báðar þessar minjar eru hafðar með vegna nálægðar, helgunarsvæði þeirra nær inn fyrir áhrifasvæðið.



Mynd 41: Bæjarhóll BO-191:001_01, horft til suðurs.

Gróin, framræst tún eru til norðurs frá bænum. Til suðurs er túnið uppi á brekkubrún og er bærinn þar.
Bæjarhóll 001_01 er 40 x 29 m að stærð og snýr nánast norður-suður. Bæjarhóllinn er uppi á brekkubrún og bratt er niður til norðurs. Erfitt er að greina náttúrulega uppsöfnun frá mannvistarlögum þar. Til annarra átta sést hóllinn vel en hann er best varðveittur til suðurs og vesturs, þar er hann 1,5-3 m á hæð en hliðarnar eru brattar. Hann er nánast hringlaga en hluti hólsins gengur lengra til suðausturs en aðrar hliðar. Eldri bærinn var líklega austarlega á hólnum þegar túnakortið var gert en seinna íbúðarhúsið er skammt vestar á hólnum. Nokkuð rask er á hólnum vegna bygginga en án efa er mikil mannvist hér enn undir sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AV, 2; Túnakort 1918

**BO-191:001_02** heimild um kálgarð A 383640 N 451867
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður 001_02 í brekkunni fyrir norðan bæ 001_01. Hann er horfin, þar er nú grasigróin og fremur brött brekka sem hallar til norðurs að framræstri mýri. Kálgarðurinn var um 11 m sunnan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-191:002** *Heygarðshóll* heimild um útihús A 383654 N 451832
„Austur af honum [001] var Heygarðshóll," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 sést útihús með áföstum heygarði, fast suðaustan við bæ 001, uppi á sömu brún. Útihúsið var um 6 m sunnan við áhrifasvæði jarðstrengs, uppi á brekkubrún en helgunarsvæði tóftarinnar nær inn á svæðið. Húsið var norðar og heygarðurinn sunnar miðað við túnakortið.
Gróið, flatt svæði.
Engin ummerki þessara mannvirkja sjást á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AG, 2; Túnakort 1918

**BO-191:003** heimild um útihús A 383670 N 451842
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 20 m austan við bæ 001, á brún brekkunnar sem bærinn er á. Tóftin er horfin er áætluð staðsetning hennar er sunnan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs og helgunarsvæði hennar er þar innan.
Gróið, þýft tún.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-191:004** *Lambhústún* þúst lambhús A 383864 N 451704



Mynd 42: Þúst BO-191:004, horft til suðvesturs.

„Þá í röð austur túnið Kofahóll [023], Votatunga og Lambhústún austast,» segir í örnefnaskrá. Útihús var um 260 m suðaustan við bæ 001, í jaðri heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1918. Það var tæpum 20 m norðvestan við kvíar 015 en þær eru rétt utan túnsins. Sé tekið mið af örnefnum var þetta lambhús. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs fer beint í gegnum þústina sem ber lambhúsinu vitni.
Grasivaxið framræst tún. Skurður er norðan við þústina og nokkuð deiglent er þar enn.
Þústin er 16x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er algróin og um 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sér móta fyrir mannvirkjum á yfirborði og sléttað hefur verið yfir hana á einhverjum tímapunkti.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AG, 2; Túnakort 1918

**BO-191:005** *Sauðhúshóll* þúst fjárhús A 383554 A 451974
„Austur af því er smáhóll, sem heitir Sauðhúshól," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt um 160 m norðvestan við bæ 001, í litlu og stakstæðu túni. Þetta tún er á milli tveggja annarra túna sem sýnd eru túnakortinu. Hér er um Sauðhúshól að ræða en á honum var ennfremur útihús 006. Hóllinn sést enn og áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs fer norðan við hólinn, norðan við skurð sem þarna er. Ennþá mótar fyrir mannvirkjum á loftmynd á Sauðhúshól, um 10 m suðvestan við áhrifasvæðið. Þau voru ekki mæld upp, skrásetjari taldi þau utan svæðis meðan á vettvangsvinnu stóð.



Mynd 43: Sauðhúshóll BO-191:005 og 006, horft til vesturs.

Slétt, grasivaxið tún. Djúpir framræsluskurðir eru til allra átta nema suðvesturs frá hólnum.
Enn mótar fyrir mannvirkjum á Sauðhúshóli en sléttað hefur verið yfir hann. Mannvirkin eru lágreist og illgreinileg. Hóllinn er hins vegar um 2-3 m á hæð og 50x30 m að stærð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AG, 2; Túnakort 1918

**BO-191:006** heimild um útihús A 383546 N 451988
„Austur af því er smáhóll, sem heitir Sauðhúshól," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt um 170 m norðvestan við bæ 001, í litlu og stakstæðu túni. Þetta tún er á milli tveggja annarra túna sem sýnd eru túnakortinu. Hér er um Sauðhúshól að ræða en á honum var ennfremur fjárhús 005. Hóllinn sést enn og áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs fer norðan við hólinn, norðan við skurð sem þarna er. Ennþá mótar fyrir mannvirkjum á loftmynd á Sauðhúshól, um 10 m suðvestan við áhrifasvæðið. Þau voru ekki mæld upp, skrásetjari taldi þau utan svæðis meðan á vettvangsvinnu stóð.
Slétt, grasivaxið tún.

Enn má sjá móta fyrir mannvirkjum á Sauðhúshóli en sléttað hefur verið yfir hann. Mannvirkin eru lágreist og illgreinileg. Hóllinn er hins vegar um 2-3 m á hæð og 50x30 m að stærð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AG, 2; Túnakort 1918

**BO-191:009** tóft útihús A 383310 N 452154
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús innan nyrðra heimatúnsins á svæði sem kallast Grundir. Tóft þess sést enn um 440 m norðvestan við bæ 001 og um 8 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Skarði. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs fer 2 m sunnan við tóftina.
Á þessu svæði er sléttað tún fast suðvestan við bakgarð og limgerði suðvestan íbúðarhússins. Aflíðandi halli er á túni til norðausturs.
Tóftin er sléttuð, þó enn greinanleg þar sem veggir standa 0,2-0,3 m uppúr í túninu. Tóftin er um 15x12 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Veggir eru um 2,5-3 m breiðir. Hugsanlega hefur tóftin verið tvískipt. Eitt hólf er mjög greinilegt, það er um 5,5x3,5 m að innanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Ekkert greinilegt op er á hólfinu. Hægt er að greina veggi norðaustan hólfsins sem snúa norðaustur-suðvestur. Þar gæti hafa verið annað hólf. Það gæti hafa verið um 7,5x3,5 m að innanmáli og snúið norðaustur-suðvestur en það er mjög óljóst. Hólfið hefur hugsanlega verið opið til norðausturs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918



Mynd 44: Tóft BO-191:009, horft til norðausturs.




Mynd 45: Uppmæling af tóft BO-191:009.

**BO-191:015** *Kvíabali* tóft kvíar A 383885 N 451681
„Kvíabali er fyrir austan túnið á Skarði II, innan girðingar." segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru tæpum 300 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 30 m suðaustan við lambhús 004. Tóftin er fast vestan við heimatúnið og vírgirðing er 2 m austan við tóftina en raskar henni ekki. Tóftin er 5 m suðvestan við miðlínu áhrifasvæðis fyrirhugað jarðstrengs.
Tóftin er á mörkum mýra og holts. Til norðurs er framræst mýri og deiglendi en til suðurs er brekka og



Mynd 46: Tóft BO-191:015, horft til suðurs.




Mynd 47: Uppmæling af tóft BO-191:015

svokallaður Lambhúsmelur.
Tóftin er 7,6 x 6,7 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er fremur ógreinileg en sést þó þegar að henni er komið. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og grasivaxnir. Það glittir þó í grjót hér og þar. Tóftin er opin til beggja enda og henni hefur verið raskað, líklega er búið að slétta yfir hana eða nýta grjótið annars staðar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð, AV 1

**BO-191:018** heimild um traðir A 383667 N 451858
Traðir lágu til norðurs frá bæ 001 og eru sýndar á túnakorti frá 1918. Traðirnar voru um 10 m suðaustar en núverandi vegur að íbúðarhúsinu. Þær eru horfnar í slétt tún. Áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs liggur þvert yfir áætlaða staðsetningu syðsta hluta traðanna, þar sem þær komu að bænum árið 1918.
Þar sem traðirnar voru er gróið, framræst tún.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-191:021** heimild um leið A 383642 N 451890
Á túnakorti frá 1918 sést vegur 021 liggja til norðurs frá bæ 001 og leið 010, í átt að Grímsá. Líklega er um veg sem notaður var innan jarðarinnar að ræða fremur en alfaraleið. Áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs liggur þvert yfir suðurhluta vegarins, neðan við bæjarhól 001.
Gróið framræst tún.
Engin ummerki vegarins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-191:022_01** *Ytri-Grund* tóft býli A 383153 N 452414



Mynd 48: Ytri-Grund BO-191:022. Fleiri minjar tilheyra býlinu en voru ekki mældar upp.

Umfangsmikil tóftaþyrping er á Ytri-Grund, um 650 m norðvestan við bæ 001 og um 140 m norðvestan við núverandi íbúðarhús að Skarði. Þyrpingin samanstendur af a.m.k. 8-10 torf- og grjóthlöðnum mannvirkjum á svæði sem er um 200x150 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrst á svæðinu eru tóftir 022_01-06, gerði 03 og garðlag 04. Að minnsta kosti tvær tóftir eru á svæðinu til viðbótar, en þær voru ekki skráðar í maí 2023. Frekari skráningar er þörf á þessu svæði. Tóft 022_01 er 1 m sunnan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en hinar eru í um 15 m fjarlægð.
Grundin er sléttað tún á láglendi fram af Réttargili, fast suðvestan við þjóðveg. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða Skarðsgrund/Réttargrund 012 sem nefnd er í örnefnaskrá.
Tóft 022_01 er nyrst á Ytri-Grund. Tóftin er þrískipt, um 20 m á lengd, um 16 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfin þrjú sem eru greinanleg eru nokkuð bjöguð og tóftin er sigin og úttroðin, líklega vegna beitar. Veggir eru um 2-3 m á breidd og um 0,5-1,2 m á hæð. Engar uppistandandi grjóthleðslur eru greinanlegar en tóftin var án efa hlaðin úr torfi og grjóti. Hólf A er um 3x2 m að innanmáli og snýr gróflega norðaustur-suðvestur. Hólf B er um 2 m til norðausturs frá hólfi A, er um 3,5x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf C er um 2 m norðvestan við hólf B, er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr eins og C, norðvestur-suðaustur. Engin greinileg ummerki eru um hvar gengið hefur verið inn í tóftina. Hlutverk hennar er óljóst en líklegt er að hér hafi verið útihús.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-191:022_02** tóft útihús A 383154 N 452402

Tóft 022_02 er um 1 m sunnan við tóft 022_01 og er hún áföst túngarði 022_04 að norðanverðu. Tóftin er um 6 m á lengd, um 5,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Tóftin virðist niðurgrafin og er hún um 0,2-0,5 m á dýpt. Veggir tóftar eru óljósir, um 1,5 m á breidd en aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Mynd 49: Tóft BO-191:022_01, horft til ANA.



Mynd 50: Tóft BO-191:002_02, horft til suðurs.

**BO-191:022_03** kantur kvíar A 383139 N 452402

Gerði 022_03 fast vestan við tóft 022_02 og byggt við norðurhlið við túngarðs 022_04. Líklega er um kvíar að ræða. Gengið er inn í gerðið að austanverðu á milli tófta 022_01 og 022_02 sem báðar mynda austurhlið gerðisins. Gerðið er niðurgrafið og bogalaga, um 20 m á lengd og um 4,5 m á breidd að innanmáli og snýr það gróflega austur-vestur. Að norðan og vestan er gerðið afmarkað af náttúrulegum bakka sem er um 0,5 m á hæð. Að sunnanverðu er gerðið afmarkað af túngarði 04 sem er um 0,5 m á hæð og um 3 m á breidd.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-191:022_04** garðlag túngarður A 383170 N 452390

Túngarður 022_04 afmarkar að hluta norðurenda túnsins á Ytri-Grundum. Hann var ekki skoðaður annars staðar. Út frá tóft 022_02 liggur túngarður í boga til suðvesturs og suðausturs. Suðaustan tóftar 022_01 er mikið þýfi utan túngarðs að norðanverðu, á meðan sléttað tún er suðvestan hans. Túngarðurinn endar í tóft 022_05 í suðaustri, og við austurhorn tóftar 022_06 innan sléttaðs túns í suðvestri. Túngarðurinn er siginn, um 2,5-3,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Frá tóft 05 yfir að tóft 06 er túngarðurinn í heildina



Mynd 51: Kantur BO-191:022_03, horft til VSV.



Mynd 52: Túngarður BO-191:022_04, horft til norðausturs.

um 80 m á lengd. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar og hefur hann líklega að mestu verið hlaðinn úr torfi.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**BO-191:023** *Kofahóll* þúst útihús A 383777 N 451748
„Þá í röð austur túnið Kofahóll, Votatunga og Lambhústún [004] austast,» segir í örnefnaskrá. Kofahóll er um 170 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 100 m norðvestan við lambhús 004. Hóllinn er 5 m suðvestan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs en helgunarsvæði tóftar er innan þess. Á túnakorti frá 1918 er ekki sýnt útihús á hólnum en án efa er mannvist hér undir sverði.



Mynd 53: Þúst BO-191:023, horft til suðvesturs.

Gróið, framræst tún er til norðurs og norðvesturs. Hóllinn er uppi á brekkubrún, þeirri sömu og bærinn.
Kofahóll er 14x12 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hluti hólsins sígur til norðurs, niður brekku. Hóllinn er sléttur að ofan og búið að ryðja öllum mannvirkjum sem þarna hafa verið um koll. Þó má enn sjá óljós hólf á hólnum. Hann er 0,2-0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Skarð AG, 2

## BO-192 Kistufell

**1708**: 16 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 201-202.
**1847**: 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115
**Túnakort 1918**: 27.975 m2 = 8 2/3 dagsl. Garðar 248 m2.
“gengur hálsinn lítilsháttar fram á kafla rétt fyrir austan bæinn. Með hálsinum eru valllendisteygingar, en þar fyrir neðan og niður að ánni er blautur flói, sem hefur verið ræstur fram. Valllendisbakkar eru með Grímsá. Nokkur laxveiði er í Grímsá fyrir Kistufellslandi.” BB II, 267

**BO-192:002** tóft fjárhús A 380894 N 453070
Útihús er merkt um 200 m vestan við bæ 001 inn á túnakort frá 1918. Þetta er fjárhús og heitir túnið sem það er á Húsatún. Samkvæmt Tómasi Árnasyni, heimildamanni, átti að byggja nýtt fjárhús fast austan við það gamla og er búið að ryðja þar jarðvegi en af byggingunni varð ekki. Ummerkin um þetta jarðrask eru þó enn mjög greinileg. Fjárhúsið er 12 m utan við áhrifasvæði jarðstrengs 2023 en helgunarsvæði hans (15 m) nær innan þess og því er fjárhúsið tekið með í þessa fornleifaskrá.
Fremur gróið svæði og slétt, rétt sunnan við ræktað tún. Til austurs liggur Hæsnakofalækur niður hlíðina, að Kistufellsflóa.
Fjárhúsið er tvískipt, 17 x 16 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin og sjást 3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru allt að 1 m á hæð til vesturs en annars staðar 0,4-0,5 m á hæð. Tóftin er lítillega grafinn inn í brekku



Mynd 54: Fjárhús BO-192:002, horft til norðurs.




Mynd 55: Uppmæling af tóft BO-192:002.

til suðurs. Sjálf fjárhúsin (A) eru að norðan og má sjá tvö garða liggja eftir þeim endilöngum. Eystri garðurinn er grjóthlaðinn en sá vestri er að hluta til steinsteyptur. Gengið var inn í fjárhúsið að norðan. Hlaðan (B) er að baki og snýr hún þvert á fjárhúsinu. Hún er 12 x 3 m að innanmáli og er 0,4 m dýpri en fjárhúsin. Mikið af bárujárnsrusli er í hlöðunni og er hún mjög gróin.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-192:005** gata leið A 380908 N 453091
Gata er merkt liggja til vesturs frá bæ 001 inn á túnakort frá 1918. Gatan er greinileg rétt vestan og sunnan við Hæsnakofalæk, um 200 m vestan við bæ 001 og 15 m norðaustan við fjárhús 002. Gatan lá sennilega milli fjárhúss 002 og bæjar 001. Hún er um 2 m sunnan við áhrifasvæði jarðstrengs við fjárhús 002 en annars mun sunnar, við brekkuna.
Þar sem gatan liggur er gróin hlíð sem hallar mót norðri.
Gatan er greinileg um á 165 m löngum kafla. Hún liggur svo gott sem austur-vestur, er um 0,5 m breið og með gróinn botn. Gatan hverfur við fjárhús 002 og óvíst er hvort hún hafi nokkurn tíma legið lengra til vesturs.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918


Mynd 56: Leið BO-192:005, horft til suðausturs.

**BO-192:006** *Merkjavarða* heimild um landamerki A 380554 N 453175
Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er að finna örnefnið ‹Merkjavarða› á landamerkjum milli Kistufells og Kross (BO-191). Samkvæmt Tómasi Árnasyni, heimildamanni, var varða á þessum hól. Varðan var 550 m vestan við bæ 001 og 170 m sunnan við Uxahryggveg 52.
Varðan var á holti sem er mjög gróið þótt hér og þar standi grjót upp úr grasinu. Á miðju holtinu liggur vírgirðing nálega norður-suður. Austan við holtið er smáþýft deiglendi en vestan við það er óræktað svæði og lengra til vestur er núverandi heimreið að nýbýlinu Steinahlíð (b. 2008).
Engin ummerki um vörðu sjást lengur og hefur hún sennilega farið undir girðinguna sem liggur um holtið.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**BO-192:007** garðlag vörslugarður A 381546 N 453036
Grjóthlaðið og sennilega ungt garðlag rúmum 400 m austan við bæ 001 og 30 m sunnan við Uxahryggjaveg 52.
Garðurinn liggur gegnum grasigróið svæði sem nýtt er til hrossabeitar. Til suðurs er hálfgróin fjallshlíð.
Garðlagið er 19,5 m á lengd og 0,5 m á breidd. Það liggur nálega norður-suður. Garðlagið er 0,2 m á hæð og aðeins neðsta umfarið af stæðilegu grjóti sést. Óvíst er með hlutverk garðlagsins og mögulega er þetta aðeins undirstaða undir gamalli vírgirðingu.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


Mynd 57: Garðlag BO-192:007, horft til suðurs.

## BO-197 Skálpastaðir

**1708**: 30 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 215.
**1847:** 30 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.
**Túnakort 1918**: 69.835 m2 = 22 dagsl. Garðar 1526 m2.
“Er hálsinn lítt gróinn hið efra, en móa- og valllendisteygingar hið neðra og berjaland gott. Skriðuhætt er í hálsinum. Hálsræturnar eru grónar valllendis- og móagróðri, víða á skriðujöðrum. Undirlendið var mýri og flóar, en er nú framræst og að mestu samfellt tún.” Laxveiði í Grímsá - BB II, 280

**BO-197:001** *Skálpastaðir* bæjarhóll bústaður A 379475 N 454910

Gamli bærinn á Skálpastöðum stóð nálega þar sem íbúðarhúsið stendur nú. Gamli bærinn náði þó lengra til vesturs og er því að hluta undir mikilli útihúsasamstæðu sem er samföst við íbúðarhúsið. Bæjarhóllinn var upphaflega skráður árið 2003 í tengslum við rannsóknaverkefni um bænhús til forna. Staðurinn var aftur heimsóttur 2023 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðstreng á þessum slóðum og var engu við að bæta við fyrri lýsingu.

Á þessum stað var áður bæjarhóll en er nú að stórum hluta bílaplan og bakgarður, ásamt núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar.

Engin ummerki bæjarhólsins sjást nú enda búið að gjörbreyta svæðinu á umliðnum árum. Það er búið að ryðja bæjarhólnum út og var þá farið í gegnum miklar mannvistarleifar, hleðslur og öskuhauga.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1918



Mynd 58: Bæjarhóll BO-197:001, horft til suðvesturs.

## BO-198 Arnþórsholt

**1708:** 16 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 214-215.

**1847:** 16 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 115.

Fyrst getið **1596** og þá nefnd Handisholt, síðar einnig Handursholt og Andórsholt - Árb 1923, 37. Andróastaðir hjáleiga á 17. öld eða fyrr.

**Túnakort 1918**: 30.760 m2 = 10 dagsl. 1/5 þýft. Garðar 1280 m2. “Bærinn stendur framan undir holti, sem gengur fram frá Lundarhálsi, sem hér er lítt gróinn og hætt við skriðuhlaupum ... Í brekkurótum er móa- og valllendisgróður. Undirlendi með Grímsá, þar sem er túnstæði og beitiland, er mýrlent og vatnsuppgangur nokkur í túni.” BB II, 258




Mynd 59: Myndin sýnir hnitsett túnakort Arnþórsholts BO-198 frá árinu 1918, skráðar minjar og línuleiðir.

**BO-198:001** *Arnþórsholt* bæjarhóll bústaður A 382206 N 454066

Bæjarhóll 001 er um 120 m sunnan og neðan Lundarreykjadalsvegar (512), um 2,8 km ASA við Skálpastaði BO-197 og 3,9 km VNV við Lund BO-178. Bæjarhóllinn er um 10 m sunnan og neðan við núverandi bæjarstæði. Samkvæmt túnakorti frá byrjun 20. aldar voru á bæjarhólnum aðeins bærinn 001 og kálgarður 007. Fyrirhugað er að plægja jarðstreng beint í gegnum bæjarhólinn og kálgarð 007. Leið 012 lá á milli bæjarins og kálgarðsins, líklega í gegnum allt heimatúnið.



Mynd 60: Bæjarhóll BO-198:001, horft til norðurs.

Á þessu svæði eru sléttuð tún í aflíðandi halla til suðurs. Lækur rann áður til suðurs fast austan við bæjarstæðið en honum hefur verið veitt utar og austar með skurði á 20. öld. Búið er að slétta bæjarhólinn en hann er ennþá mjög áberandi í landslaginu. Hann er um 60x55 m að stærð, um 3-6 m hár og snýr VNV-ASA. Ekkert sést til gamla íbúðarhússins efst á bæjarhólnum í dag (2023).
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-198:007** heimild um kálgarð A 382191 N 454053

Samkvæmt túnakorti frá byrjun 20. aldar var kálgarður í halla, fast sunnan og suðvestan við gamla íbúðarhúsið í hlíðum bæjarhóls 001.
Búið er að slétta bæjarhólinn, hann ávalur og vel grasigróinn.
Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**BO-198:009** tóft úthús A 382243 N 454054

Tóft 009 er fast austan undir bæjarhól 001 og um 50 m suðaustan við núverandi íbúðarhús. Tóftin er um 9 m sunnan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.
Á þessu svæði er sléttað graslendi sem farið er að hlaupa í þúfur. Brekkan er aflíðandi til suðvesturs.
Tóftin er hulin með bárujárni og grjóti og veggir hennar eru signir. Hún er um 7,5 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr norður-suður. Það glittir í grjóthleðslur undir yfirbreiðslunni. Veggir eru um 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð að utanverðu. Dýpt tóftarinnar er óljós en er a.m.k. 0,5 m. Enginn greinilegur inngangur er á tóftinni.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Mynd 61: Tóft BO-198:009, horft til SSV.

**BO-198:010** tóft fjárhús A 382388 N 453992

Tóft er um 180 m ASA við bæjarhól 001 og rúmum 150 m austan við tóft 009. Hún er 8 m suðvestan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs.
Tóftin er fast suðvestan undir um 3-4 m háum bakka. Hún er á þýfðum og grasi- og mosagrónum austurbakka lítillar lækjarsprænu. Land hallar niður til suðurs. Lækur rennur framhjá tóftinni um 1-2 m frá henni að vestanverðu.
Tóftin er einföld og mjög illa farin, líklega vegna beitar. Tóftin er um 8 m á lengd, um 5,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Innanmál tóftar er flatt, grasigróið og um 3x1,5 m. Tóftin virðist hafa verið grafin inn í brekkuna og brekkan myndar því hluta af norðurvegg. Veggir eru signir, um 1,5-2,5 m á breidd og um 0,3-0,6 m á hæð. Hér og þar glittir í grjóthleðslur. Óljóst er hvar gengið var inn en líklega hefur það verið í austurenda tóftarinnar. Hlutverk er óþekkt en líklega hefur verið hér fjárhús.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 62: Tóft BO-198:010. horft til ASA.




Mynd 63: Uppmæling af tóft BO-198:010.

**BO-198:011** heimild um leið A 381811 N 454133
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 SV frá 1910, tengir saman leiðir BO-671:002 og BO-671:006 í landi Arnþórsholt. Þetta svæði kallast Melur og áhrifasvæði jarðstrengs liggur þvert yfir leiðina.
Gróin skriða.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 SV

**BO-198:012** heimild um leið A 382177 N 454083
Á túnakorti frá 1918 er teiknuð upp gata heim að Arnþórsholti úr vestri, upp á vestanverðan bæjarhól 001, norðan kálgarðs 007. Þetta er framhald leiðar BO-671:006 sem lá í gegnum túnið.
Á þessu svæði eru sléttuð tún í aflíðandi halla til suðurs.
Vegna sléttunar, vegagerðar og rasks á bæjarstæði sést ekkert til eldri gatna eða vegslóða á bæjarstæðinu, hvorki vestan né austan bæjarhóls.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

## BO-671 Fornleif á fleiri en einni jörð í Lundarreykjardalshreppi

**BO-671:001** gata leið A 387086 N 450665



Mynd 64: Leið BO-671:001, horft til vesturs.

Á herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 er merkt leið eftir öllum suðvestanverðum Lundarreykjadal, af leið BO-661:001 við hreppamörk í mynni dalsins og alla leið að Brautartungu BO-181. Leiðin lá um garð hjá Máfahlíð BO-195, Gröf BO-194, Krossi BO-193, Kistufelli BO-192, Skarði BO-191 og Snartarstöðum BO-190 en liggur litlu norðan við Hól BO-189 áður en komið er að Brautartungu. Í örnefnaskrá Skarðs segir m.a. «Merkjaholt er neðan við gömlu göturnar, er lágu inn með hálsinum.» Leiðin er innan áhrifasvæðisfyrirhugaðs jarðstrengs í landi Snartarstaða BO-190 á tveimur stöðum, sunnan við Snartarstaðahólma annars vegar og Merkjamel hinsvegar. Á báðum stöðum var hún horfin og búið að gera tún norðan við þjóðveginn. Leiðin sést ennfremur innan áhrifasvæðisins austar, í landi Hóls BO-189, sunnan norðan við Hólsmela. Hún kemur einnig inn fyrir áhrifasvæðið nokkuð norðan við Grænutóftartjörn í landi Hósl en sést ekki þar. Leiðin var ekki skoðuð utan áhrifasvæðis.
Í landi Hóls eru göturnar sjáanlegar á ármelum sem gróið hafa upp. Enn eru minni lækir á svæðinu.
Reiðgöturnar sjást á rúmlega 250 m löngum kafla innan áhrifasvæðis í landi Hóls. Þar eru um 15-20

grónar rásir sem stefna VNV-ASA, á milli lækja sem kallast Kvíslar. Rásirnar eru grónar og hverfa við læki.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Skarð, 2

**BO-671:002** heimild um leið A 379718 N 454550
Á herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 er merkt leið meðfram Grímsá eftir fremri hluta af norðaustanverðum Lundarreykjadal. Leiðin liggur af leið BO-661:001 við hreppamörk í mynni dalsins og að Lundi BO-178. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Skálpastaða BO-197 á þremur stöðum. Hún var ekki rakin utan áhrifasvæðis.
Slétt og framræst tún.
Engin ummerki leiðarinnar sjást í landi Skálpastaða.
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36 NV

**BO-671:004** vegur leið A 391633 N 446642
Á herforingjaráðskorti 36 NA og NV er leið merkt frá Brautartungu BO-181 til austurs að Gilstreymi, milli Þverfells BO-185 og Gilstreymis BO-186. Þessi leið 004 er áframhald af þjóðleið 001. Leiðin tengist Uxahryggjaleið 005 vestan undir Þverfelli. Hluti leiðarinnar var skráður vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Uxarhryggjum haustið 2022. Þá var leiðin skráð frá landi Brautartungu, við Þýfðablett, og til suðausturs, gegnum land Tungufells BO-182, Brennu BO-183 og Reykja BO-184, þar sem leiðin hverfur nokkru sunnan við Heima-Laugarmýri. Sumarið 2023 var leiðin ennfremur skráð innan áhrifasvæðis jarðstrengs í landi Brennu. Leiðin liggur alls staðar fast norðan við Tunguá.


Mynd 65: Leið BO-671:004, horft til austurs.

Leiðin liggur gegnum hálfgróið svæði, mitt á milli Tunguár og Uxahryggavegar (52). Svæðinu hallar smávægilega til suðurs. Nokkrar trjáhríslur sjást hér og þar, einkum norðan við leiðina en sunnan við hana er lítið um gróður. Á stöku stöðum, eins og í landi Tungufells, eru bakkar Tunguár nokkuð háir.
Árið 2022 er leiðinni lýst og engu er við hana að bæta. Hægt er að greina götu á nokkrum stöðum á leiðinni sem er um 5 km að lengd. Yfirleitt sést ein gata eða skorningur sem er 1 m á breidd en sums staðar er hún aðeins 0,2-0,5 m. Gatan er ógróin og er víðast fremur grunn, 0,3 m djúp. Leiðin er mjög greinileg á um 2,7 km löngum kafla milli Brautartungu og til austurs að ungu trjáræktarsvæði í landi Tungufells, þó að hún hverfi á stöku stað í möl. Leiðin verður síðan ógreinilegri því lengra sem haldið er til austurs í landi Tungufells sem haldið er, og sést á þremur um 100 m löngum köflum (samtals 300 m). Í landi Brennu verður leiðin aftur greinilegri og má fylgja henni á um 1,7 km löngum kafla þar til hún verður aftur mjög slitrótt, rétt fyrir neðan Vörðuholt BO-183:010. Í austurhluta Brennu er hægt að fylgja leiðinni á um 475 m löngum kafla.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Hkort 36 NA; Hkort 36 NV

**BO-671:006** heimild um leið A 382544 N 453941
Samkvæmt herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið með rótum Varmalækjarmúla milli Skálpastaða BO-197 og Lundar BO-178 sem liggur um Arnþórsholt BO-198. Virðist hún liggja um eða norður fyrir bæjarhól BO-198:001. Á yngri útgáfu Íslandskorts Dana frá því um og eftir 1920 er leiðin sýnd liggja á svipuðum stað, en þó aðeins á milli Skálpastaða og Arnþórsholts. Leiðin er innan áhrifasvæðis jarðstrengs austan Arnþórsholts en sést ekki þar. Hún var ekki rakin utan áhrifasvæðis.
Í landi Arnþórsholts er gróin mýri og holt til norðurs þar sem leiðin lá. Líklega var hún á holtsbrúninni. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði

**BO-671:007** heimild um leið A 387401 N 450377

Samkvæmt herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið til norðurs frá Hóli BO-189, yfir leið 001, yfir Grímsá á Hólsvaði BO-179:025 og sameinaðist leið 011 að lokum. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Hóls, fast austan við nýbýlið Melgerði og sést ekki þar. Hún var ekki rakin utan þess.
Grónar áreyrar eru þar sem leiðin lá.
Engin ummerki leiðarinnar sjást í landi Hóls.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði

**BO-671:008** heimild um leið A 387853 N 450155

Samkvæmt herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið til norðvesturs frá Brautartungu BO-181 að leið 011, norðan við Grímsá í landi Gullberastaða BO-179. Hólsvað BO-179:025 var notað á leiðinni. Leiðin lá vestan við Tunguá, eftir Hólsnesi að ármótunum. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Hóls BO-189 og sést ekki þar. Leiðin var ekki rakin utan þess.
Grónar áreyrar Tunguár. Áin rennur nú nokkuð austar.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði

**BO-671:009** heimild um leið A 388143 N 450082

Samkvæmt herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið til norðurs frá Brautartungu BO-181, yfir Grímsá á vaði og sameinast leið 011, vestan við Oddstaði BO-180. Leiðin lá til norðurs eftir Brautartungumelum og þar er hún innan áhrifasvæðis jarðstrengs.
Grónar áreyrar Tunguár og melur sem verið er að rækta upp.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði

**BO-671:010** heimild um leið A 384337 N 451435

Samkvæmt herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið til norðausturs, frá leið 001 skammt suðaustan Skarðs BO-191, að Lundarhólmi BO-178:032 og þaðan til norðurs að vaði BO-178:034 og að Lundi BO-178. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs suðaustarlega í landi Skarðs en var ekki rakin utan þess.
Þar sem leiðin lá eru framræst tún sunnan Grímsár.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði

**BO-671:012** heimild um leið A 391043 N 448264

Á herforingjaráðskorti 36 NA er merkt leið milli Tungufells BO-182 og Brennu BO-183. Leiðin lá áfram til austurs og kallast Skágatan í landi Brennu uns hún sameinast leið 004 skammt vestan við Krosslaug. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Tungufells BO-182, við tóft og vörðu BO-182:024. Leiðin var ekki skoðuð annars staðar.
Þar sem leiðin lá í landi Tungufells er vegslóði með brekkurótum Tungufellsmúla. Gerð hans raskaði eldri leiðinni að öllum líkindum.
Engin ummerki leiðarinnar sjást innan áhrifasvæðisins.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 36NA

## DA-001 Gunnarsstaðir

**1703**: Jarðardýrleiki 16 hdr, bændaeign. JÁM VI, 4
**1847**: 16 hrd. JJ, 163
Samkvæmt Hænsna-Þóris sögu tilheyrir jörðin Skógarströnd, og er það ekki fjarri lagi. Jörðin er talin draga nafn af Gunnari Hlífarssyni sem þar bjó, en frá honum segir í Hænsna-Þóris sögu og var hann mikill maður og sterkur og hinn mesti garpur; ÍF III, 27.
Bærinn kemur einnig við Sturlu sögu, en þá bjó þar Kálfur nokkur. Er hann andaðist seldu eldri synir hans Þórhalli á Hólmlátri Gunnarsstaði, en eftir að sá yngsti komst á legg og gerði tilkall til jarðarinnar spunnust af þvi nokkrar deilur; Sturlunga saga I, 97-101.
**1430**: Jarðarinnar er getið í gjafabréfi Lopts Guttormssonar 1430. DI IV, 405-6.
**1511**: Áreiðardómur umboðsmanns konungs um landamerki Gunnarsstaða og Hólmláturs. DI VIII, 349-350.
**Túnakort 1917**. Stærð: 6,4 he. Ræktað tún 6,2 he. Þýfi 0,4 he. Matjurtargarðar 150 m2.
"Túnið er þýft mestalt og harðlent, ógrasgefið, sem valda kann nokkurn part órækt. Engjar næsta öngvar heimavið, en á fjalli lángt í burt er slegið sumsaðar á víð og dreif. Hagar góðir vestur og sumar." JÁM VI, 3-4
"Jarðarinnar tún og engjar spillist af almennilegum átroðníngi af hestum ferðamanna, sem þar eiga jafnaðar umferð vetur og sumar, þar jörðin liggur í mestu þjóðbraut," segir í JÁM VI, 4.




Mynd 66: Myndin sýnir hnitsett túnakort Gunnarsstaða DA-001 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.

**DA-001:002** *traðir* heimild um traðir A 359759 N 505363
Á túnakorti frá 1917 liggja traðir til VSV frá bænum og eftir túninu. Aðeins VSV-hluti traðanna nær inn á áhrifasvæði jarðstrengs árið 2023.
Traðirnar lágu gegnum mishæðótt og ræktað tún.
Þar sem traðirnar lágu liggur er núverandi heimreið að bænum. Engin ummerki um gömlu traðirnar sjást vegna vegagerðar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-001:030** *Nátthagi* gerði nátthagi A 359705 N 505159

„Ofan við bæinn er afgirtur Nátthagi og framan við hann er svo Stekkurinn [032]," segir í örnefnaskrá AG. Nátthaginn er merktur inn á túnakort frá 1917 og er um 300 m suðvestan við bæ 001 og 2 m vestan við núverandi heimreið að bænum. Norðausturhorn Nátthagans er horfið undir núverandi heimreið að bænum. Nátthaginn er 14,5 m utan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023 en helgunarsvæði hans (15 m) nær inn á það og af þeim sökum var Nátthaginn skráður.

Nátthaginn er á mosagrónu svæði þar sem grjót stendur víða upp úr gróðrinum. Þetta er fremur flatt svæði sem ekki hefur verið ræktað. Rétt norðan og sunnan við nátthagann eru malarvegir sem hafa legið frá Gunnarsstöðum og að Snæfellsvegi (54).



Mynd 67: Nátthagi DA-001:030, horft til norðurs.




Mynd 68: Uppmæling af nátthaga DA-001:030.

Nátthaginn er 85 x 65 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grjóthlaðinn og eru veggir 0,2-0,6 m á hæð. Þeir eru hæstir til suðvesturs en nær útflattir til norðausturs. Allt að 3 umför af stæðilegu grjóti sjást í hleðslum sem eru víða að hverfa undir gras og mosa. Gróður innan Nátthagans er þéttari að innan en utan.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Gunnarsstaðir - AG 3; Túnakort 1917

**DA-001:062** garðlag túngarður A 359749 N 505349



Mynd 69: Túngarður DA-001:062, horft til SSA.

Túngarður afmarkaði tún Gunnarsstaða samkvæmt túnakorti frá 1917. Samkvæmt kortinu umlykur garðurinn um 6 ha stórt heimatún en hann var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. VSV-hluti túngarðsins er innan áhrifasvæðisins.

Túngarðurinn skilur að óræktað heimatún og fremur gróðursnautt svæði þar sem aðeins lambagras og fáeinir grasblettir eru sjáanlegir.

Túngarðurinn er grjóthlaðinn og var honum var fylgt á um 200 m löngum kafla. Hann snýr nálega NNV-SSA og um 90 m eru innan áhrifasvæðisins. Garðurinn er hlaðinn úr blöndu af misstóru grjóti og má sjá allt að 4 umför. Garðurinn er hæstur til suðurs, 0,8 m á hæð, en aðeins 0,3-0,5 m hár til norðurs. Vírgirðing er á hluta túngarðsins og er op er á garðinum á miðri vesturhlið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917

## DA-002 Dunkárbakki

**1703**: Jarðardýrleiki 16 hdr, bændaeign. JÁM VI, 4
**1847**: 16 hdr. JJ, 163.
Einnig nefnd Bakki.
"Í heimalandi er hjáleiga, sem í xxx ár hefur stundum bygð verið, stundum í eyði, kölluð Dunkurbackasteckur. Ábúandinn Hrómundur Sigurðsson, ábúandi heimajarðarinnar. ...Hlunnindi engin nema húsin tóm," segir í JÁM VI, 5.
**1563**: Í testamentisbréfi Daða Guðmundssonar í Snóksdal segir m.a.: "Biarna brodur minum Gudmundzsyni gef eg jordina...Dunkurbakka j Snogsdals kirkiusoknn..." DI XIV, 175.
**Túnakort 1917.** Stærð 4,8 he. Ræktað tún 4,7 he. Þýfi 1,0 he. Matjurtargarðar 320 m2.
"Túnið er misjafnt, sumpart hart og þýft en sumpart grasgefið, sumpart mýrlent. Engjar so. nær ónýtar, en þó nokkruar heimavið, en lángt í burtu, á fjalli eru þær sumstaðar í betra lagi, sumstaðar heyslæmar. Hagar víðast góðir, en þeir bestu fjærst. Selstaða í heimalandi lángt burt en góð, hefur í mörg ár nú ei lengi brúkuð verið. Útigangur í betra lagi." JÁM VI, 4.

**DA-002:046** tóft óþekkt A 361056 N 504636
Einföld tóft er um 65 m norðan við Snæfellsveg (54) og 380 m suðvestan við núverandi bæjarstæði Dúnkarbakka (b. 2001). Líklega er um stekk eða fjárhús að ræða. Miðlína fyrirhugaðs jarðstreng fer í gegnum miðja tóftina.
Tóftin er neðarlega (syðst) á holti sem er á mörkum framræstra túna og óræktaðs svæðis. Umhverfis tóftina er gras og mosi en því fjær sem farið er frá tóftinni til norðurs og austurs, því minni gróður.


Mynd 70: Tóft DA-002:046, horft til austurs.



Mynd 71: Uppmæling af tóft DA-002:046.

Tóftin er 13 x 3,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru torfhlaðnir og eru hæstir til austurs, 0,5 m en eru 0,2-0,3 m á öðrum hliðum tóftarinnar. Tóftin er rofin fyrir miðju og því erfitt að segja til um hvort hún hafi verið skipt upp í einhver hólf.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-002:047** varða landamerki A 360218 N 504847
Hrunin landamerkjavarða er 1,5 km VSV við núverandi bæjarstæði jarðarinnar (b. 2001) og 95 m norðan við Snæfellsveg (54). Varðan er á merkjum milli Dunkárbakka og Gunnarsstaða DA-001. Varðan er 5 m utan áhrifasvæðis framkvæmda 2023 en helgunarsvæði hennar (15 m) nær innan þess og vegna þess var hún skráð.
Varðan er á hálf mosagrónu holti, eða klöpp, allt umhverfis eru deiglend svæði. Víða á svæðinu má sjá svipuð holt standa upp úr deiglendinu en til austurs og vesturs eru stærri og hærri holt.
Varðan er 0,5 m í þvermál. Varðan er 0,3 m á hæð og aðeins er hægt að sjá neðsta umfarið af smáu grjóti. Á víð og dreif


Mynd 72: Varða DA-002:047, horft til norðurs.

kringum vörðuna er flatt grjót sem hefur sennilega tilheyrt henni áður.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-004:048** heimild um brú A 361369 N 504491
Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1913 var brú yfir Bakká. Engin ummerki um hana sjást lengur en á svipuðum slóðum er búið að reisa nýja brú og þegar skrásetjari var á vettvangi 2023 var sömuleiðis verið að smíða nýja brú yfir ánna. Sennilega hafa ummerki um brúnna horfið vegna þessara framkvæmda. Brúarstæðið er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.
Engin ummerki elstu brúarinnar eru sjáanleg.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

## DA-003 Dunkur

**1703**: Jarðadýrleiki 40 hdr., bændaeign. JÁM VI, 6
**1847:** 30 hdr. JJ, 163.
Dunkaðarstaða er getið í Bjarnar sögu Hítdælakappa og er jafnan talið að þar sé átt við Dunk; ÍF III, 181. "Á þeirri jörðu er hálfkirkja, og á ekkert í heimalandi," segir í JÁM 1703, 5. Ennfremur eru þar þá hjáleigurnar Gierde (10 hdr), Álfatrader (10 hdr frádeild), Jónskot (í eyði) og Biarnasel (í eyði).
1430: Jarðarinnar er getið í gjafabréfi Lopts Guttormssonar 1430. DI IV, 405-6.
**1570:** Jarðarinnar, og hálfkirkjunnar þar, er getið í máldögum Gísla biskups Jónssonar um 1570. DI XV, 600-601.
**Túnakort 1917**. Stærð 9,9 he. Ræktað tún 9,5 he. Þýfi 2,0 he. Matjurtargarðar 226 m2
"Túnið er hálfsljett en harðlent, þó í betra lagi vegna ræktar. Engjar heim um eru mjög úr sjer gengnar, en á fjalli lengra burt í betra lagi, en allar, bæði þar og heima, heygóðar þegar nýtist. Hagar víðlendir og góðir. Selstöður hafa í ýmsum stöðum verið í heimalandi; nú í nokkur ár hafa þær ei brúkaðar verið, annars eru þær í besta máta. ... Eifhrí er þar til eldiviðar nægjanlegt, mætti í nauðsyn nýta til kola." JÁM VI, 6




Mynd 73: Myndin sýnir hnitsett túnakort Dunks DA-003 frá árinu 1917, skráðar minjar og línuleiðir.

**DA-003:001** *Dúnkur* bæjarhóll bústaður A 362134 N 504325
"Þar hefir verið tví- og þríbýli að fornu fari en nú er einn eigandi og ábúandi." segir í örnefnaskrá. Bærinn

er merktur inn á túnakort frá 1917 og þar segir "bær og fl.". Gamli bærinn er um 60 m NNV við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1986 ) og um 30m suðvestan við bænhús 002. Engin gömul bæjarhús sjást lengur á bæjarhólnum en eldra íbúðarhús (b. 1930) er á hólnum til norðurs og þar sést enn greinileg upphækkun. Malarvegur liggur þvert yfir hólinn og raskar miðju hans. Lengst af hefur verið tvíbýlt á Dúnk og stóðu bæirnir frekar þétt saman eða alveg til 1920 þegar syðri bærinn fór í eyði. Norðurhluti bæjarhólsins er um 11 m sunnan við miðlínu áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en hafður með vegna nálægðar.


Mynd 74: Bæjarhóll DA-003:001, horft til ASA.

Norðan við bæjarhólinn eru sléttuð og framræst tún en til vesturs er fjárhús (b. um 1970) og núverandi íbúðarhús jarðarinnar til suðurs. Landið hallar smávægilega til NNV. Bæjarhóllinn allur er um 50x30 m að stærð og snýr norður-suður. Annar bærinn var í suðurhluta hólsins en hinn til norðurs. Greinileg upphækkun er nyrst á bæjarhólnum, þar sem eldra íbúðarhúsið er nú. Sú upphækkun er um 30 x 20 m að stærð, snýr austur-vestur og er allt að 2 m há. Mikið rask hefur orðið á vesturhluta svæðisins vegna byggingu skemmu ofan á bænhúsi 002 og mögulega hefur hólinn náð lengra í þá átt en það er ekki lengur skýrt. Kjallari er í bænum sem stendur á bæjarhólnum og hefur það raskað mannvistaleifum undir sverði. Enn fremur eru stór barrtré vestan við húsið sem ljóslega hafa raskað mannvistum undir sverði að hluta til. Enn er þó sennilega talsverð mannvist að finna undir jörðu. Malarvegurinn raskar svæðinu mikið en sunnan hans sér ennfremur í hluta mannvistarlaga. Þar er um 30x20m upphækkun í sléttu túni. Hún snýr austur-vestur og er um 1m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** ö-Dunkur , 1 Ö-Dúnkur ÞJJ, 1

**DA-003:002** *Dunkurkirkja* heimild um hálfkirkja A 362166 N 504313
DUNKUR Í HÖRÐUDAL (D) (MIÐDALAÞING) - HÁLFKIRKJA
1575: kirkian ad Dunck ä tuo mälnytu kugillde. Jtem gardurinn .x. Heff eg spurtt ad thessu dänumenn sijra Lopt Narffason. Petur Einarsson. sijra Einar Marteinsson. Brand B[ónda] Einarsson. Jon B[ónda] Marteinzson. Hannes B[ónda] Bjørnsson huortt theim virdtest thorff ä ad
thesse hälffkirkia stæde. haffa their aller sagtt jä; Máld DI XV, 600-601.
1703: Á Þeirri jörðu er hálfkirkja og á ekkert í heimalandi; JÁM VI, 5
1721: Séra Jón Þórarinsson prófastur í Hjarðarholti vísiteraði að Dunki 1721 og er kirkjunni lýst í vísitasíunni. Hún er sögð í fjórum stafgólfum, kór í einu og framkirkja í þremur. Húsviðir voru mjög farnir að láta á sjá og veggir að falli komnir. Af kirkjugripum voru líkneski tvö, sitt hvoru megin altarisins, en á milli þeirra skápur með hurð á hjörum. Jón Samsonarson, 93-98.
1765: aftekin – SSD, 38
"Þá er það túnið, sem er eftir. Neðst á túninu heitir Húsatún, og Kirkjutunga er nær bæ. Þar á milli er stykki nefnt Stakkhúsbali," segir í örnefnakrá. Kirkjutunga er austan við skemmu (b. 1930) sem er enn uppistandandi og nær hún að bæjarhól 001. Það er trú manna að skemma sú sem enn stendur og er um 60m norðan við núverandi íbúðarhús byggt 1986 standi á sama stað og bænhúsið stóð áður. Skemma þessi er 3m austan við bæjarhól 001. Skemman er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs og meint leiði sem fjallað er um neðar.
Allt umhverfis bæinn eru ræktuð tún.
Árið 2014 var fyrst komið að bænum og bænhúsið skráð. Kjartan Jónsson, heimildamaður, hafði það eftir Magnúsi Jónssyni (sem fæddist á bænum) að bænhúsið væri á sama stað og skemman. Ennfremur hafi stórar þúfur sem voru austan við skemmuna og sýnilegar áður en túnið var sléttað, væru leiði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** ö-Dúnkur - AG, 5; Máld DI XV 600-601; JÁM VI, 5; SSD, 38; Jón Samsonarson 93-98

**DA-003:048_03** garðlag túngarður A 361885 N 504626
Nátthagi 048_01, þúst 048_02 og túngarður 048_03 eru um 370 m norðvestan við bæ 001 og 20 m austan við vörðu 049_01. Þessar þrjár fornleifar eru á svæði sem er 75 x 70 m að stærð og snýr austur-

vestur. Aðeins syðsti hluti svæðisins nær inn fyrir áhrifasvæði jarðstrengsframkvæmda 2023 og túngarður 048_03 sá eini af fornleifunum sem er þar innan. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs er 2 m norðan við túngarðinn.
Fornleifarnar eru á grasigrónu svæði, milli tveggja hálfgróna klapparása. Til suðurs eru ræktuð tún en klappirnar eru að norðan og austan.



Mynd 75: Túngarður DA-003:048_03, horft til ANA.




Mynd 76: Uppmæling af garðlagi DA-003:048_03.

Túngarður 048_03 afmarkar svæði sem er um 75 x 70 m að stærð (um 0,55 ha) og snýr austur-vestur. Garðurinn er grjót- og torfhlaðinn og eru veggir hæstir til suðurs og vesturs, 0,6 m á hæð, en nær útflattir til norðurs og norðausturs, aðeins 0,2 m á hæð. Nátthagi 048_01 er sambyggður austurhluta túngarðsins og eru veggir þar 0,4 m á hæð. Ekki sér í umför í veggjum vegna gróðurs þótt hér og þar glittir í stæðilegt grjót.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-003:049_01** varða samgöngubót A 361857 N 361857
Tvær vörður, 049_01 og 049_02, eru um 440 m norðvestan við bæ 001 og 20 m vestan við fornleifar 048. Vörðurnar eru á svæði sem er 20 x 12 m að stærð og snýr NNV-SSV. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en mögulega hafa þær vísað veginn að fornleifum 048_01-03. Vörðurnar eru um 8 m utan áhrifasvæðis framkvæmda 2023 en helgunarsvæði þeirra (15 m) nær innan þess og því voru þær skráðar.
Vörðurnar eru sunnarlega á hálfgrónni og lágri klöpp sem er umhverfis deiglent svæði. Rétt sunnan við klöppina er malarvegur sem liggur frá núverandi bæjarstæði jarðarinnar niður í fjöru. Sunnan við malarveginn eru ræktuð tún.
Varða 048_01 er sunnar og næst áhrifasvæði jarðstrengs. Hún er hrunin og aðeins sjást 6 stæðilegir steinar á svæði sem er um 0,5 x 0,5 m að stærð. Víða sést þó í grjót sem líklega hefur tilheyrt vörðunni eitt sinn. Varðan er 0,3 m á hæð.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Mynd 77: Varða DA-003_049_01, horft til norðurs.



Mynd 78: Varða DA-003:049_02, horft til norðurs.

**DA-003:049_02** varða samgöngubót A 361851 N 504690

Varða 049_02 er um 20 m norðvestan við vörðu 049_01. Hún er 0,6 m á hæð og 0,5 x 0,5 m að stærð. Hún er hlaðin úr blöndu af smáu og stóru grjóti sem hefur hrunið lítillega til allra átta. Rétt suðvestan við vörðuna er um 2,5 m löng hleðsla, 0,4 m á hæð og hlaðin úr 2 umförum af grjóti. Tilgangur hennar er óljós, sem og aldur og er því skráð hér fremur en undir sérstöku númeri.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-003:050_01** garðlag túngarður A 362277 N 504264

Túngarður er merktur umhverfis bæ 001 á túnakorti frá 1917. Samkvæmt kortinu afmarkaði garðurinn svæði sem var um 11 ha að stærð og sneri norðaustur-suðvestur. Tóft 050_02 er sambyggð túngarðinum til suðausturs og um kvíar að ræða. Hluti af túngarðinum er enn greinilegur innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs, austan við heimatúnið. Op er á miðri austurhlið túngarðsins þar sem þjóðleið DA-001:007 lá eitt sinn en nú (2023) liggur þar malarvegur. Jarðstrengurinn verður plægður í malarveginn.




Mynd 79: Uppmæling af minjum DA-003:050.

Garðurinn skilur að ræktað tún til vesturs og óræktað svæði til austurs, þar sem mosi og lyngróður eru áberandi. Nokkur stök tún eru nokkuð austan við túngarðinn. Túninu vestan við túngarðinn hallar smávægilega til norðurs.

Garðinum var fylgt á um 85 m löngum kafla þar sem hann snýr NNA-SSV og fer þvert í gegnum áhrifasvæðið. Hann er grjót- og torfhlaðinn og eru hleðslur 0,7 m á hæð. Garðurinn er vallgróin og sér því ekki í umför, þótt á einstaka stöðum sjáist í stæðilegt grjót í hleðslum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1917



Mynd 80: Garðlag DA-003:050_01, horft til NNA.



Mynd 81: Tóft DA-003_050_02, horft til suðvesturs.

**DA-003:050_02** tóft kvíar A 362260 N 504234

Kvíar 050_02 eru sambyggðar suðausturhluta túngarðs 050_01. Kvíarnar eru 14 m utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en helgunarsvæðið (15 m) nær innan þess. Tóftin er einföld, 10 x 4 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Austurhlið tóftarinnar nær lengra til suðurs en vesturhlið hennar. Ekki er hlaðinn veggur á SSV-hlið og búið að raska tóftinni þar. Veggir eru grjóthlaðnir og sjást allt að 4 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru hæstar til austurs, 0,8 m. Mögulega voru tvö hólf í tóftinni en það er ekki skýrt vegna gróðurs.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

## DA-007 Ketilsstaðir

**1703**: Jarðardýrleiki 24 hdr, bændaeign. JÁM IV, 8
**1847**: 24 hdr. JJ, 163.
Hörðudalur er í landnámi Auðar Djúpauðgu, en hún gaf mönnum sínum land eins og segir í Landnámu: "Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum. Ketill hét maðr, er hon gaf land frá Skraumuhlaupsá til Horðadalsár; hann bjó á Ketilsstoðum. ...Horðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Horðadal...", ÍF I, 140.
**1495**: Jörðin kemur fyrir í gjafabréfi þar sem Guðni Jónsson gefur syni sínum, Birni, jörðina Ketlisstaði ásamt öðrum jörðum. DI VII, 251.
**1497**: Gefur Björn Guðnason konu sinni, Ragnhildi Bjarnadóttur, jörðina Ketilsstaði ásamt öðrum jörðum, í skiptum fyrir þær jarðir sem hún á á Austfjörðum. DI VII, 368-369.
**Túnakort 1917**: 8,1 he. Ræktað tún 6,6 he. Þ'yfi 0,3 he. Matjurtagarðar 468 m2
"Tún er stórt, þýft og mjög grýtt, en grasgott þá vel árar. Engjar á dreif, votlendar mjög. Hagar í meðallagi, víðlendir nóg. Selstaða hefur til forna verið í heimalandi, er ekki að gagni. Útigángur góður fyrir fje, lakari fyrir hesta." JÁM IV, 8

**DA-007:041** garðlag túngarður A 366089 N 5044471



Mynd 82: Túngarður DA-007:041, horft til suðurs.

Á túnakorti frá 1917 sést túngarður afmarka allar hliðar heimatúnsins. Túnið var á milli mýra til norðurs og kletta til suðurs og tekur stærð þess og lögun mið af landslaginu. Hluti af austurhlið túngarðsins er innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en var ekki rakin utan þess. Svo virðist sem túnið hafi verið stækkað til norðurs eftir að kortið var gert, túngarðurinn nær lengra til norðurs. Túngarðurinn liggur í NV-SA, þvert í gegnum áhrifasvæðið.
Túngarðurinn er hlaðin til norðvesturs, út frá klettavegg. Á þessu svæði er þurrt og gróið tún, norðvestan við bæinn.
Túngarðurinn var rakinn á 100 m löngum kafla. Hann er nokkuð gróinn nær klettaveggnum en um 30 m norðar er hann hlaðinn úr stórum steinum. Hleðsluhæð er 0,3-0,5 m.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1917

**DA-007:042** garðlag túngarður A 365209 N 504595
Garðlag er á landamerkjum Ketilsstaða og Bugðustaða. Líkleg er um undirhleðslu fyrir girðingu að ræða sem liggur þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.
Garðurinn liggur yfir klapparholt og mýrar.
Garðurinn var rakinn á rúmlega 30 m kafla. Hann er ógreinilegur fyrir utan grjóthleðslu sem er uppi á klettum. Hann virðist torfhlaðin í deiglendi en grjóthlaðinn á klettum. Hæð er 0,3-0,5 m.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**DA-007:043** heimild um leið A 364523 N 504531
Á herforingjaráðskorti frá 1913 er leið sýnd liggja til norðurs frá þjóðleið 007, að Vestliðaeyri. Hluti leiðarinnar var tekin út árið 2023 í landi Ketilsstaða vegna jarðstrengsframkvæmda.
Leiðin þræddi gegnum deiglent og óræktað svæði þar sem víða standa hálfgróin holt upp úr gróðri.
Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi innan áhrifasvæðis framkvæmda 2023 og líklega var þessi leið aldrei fjölfarin og ummerki horfið fljótt eftir að hætt var að nota leiðina.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

## DA-021 Hörðuból

**1703**: Jarðadýrleiki 16 hdr. Að hálfu bændaeign og hálfu eign Snóksdalskirkju. JÁM VI, 23.
**1847**: dýrleiki 16 hdr. 1/2 Snóksdalskirkjueign og 1/2 bændaeign. JJ, 163.
**1286**: Skv. máldaga Snóksdalskirkju 1286 heitir jörðin Hörðubólsstaður. DI II, 257-258.
"Auðr [djúpúðga Ketilsdóttir flatnefs] nam öll Dalalönd í innanverðum firðinum [Breiðafirði] frá Dögurpará til Skraumuhlaupsár. Hon bjó í Hvammi...," segir í Landnámubók. (ÍF I.1.hluti, 139). "Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum. ... Hörðr hét skipverji Auðar; honum gaf hon Hörðadal, ...," segir í Landnámubók ÍF I.1.hluti, 140.
"Eptir þat gefr Unnr [Auður djúpúðga] fleirum mönnum af landnámi sínu. Herði gaf hon Hörðadal allan út til Skrámuhlaupsár; hann bjó á Hörðubólstað ...," segir í Laxdælu. ÍF.V, 10).
"Austurmörkin [landnáms Harðar] eru ekki nefnd. Ef til vill hefur landnámið náð austur fyrir Snóksdal," segir í Landið og landnáma (H.M.1982), 184.
Snóksdalskirkja á hálfan Hörðubólsstað skv. máldaga frá 1286: "... hun a lond þriu half: gilz backa oc haurde bol stad: og snoks dals land og milli [hleirmula og þreskalldar ...," (D.I. II.(1893), 257-8). Máldagi Snóksdalskirkju frá 1340 segir það sama (DI.II.(1893), 738). Í máldaga kirkjunnar í Snóksdal sem er varðveittur í Hítardalsbók er Hörðabóls getið á sama máta og hér að framan. Þessi máldagi er án ártals en talinn vera frá 14.öld (D.I.III.(1896), 227). Snóksdalskirkja á hálft Hörðuból ["Hardabol"] skv. máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá 1397 (D.I.IV.(1897), 162). Snóksdalskirkja á hálft Hörðuból ["Hordabol"] skv. máldaga frá "1491 eða síðar" sem er með flokki máldaga frá dögum Stephâns bisk.Jónssonar í Skálholti (D.I.VII.(1903-7), 67). Í erfðaskrá Daða Guðmundssonar í Snóksdal gerð fyrir 26. október 1563 segir að kirjan í Snóksdal eigi hálft Hörðuból. Þá arfleiðir Daði konu sína, Gudrui Einarsdóttur að hinum helmingi jarðarinnnar Hörðubóls. Þá gefur hann Jóni á Hörðubóli kvitta sína landskuld. (D.I.XIV.(1944-9), 173-5).
Hörðaból hét fyrrum Hörðabólsstaður skv. Sóknarlýsingum Dalasýslu (2003), bls.35.
1919: 5,9 ha; þýft 1/2, garðar; 560 m2.

**DA-021:005** tóft útihús A 369474 N 504209
Útihúsatóft er um 100 m austan við bæ 001 og fast neðan (vestan) við Hörðudalsveg eystri (581). Hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1919 en er innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað þá. Miðlína fyrirhugaðs jarðstrengs liggur í gegnum tóftina miðja.
Landið er mjög gróið lúpínu, grasi og barrtrjám. Unnið er að trjárækt á þessu svæði og barrtré eru í tóftinni.



Mynd 83: Tóft DA-021:005, horft til suðausturs.




Mynd 84: Uppmæling af tóft DA-021:005.

Tóftin er um 12x12 m að stærð og op er til vesturs. Tóftin er grafinn í brekku til austurs, austurhluti tóftarinnar er því best varðveittur, þar eru veggirnir um 2 m á hæð. Annars eru þeir yfirleitt um 1 m. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, um 2,5-3 m á breidd, hækka til austurs en verða útflattari til vesturs.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1919

### DA-050 Harrastaðir

**1703**: Jarðadýrleiki 24 hdr.. Bændaeign. (ÁM VI, 44.
**1847**: dýrleiki 24 hdr. Bændaeign. JJ, 165.
"Auðr [djúpúðga Ketilsdóttir flatnefs] nam öll Dalalönd í innanverðum firðinum [Breiðafirði] frá Dögurpará til Skraumuhlaupsár. Hon bjó í Hvammi...," segir í Landnámubók. (ÍF I.1.hluti, 139). "Auðr gaf land skipverjum sínum ok leysingjum. ...," (ÍF I.1.hluti, 140).
Í bókinni «Landið og Landnáma» getur Haraldur Matthíasson þess að landamerki Hunda, Sökkólfs og Erps séu ekki með öllu ljós. Telur hann sennilegast að «Sökkólfur hafi numið Sökkólfsdal niður að dalsmynni, ofan til Grafarmúla eða í lengsta lagi niður að Reykjadalsá. // Erpur hefur numið tunguna milli Miðár og Tunguár upp til móts við Sökkólf. // Eins og fyrr segir, nefnir Landnáma ekki landnámsmörk Erps, og er Laxdæla ein til frásagnar um, að hann hafi numið til Tunguár og Miðár. En engin greinargerð er um landnám í allri hlíðinni norðan við Tunguá beggja vegna við Kvennabrekku, enn fremur um spilduna milli Miðár og Haukadalsár allt til sjávar svo og um Haukadal allan,» segir í Landið og landnáma (H.M.1982), 186. Þar telur Haraldur að líklega hafi Auður annaðhvort gefið fleirum allt þetta land sem hér um ræðir, vegna þess hversu stórt það var eða jafnvel haldið því fyrir sjálfa sig. (Landið og landnáma (H.M.1982), 186).
Um nafngift jarðarinnar segir í Laxdælu: "Ólafur pái átti marga kostagripi í gangandi fé. Hann átti uxa góðan, er Harri hét, apalgrár at lit, meiri en önnur naut. Hann hafði fjögur horn, ... Einn fellivetr mikinn gekk hann ór Hjarðarholti ok þangat, sem nú heita Harrastaðir, í Breiðafjarðardali; þar gekk hann um vetrinn með sextán nautum ok kom þeim öllum á gras; ...," (ÍF.V (1934), 84).
Í Sturl. segir: «Þeir Böðvarr riðu inn til Dala ok svá á holtit fyrir sunnan Haukadalsá niðr frá Harrastöðum,» (Sturl.1.bind.(1946), 451).
Harastaða í Dölum er getið í ágripi af kaupabréfi frá 8. maí 1363 [ath. í Regisrum segir að ekki sé ljóst hvort um sé að ræða Harastaði í Miðdölum eða Fellsströnd] (D.I.XII.(1923-32), 22). Harrastaða ["Harrastadir tuennir" = tvíbýli] er getið í máldaga Jónskirkju á Kvennbrekku 1375, sem eins þeirra bæja sem "liggia vndir kirkiuna at tollum [oc] tijunndum," (D.I.III.(1896), 305-6). Harrastaða er getið í kaupbréfi, rituðu 24. október 1384 á Reykhólum.þ Bréfið varðar jarðasölur Ólafs Marteinssonar og Filipusar Þorleifssonar hvor til annars, en þar seldi Ólafur Filipusi m.a. jörðina Harrastaði ["arrastadi"] (D.I.VII.(1903-7), 4-6). Harrastaða ["Harrastader tvenner"] er getið í máldaga Vilchins biskups, fyrir kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá 1397, í samabandi við þá bæi sem greiða Kvennabrekku kirkju tolla og tíund. (D.I.IV.(1897), 163).
Harrastaða er getið í jarðasölubréfi gerðu í Þykkvaskógi 19. júní 1427. Guðni Oddsson selur Böðvari Rafnssyni jarðirnar Þykkvaskóg, Miðskóg og Harastaði (D.I.IV.(1897), 345-6).
Í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld kemur fram að árið 1439 seldi Guðni Oddson, Böðvari Rafnssyni Þykkvaskóg, Harastaði og Miðskóg (Jarðabréf (1993), 73).
Í JÁM kemur fram að á jörðinni sé tvíbýli. Jörðin gengur undir nafninu Harrastaðir í dag.
Nýbýlið Fagragrund eða Grund byggt upp rétt fyrir miðja 19. öld og fór í eyði árið 1942, skv. Ö-Harrastaðir (K.Þ.), 2.
1919: 6,9 ha; 1/3 þýft; Matjurtagarðar 400 m2. Grund/Fagragrund (nýbýli): 1919: 0,5 ha; Matjurtagarðar 130 m2.

**DA-050:018** tóft hesthús A 371456 N 506526
Tóft er um 250 m norðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1937) og 45 m norðvestan við Snæfellsveg (54). Að sögn Helga Fannars Þorbjarnarsonar, heimildamanns, var þetta hesthústóft. Tóftin er 1 m utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en helgunarsvæði hennar (15 m) nær inn á það og því var tóftin skráð.
Ofarlega á grónu, hálf-skeifulaga holti, sem er í deiglendi. Til suðurs og suðausturs eru ræktuð tún en óræktað svæði til annarra átta.
Tóftin er tvískipt, 16 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög gróin og eru veggir 0,4 m á hæð. Víða sér í grjót en veggir eru þó mikið grónir og ekki hægt að telja umför. Hólf A norðvestar. Það er 7,5 x 2 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Ekki er hlaðinn veggur á suðvestur-hlið hólfsins. Hólf B er suðaustast. Það er 6,5 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er hlaðinn veggur á



Mynd 85: Uppmæling af tóft DA-050-018.


Mynd 86: Hesthús DA-050:018, horft til austurs.

suðausturhluta þess.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**DA-050:019** heimild um leið A 371472 N 506531
Óviss leið er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1914, frá bæ 001 og áfram til norðvesturs, að Fögrugrund 007. Leiðin lá þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.
Leiðin lá í gegnum deiglend og óræktuð svæði. Hér og þar standa hálfgrónir hólar, eða holt, upp úr deiglendinu.
Engin ummerki um leiðina sjást lengur og sennilega hefur hún horfið smátt og smátt eftir að hætt var að nota hana.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 34 SV Kvennabrekka - Laxárdalur

## DA-099 Leysingjastaðir

1686: 20 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.
1695: 24 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.
1703: 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 85.
1731: 24 hdr., bændaegin, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 93.
1847: 24 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.
Í Gunnlaugs sögu Ormstungu segir: «Þorvaðrs gerði, sem hon mælti; siðan reið hann vestr í Hjarðarholt eð barnit og fékk Þorgerði í hndr, en hon lét upp fæða landseta sína, er bjuggu inn á Leysingjastǫðum í Hvammsfirði.» ÍF III, 57.
1325: Sælingsdalstungukirkja heimtar tíund af jörðinni (DI III, 103-104), 1327 (DI II, 633-634), 1452 (DI V, 100-101), 1491-1518 (DI VII, 69-70).
1337, 10. júlí. "Úrskurðarbréf Gríms lögmanns Þorsteinssonar um landamerki Sælingsdalstungu [DA-100] og Leysingjastaða." DI II, 716-717.
1412, 5 .maí "Ollum monnum þeim sem þetta bref sia ædrhæyra [...] at þorlæifr arnnason selldi asgæire arnnasyni med samþycki kristinar biornsdottur konu sinnar jardir ær suo heita [...] ok leysingiastadir hueria vm sig med aullum þeim gögnum ok gædum sæm þæssum jrdum hæfir fylgt at fornu ok nýiu [...]." DI IV, 292-293.
1678, 28. apríl. "Gunnar Jónssonar selur Arngrími Jónssyni 8 hndr. Í Leysingarstöðum í Hvammssveit og Ásgarðskirkjusókn. Hér í mót lofar Arngrímur að greiða 20 hndr. í lausasafé. Gunnar áskilur, að móðir hans og þeirra beggja hafi áfram ágóða af fyrirskrifuðum jarðarhundrum um hennar lífsstíð," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 81.
1689, 28. apríl. "Björn Jónsson gerir ljóst, að hann fái skilgetnum bróður sínum, Arngrími Jónssyni, til eignar eitt jaðarhundrað og 40 álnir í Leysingastöðum [...]. Gunnhildur Ólafsdóttir samþykkir að Gunnar sonur hennar selji Arngrími bróður sínum 8 hndr. í Leysingarstöðum," hvað ég veit ei betur en synir mínir allir sama eigi sín átta hundruð hvör í nefndri jörðu og þeim hafi að erfðum fallið eftir sinn sáluga bróður, Jón Jónsson, og sem skiptabréfið klárlega útvísar, að ég til arfaskipta lagði þessa mína eign

barnanna á milli, með því skilyrði að minn yngsti sonur mætti þessa títtnefnda jörð eignast, hvað hönum skiptist. Gunnhildur setur það sem skilyrði, að hún íhaldi með sína lífstíð afgjald af þesum parti, eins og skilmáli þar útvísar," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 81.
1693, 28. júní. "Mag. Björn Þorleifsson biskup selur sr. Halldóri Pálssyni 6 hndr. í Leysingastöðum í Hvammssveit og Sælingsdalskirkjusókn. Hér í mót framleggur sr. Halldór samstundis 60 ríxdali in specie. Fyrir hálft annað kúgildi með jarðapartinum lofar sr. Halldar að greiða í haust 6 ríxdali," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 87.
1694, 14. janúar. "Sr. Halldór Pálsson selur Sigurði Jónssyni 6 hndr. í Leysingarstöðum í Hvammssveit og Sælingsdalstungusókn. Hér í mót framleggur Sigurður samstundis 41 ríkisdali in specie. Item lofar hann 10 ríkisdölum upp í andvirði jarðarinnar það snarasta hann getur við komið. En með því að hann telur sig ekki geta, sökum vanefna, leyst til sín þann jarðarpart öldungis með ríkisdölum, hefur svo samað með þeim sr. Halldóri og Sigurði, að þeir 9 ríkisdalir, sem eftir standa, skuli kvittast í eyri af Sigurði eftir dönsku lagi. Á móti hálfu öðru kúgildi á jörðinni lofar Sigurður gildri kú og þrem ám með lömbum," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 87.
1694, 28. mars. "Póstur úr bréfi Björns Þorleifssonar biskups til sr. Halldórs Pálssonar: Björn kveðst hafa beðið Gunnar (Jónsson) í Ásgarði að afgreiða Halldóri eða meðtökumanni hans 6 hndr. í Leysingjastöðum með hálfu öðru kúgildi. "En áttatíu ál, mína eign þar að auki vil ég ei so kargarlega til muna meta, á kúgugunarlaust, þó eins dýrt hinum hundruðum eftir proportion af mínum sál. föður betalaðar séu, þá mun ég ei af þeim búa. Mega þær því yðar eign vera, betalingslaust, ef yður þykir þá betur," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 87.
1694, 11. nóvember. "Sr Halldór Pálsson selur Sigurði Jónssyni 80 álnir í jörðinni Leysingarstöðum með öllum gögnum og gæðum, sem þessum 80 álnum fylgir og fylgt hefir að fornu og nýju, það frekast sem sr Halldór er eigandi að orðinn meistara Birni Þorleifssyni. Hér fyrir eiga að koma sex ríkisdalir in specie, fjögur mörk dönsk í silfri og tveir fiskar. j að Sigurður sé vant við kominn að greiða upphæðina nú samstundis, fær hann samt að taka með sér þessar 80 álnir með því skilyrði, að hann betali þær rigtuglega að tveggja ára fresti," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 87.
1695, 25. mars. "Sr. Halldór Pálsson kennist, að Sigurður Jónsson sé aldresis kvittur um andvirði 6 hndr. í Leysingarstöðum og 80 álna í sömu jörð" segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 87-88.
1615. "Gísli byskup Jónsson leggr tvær jarðir til Ásgarðskirkjusóknar [...]. skipadi firnefndur H[erra] Gisli Jonsson ad Leisingiastader og Magnusskogar [DA-097] leggist til Asgardskirkiu med allri Rent [...]." DI XIII, 524.
Eyðibýli 1703: Litlebær (99:014), skv. JÁM VI, 86. Sem og Þorsteinstóftir (99:027), skv. Ö-Leysingjastaðir, 4.
1917: Ræktað tún 8,0 ha (þýft 4,0 ha) og 3,4 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 11,4 ha og garðar 370 m2.
1703: "Túnið er alt þýft, sumt grýtt, sæmilega grasgefið. Engjar á dreif, votar víðlendar [...]. Hagar góðir en þrönglendir. Selstaða hefur verið í heimalandi; nú lengi ekki brúkuð, og er ekki að gagni án þess að selhagar til beitar sje leigðir af annari jörðu [...] .Túnið spillist af vatni [...]. Engjar spillast af grjóti og sandi úr lækjum. Vatn þrýtur stundum, og er þá erfiðara til vatns. Hættur eru miklar af dýjum fyrir kvikfjenað. Beit fyrir fjenað er jafnan tilfengin," segir í JÁM VI, 86.
1731: "Toduvölluer er ar mikell og grasgiefenn. Utheyes Slægiur vydlendar. Hagbeit god ä Sumurenn og gott under bu. Torfrista og stunga god. Okoster [...]. Vetrar beit miog litel, þvi fiallhagana leggur strax under af fönn j firstu sniöumm. Vetrarhardt sem ä annare Daljördu. Landlytel af grashöfum," segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 94.

**DA-099:012** *Stekkjarvað* heimild um vað A 370377 N 529981
"Stekkjarvað. Vað á ánni skammt vestan við hólinn," segir í örnefnaskrá. Stekkjarvað er um 730 m norðvestan við bæ 001 og er í miðju áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. Vaðið var líklega notað á leið DA-651:008.
Áin er fremur grunn á þessu svæði.
Ekki sést til vaðsins en líklega var farið yfir ánna þar sem hún er grynnst.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Leysingjastaðir, 1

1686: 44 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.
1695: 44 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 181.
1703: 44 hdr., kirkjustaður og annexía frá Hvammi, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VI, 86. 1731: 44 hdr., kirkjustaður og bændaeign, skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 92.
1847: 44 hdr., bændaeign, skv. Jarðatali Johnsen, 167.
Jörðin er einnig nefnd Tunga skv. ÁFÍ 2011, 54.
Í Heiðvíga sögu segir: «Þá kaupstefna er sem óðust, sendir ann frá Sælingsdalstungu tvá menn á Eyrar suðr at njósna um heimaveru Þorsteins ok Borgfirðinga." ÍF III, 244.
Í Eyrbyggja sögur kemur fram að jörðin sé heimabú Snorra goða, sem hann keypti af Guðrúnu Ósvífrsdóttur. Snorri andaðist á jörðinni og var hann grafinn í kirkjunni þar; sbr. ÍF IV, 153, 157, 162, 163, 164, 165, 166, 180, 183, 186.
Í laxdælu segir: «Í Tungu bjó þar maðr, er Þórarinn hét, sonr Þóris sælings.» ÍF V, 86. Síðar segir: «Þau Guðrún ok Boli settu bú saman um várit í Sælingsdalstungu, ok varð þat brátt risuligt." ÍF V, 159; sbr. einnig ÍF V, 85, 142, 146, 147, 154, 159, 161, 166 169, 170, 174, 201, 203, 204, 206, 208, 225, 226, 230, 232, 233, 23, 248.
Í Grettis sögu segir: « Ok er Þorsteinn varð þess varr, sendi hann Gretti inn í Tungu til Snorra goða, þvi at þá var málfriðr með þeim." ÍF VII, 157-158; sbr. einnig ÍF VII, 221-22.
Í Brot af Þórðar sögu hreðu segir: «Þorkelll snýr þegar vestr ok kemr ekki á fund Eiðs, léttir eigi fyrr en hann kmr í Sælingsdalstungu." ÍF IX, 245.
c. 1117. Í þorgils sögu ok hafliða segir. "Már prestr Þormóðarson bjó í Sælingsdalstungu." Sturl. I, 13; sbr. einnig Sturl. I, 28, 36.
c. 1148. Í sturlu sögu segir: "Ok í þenna tíma hafði Oddi í bú setzt at Skarði á Nyðri-Strönd, en Einarr, bróðir hans, bjó í Tungu í Sælingsdal." Sturl. I, 66; sbr. einnig Sturl. I, 68, 72, 76, 77, 79-80.
c. 1228. Í Íslendinga sögu segir: "Þorvaldr reið inn í Hús um aftaninn, en til dagverðar Ólafsmessu inn í Tungu til Jóreiðar ok vestr til Saurbæjar um daginn ok áði í Holti." Sturl. I, 321; sbr. einnig: Sturl. I, 347, 392, 447, 480.
c. 1243. Í Þórðar sögu Kakala segir: "Sturla Þórðason var þá í Sælingsdalstungu." Sturl. II, 30.
c. 1244. Í Þórðar sögu Kakala (Króksfjarðarbók) segir: "Sneru þeir þá upp til Tungu ok kómu ar mjök á óvart, ok komst Helga Hhúsfreyja, kona Sturlu, nauðuliga í kirkju með Snorra, son sinn, sem þá var fögurra vikna." Sturl. II, 288.
1337, 10. júlí. "Úrskurðarbréf Gríms lögmanns Þorsteinssonar um landamerki Sælingsdalstungu og Leysingjastaða." DI II, 716-717.
c. 1410. "Vitnisburður Þorleifs Snorrasonar og Þorvalds Auðuarsonar um landamerki Sælingsdalstungu." DI III, 728-729.
c. 1420-1445. "Skrá um peninga þá, er Úlfrún Þorsteinsdóttir lukti kirkju í Sælingsdalstungu, en Gunnar Jónsson tók með." DI IV, 272-273.
1430, 20. apríl. "Gjafabréf Lopts Guttormssonar til sona sinna og Kristínar Oddsdóttur, Orms, Skúla og Sumarliða, þar sem hann gefr hverjum þeirra þrjú hundruð hundraða í löndum, og lausafe skipar fyrir um ómagavist á höfuðbólum sínum [...] Sumarlida gief eg þessar jarder j Daulum [...]. tungu. lauger [DA-103] [...]." DI IV, 404-406.
1489, 12. október. "Steinunn Gunnarsdóttir arfleiðir Pétr Loptsson son sinn til alls þess fjár, er hún gefr honum, en það reiknast hundraða hundraða [...] i jordunni sælingsdalstungu er liggur i huamssueit oc hier til x og lx j fridum peningum og ofridum." DI VI, 296.
1565, 4. nóvember. "KAUPBRÉF fyrir hálfri Sælingsdalstungu." DI XIV, 544-546.
1568, 17. ágúst. "LÖGMANNSÚRSKURÐUR um skiptabréf síra Lopts Péturssonar [...] sem her er fest. ad greindur sira Loptur hefur selt sira Joni syni sinum halfa jordina Sælingsdalstungu [...]." DI XV, 134-135; sbr. einnig DI XV, 279. Eyðibýli 1703: Tungukot (100:040), Leitiskot (100:039), Hafratindar (100:041), skv. JÁM VI, 87. Eyðibýli 1731: Ónefnt býli (100:042), skv. Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 93.
Hjáleigur: Efribæjar (100:046), og Neðribær (00:048) skv. Breiðfirðingur 56, 8
Nýbýlið Miðgarður reist á jörðinni c. 1950, skv. Ö-Sælingsdalstunga Svör, 3-4.
Hjáleigan Hafratindar er getið í Laxdælu; ÍF V, 151-152, 161.
Á jörðinni var tvíbýli, skv. túnakorti 1917.
Kirkja er á jörðinni og er hennar getið í Kirknaskrá Páls. DI XII, 12. Heimtar hún tíund af Glerárskógum,

Magnússkógum, Leysingjastöðum, Sælingsdal, Laugum og Hólum, sbr. DI III, 103-104; DI II, 633-634; DI V 100-101; DI VII, 69.
Jarðaítök. Kirkjan á allan við- og hvalreka á Stikuvik og 12 manna íferð í Saurbæjarföru, skv. SSD, 87. Upprekstarlönd fyrir Hvammsveit voru innan Glerárskóga (DA-096), Sælingsdal (DA-102) og Sælingsdalstungu, skv. SSD, 85.
1917: Ræktað tún 9,6 ha (þýft 6,4 ha) og 2,0 ha undir hús og fl. Öll torfan er samtals 11,6 ha og garðar 824 m2.
1703: “Túnið er alt þýft og grýtt; sæmilega grasgefið. Engjar á dreif heimavið og litlar; sumar grasmeiri, lángt burt á fjalli. Hagar miklir og góðir en lángt til. Selstaða í heimalandi jafnlega brúkuð, í betra lagi að gæðum [...]. Silúngsveiði hefur áður kunnan að vera að nokkru gagni í Hólaá; nú sljett engin. Skógur er þar góður til eldiviðar og má nýta til kolagjörðar [...]. Grasatekja hefur verið að nokkru gagni [...]. Túnið og veita fyrir neðan spillist árlega af sandi og grjóti úr bæjarlæknum [...]. Engjar þær bestu hefur áin fordjarfað [...]. Hagar spillast stórkostlega með sama móti. Vatnsból erfitt og þrýtur stundum,” segir í JÁM VI, 86-87.
1731: Koster. Toduvöllur er þar mikell gödur og grasgiefenn [...] Hagbeit ä sumurenn yfirfliotannleg og gott under bú. Utegangur er hinn beste ä Veturenn. Selstada Hæg og Hagagöd og ma brukast af villde. Skögur er þar nægur til kola og elldevidar og þar til ij vexte. Jordenn ä miked land bæde ä Dolumm og fialle, og þad best sen fiærst hennar er. Torfrista og stunga góð. Okoster [...]. Langur og ordugur vegur til Soknar umm ganglegann heiskap [...]. Fyerer hveriar ordsaker þesse jörd hafe nidurstyged uppä eftergialld, veit engenn adrar en folkfæded, og öhepne landsdrottenz,” segir í Jarðabók yfir Dalasýslu 1731, 93.

**DA-100:027** heimild um leið A 370039 N 530307
“Jónshólar. Nokkrir lágir lynghólar vestan við gamla veginn heim að Tungu,” segir í örnefnaskrá. Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið merkt sem liggur í sveig frá Sælingsdalstungu 001 í suðurátt að beitarhúsum DA-100. Hér er um sömu leið að ræða. Hluti leiðarinnar var tekin út vegna jarðstrengsframkvæmda 2023 nærri Sælingdalstungu II.
Þar sem leiðin lá skiptast á ræktuð tún og óræktа deiglendi, fremur slétt þótt einstaka svæði séu mishæðótt. Engin ummerki um leiðina sáust innan áhrifasvæðis 2023. Það svæðið er komið undir tún og hefur leiðin sennilega horfið vegna túnasléttunar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Ö-Sælingsdalstunga, 3; H-kort 34 NV Ásgarður - Laxárdalur

**DA-100:053** heimild um beitarhús A 370145 N 530281
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er beitarhús merkt um 1,1 km sunnan við bæ 001. Þarna er nú bærinn Sælingsdalstunga II og útihús austan íbúðarhússins. Ekki er vitað hvar nákvæmlega beitarhúsin voru staðsett en líklega voru þau á sama stað og útihús Sælingsdalstungu II. Áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs er fast norðan við byggingarinnar en beitarhúsin höfð með vegna nálægðar.
Sléttað og unnið tún á milli mannvirkja frá 20. öld.
Engin ummerki beitarhúsanna sjást á yfirborði.
**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 34NV 1914

## DA-600 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Hörðudalshreppi

**DA-600:003** heimild um leið A 362752 N 503948
Á herforingjaráðskorti frá 1913 sér leið liggja til suðausturs frá þjóðleið 007 í landi Dunks DA-003 og áfram að Selárdal DA-006. Hluti leiðarinnar var tekinn út árið 2023 vegna jarðstrengsframkvæmda, í landi Dunks DA-003.
Leiðin lá þar sem nú (2023) skiptast á ræktuð tún og deiglend svæði. Snæfellsvegur (54) liggur þvert í gegnum svæðið og víða standa hálfgróin holt upp úr deiglendinu.
Engin ummerki um leiðina sáust innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023 en hún var ekki rakin utan þess.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

**DA-600:004** heimild um leið A 363431 N 503826
Á herforingjaráðskorti frá 1914 liggur frá leið til suðurs frá þjóðleið 007 sunnan við heimatún Álfatraða DA-004, þvert yfir þjóðleið 003 og endar við Gautastaði DA-005. Leiðin lá þvert í gegnum áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Álfatraða.
Snæfellsvegur (54) liggur sunnan við áhrifasvæðið og víða standa hálfgróin holt og melar.
Engin ummerki um leiðina sáust innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023 en hún var ekki rakin utan þess.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

**DA-600:006** heimild um leið A 367702 N 503601
Á herforingjaráðskorti frá 1914 lá leið til suðurs frá þjóðleið 007 í landi Blönduhlíðar DA-009 og endar við Hól DA-012. Hluti leiðarinnar var tekinn út árið 2023 vegna jarðstrengsframkvæmda í landi Blönduhlíðar.
Leiðin lá í gróinni brekkubrún Blönduhlíðarháls.
Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi 2023.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

**DA-600:007** heimild um leið A 366827 N 504234
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið merkt frá hreppamörkum Miðdalahrepps og er um framhald leiðar DA-621:001 að ræða. Leiðin liggur framhjá Blönduhlíð DA-009, Bugðustöðum DA-008, Ketilsstöðum DA-007, Álfhóli/Álfatröðum DA-004, Dunki DA-003, Dunkárbakka DA-002 og Gunnarsstöðum DA-001 og sameinast þar leið 001. Leiðin var brúuð (DA-002:048) yfir Bakká. Hluti leiðarinnar var tekinn út vegna jarðstrengsframkvæmda árið 2023 í landi Gunnarsstaða, Dunks og Bugðustaða en engin ummerki hennar eru þar.
Þar sem leiðin lá er annað hvort deiglent svæði eða búið að umturna því með lagninu vega, þ.á.m. Snæfellsveg (54).
Engin merki um gömlu þjóðleiðina sést lengur innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023. Sennilega hefur stór hluti leiðarinnar horfið þegar Snæfellsvegur (54) var lagður eða aðrir minni malarvegir við bæi, svo sem á Dunki.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

## DA-621 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Miðdalahreppi

**DA-621:001** heimild um leið A 369418 N 504443
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið merkt frá hreppamörkum Miðdalahrepps við Hörðudalsá. Um framhald leiðar DA-600:007 er að ræða. Leiðin lá framhjá Hörðubóli DA-021, Snóksdal DA-022, yfir Miðá, að Harrastöðum DA-050 og endaði við Haukadalsvatn. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs á þremur stöðum, þ.e. í landi Hörðubóls, Gilsbakka og Harrastaða.
Þar sem leiðin lá er annað hvort deiglent svæði, holt eða ræktuð tún.
Engin merki um gömlu þjóðleiðina sést lengur innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023. Sennilega hefur stór hluti leiðarinnar horfið þegar Snæfellsvegur (54) var lagður en hann er á svipuðum stað að hluta.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd; H-kort 34 SV Kvennabrekka - Laxárdalur

**DA-621:002** heimild um leið A 369266 N 503514
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið sýnd liggja til suðurs frá þjóðleið 001, í gegnum heimatún Hörðubóls DA-021, yfir Hörðudalsá og sameinaðist leið DA-600:006 þar. Leiðin liggur þvert í gegnum

áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs, nánast á merkjum Hörðubóls og Þorgeirsstaðahlíðar DA-020, við ánna.
Framræst deiglendi er þar sem leiðin lá við Hörðudalsá.
Engin ummerki um leiðina sjást lengur í landi Hörðubóls og Þorgeirsstaðahlíðar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

**DA-621:003** heimild um leið A 369517 N 503951
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið sýnd liggja til suðurs frá þjóðleið 001, norðan við Hörðuból DA-021 að heimatúni Þorgeirsstaðahlíðar DA-020 og áfram til suðurs að hreppamörkum Hörðudalshrepps. Hluti leiðarinnar var tekin út vegna jarðstrengsframkvæmda 2023 í landi Hörðubóls og Þorgeirsstaðahlíðar.
Leiðin lá á svipuðum slóðum og þar sem núverandi malarvegur að Þorgeirsstaðahlíð liggur, í grasi gróinni brekku sem hallar smávægilega til vesturs.
Engin ummerki um leiðina sást á vettvangi innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 24 SA Hvammsfjörður – Fellströnd

**DA-621:004** heimild um leið A 370735 N 505004
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er leið sýnd liggja til austurs frá þjóðleið 001 norðan við Snóksdal DA-022. Leiðin lá til suðausturs inn svokallaða Miðdali, austan við Bæjarháls og þræddi á milli nokkurra bæja þar. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs norðan við Snóksdal og var einungis skoðuð þar.
Leiðin lá á svipuðum slóðum og þar sem núverandi malarvegur, Hálsbæjarvegur [582] er.
Engin ummerki um leiðina sást á vettvangi innan áhrifasvæðis jarðstrengsframkvæmda 2023.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 34 SV Kvennabrekka - Laxárdalur

## DA-651 Fornleifar á fleiri enn einn jörð í Hvammshreppi

**DA-651:003** heimild um leið A 369680 N 530315
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er gata sem liggur frá Sælingadal (DA-102) í suðurátt og fer framhjá Laugum (DA-103) og Hólum (DA-134) en sveigir til suðvesturs þegar komið er við Laxárgil og sameinast leið (651:006) við Skerðingsstaði (DA-105). Hluti leiðarinnar var tekin út í landi Sælingsdals vegna jarðstrengsframkvæmda 2023.
Leiðin lá rétt austan við Sælingsdalsá, mjög grónir og fremur sléttir árbakkar.
Engin ummerki um leiðina sáust innan áhrifasvæðis framkvæmda 2023, sennilega hefur hún horfið smátt og smátt með tíð og tíma eftir að hætt var að fara leiðina.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 34 NV Ásgarður – Laxárdalur

**DA-651:008** heimild um leið A 370547 N 529452
Á herforingjaráðskorti frá 1914 er merkt leið sem liggur frá Gerði (DA-101) í Sælingsdal í suðurátt og endar í Ásgarðslandi. Hluti leiðarinnar var tekin út í landi Leysingastaða (DA-099) vegna jarðstrengsframkvæmda 2023.
Þar sem leiðin lá að stórum hluta er nú (2023) Vestfjarðarvegur (60) og þar sem honum sleppir er gróið deiglendi.
Engin ummerki um leiðina sáust innan áhrifasvæðis framkvæmda 2023, sennilega horfin vegna vegagerðar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** H-kort 34 NV Ásgarður – Laxárdalur

## SN-275 Hólar

12 hdr. **1703**. Konungseign. JÁM V, 314-315
**1847**: 12 hdr. JJ, 156.
Fyrst getið 1377: "Herra Asgrijmur abote a Helgafelle. keypte aff Kolbeine Benedictussyne Hola j Hellgafellzsueit. og Grunnasundznes. ad frateknum jtökum þeim adrer menn eiga i skogarhogg. Hier a mote gaff herra abote x hundradz hesta. halffann siounda tug skreidar fyrir x c. sextan hundrud j silffre. xxvij c wadmala og ij c. i hual." DI III, 315
Tún 2,9 ha, 1/2 slétt. Garðar 300 m2. "Túnið ekki lítið, en grýtt og þýft og graslítið. Engjar víðslægar á dreif. Hagar sumargóðir. Útigángur góður...Skógur er þar nægjanlegur til kola og eldiviðar. Torfskurður getur þar og verið. Jörðunni fylgir ein ei, kallast Hóley. Í henni hefur verið eggver, en er nú so nær ekkert. Ónýt er hún til slægna." JÁM V, 314-315 Hólaey var notuð til beitar 1805. JJ, 156 "...landlítil jörð en notagóð, sumarbeit nokku létt, heyskapur sæmilegur, vetrarbeit allgóð." SS, 190 "Landið liggur milli Hauksár og Bretinsstaðalækjar. Ekki fylgir mikið fjalllendi en land er vel gróið og þægilegt til afnota. Jörðinni fylgir eyja, sem heitir Hólaey. Er þar lítilsháttar æðarvarp.." BS, 438

**SN-275:037** heimild um leið A 326039 N 505010
Á herforingjaráðskorti frá 1914 sést leið liggja til norðausturs frá þjóðleið SN-661:003 að bæ 001. Leiðin lá eftir vesturhlíðum hæðar sem er sunnan við bæinn, malarvegur er á svipuðum stað nú. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs við Snæfellsveg.
Þar sem leiðin lá eru brekkur í halla til vesturs. Melur og klettar eru áberandi.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 24SV 1913

**SN-275:038** heimild leið A 325792 N 505128
Á herforingjaráðskorti frá 1914 sést leið liggja til norðausturs frá þjóðleið SN-661:003 að bæ 001. Leiðin er um 220 m austan við leið 037 og lá eftir austurhlíðum hæðar sem er sunnan við bæinn. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs við Snæfellsveg.
Þar sem leiðin lá eru brekkur og klettahólar í halla til austurs. Melur og klettar eru áberandi.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Herforingjaráðskort 24SV 1913

## SN-276 Svelgsá

20 hdr. **1703.** Konungseign. JÁM V, 314
**1847**: 20 hdr. JJ, 156.
Fyrst getið í kaupbréfi fyrir Hrísum 1398: "Ek keypta oc suelsaa af fyrrnefndum Oddi. oc fylgde ecke natthage. og med þui sellda eg suelgzaa Magnuse." DI III, 638
Tún 4 ha, 2/3 slétt. Garðar 600 m2. "Túnið er harðlent, hálfsljett og snögt. Engjar litlar og á dreif innan um skóg votlendan. hagar sumargóðir. Útigángur í meðallagi...Skógur er þar til kola og eldiviðar en nokkuð kalinn. Torfskurður má þar og vera. Jörðunni fylgir i ey, kölluð Eiríksey, eru þar í slægjur, eggver nokkuð og lundatekja mjög lítil." JÁM V, 314 1805 lá Eiríksey undir og gaf auk heyskapar 1 pd æðardúns og 2 pd fiðurs. JJ, 156 "Þar eru allgóðir sumarhagar, heyskapur sæmilegur, vetrarbeit óáreiðanleg." SS, 190 "Landið er stórt og grösugt. Það liggur frá Svelgsá og vestur að Hauksá frá sjó, og til fjalls milli Svlegsárhrauns og Drápuhlíðarfjalls. Niðurland jarðarinnar er nú að mestu ræktað. Eiríksey tilheyrir jörðinni. þar er slægjuland, sem áður var notað, einnig var þar æðarvarp og kofnatekja." BS, 439

**SN-276:011** heimild um leið A 326915 N 504364
Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir heim að bæ úr suðvestri. Í grein sinni frá 1926 segir Þorleifur

Jóhannesson að gegnum túnið á Svelgsá hafi legið traðir, sem nú sé búið að slétta. Sömuleiðis segir Guðbrandur Sigurðsson: «Fram undir síðustu aldamót lá tröð frá bænum á Svelgsá beint vestur úr túninu í áttina til Hóla, sem er næsti bær í þeirri átt. Önnur tröð lá frá bænum í austur gegnum túnið, í beina stefnu að Tóftum í Hrísalandi.» Traðirnar voru um 100 m suðvestan við núverandi bæjarstæði jarðarinnar (b. 1984) og 35 m norðan við Snæfellsveg (54).
Þar sem traðirnar lágu er nú (2023) sléttað tún.
Engin ummerki um traðir sjást lengur vegna sléttunar. Jóhann Guðmundur Hálfdanarson, heimildamaður, vissi ekki hvort traðirnar hafi verið hlaðnar eða ekki.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918; Þorleifur Jóhannesson 1926, 45; Guðbrandur Sigurðsson, 1957, 48

## SN-277 Hrísar

30 eða 40 hdr. **1703.** JÁM V, 313-314.
30 hdr. 1847. Konungseign.
Getið í Eyrbyggja sögu: "Snorri goði reið upp um háls til Hrísa ok svá til Drápuhlíðar ok um morgininn út til Svínavatns ok svá til Hraunsfjarðar....." ÍF IV, 57
1332: "Kyrkiann j Hrijsum j Helgafells sveit var vijgd thil heydurs Gude almattugum oc vorre fru sancte mariæ oc postolum Guds petro et paulo oc hinum helga þorlake biskupe oc heilagre katarinæ
Enn sa er maldagie kyrkiu þeirrar. ad þar liggur thil halftt land ad vlfarsfelle oc ij kugillde. týund allra heima manna liggur þar thil kyrkiu. þar skal syngia paskadag allar tijder: og sækia prest med heste oc manni þessa daga bada oc fæara heim. þar skal syngia annan huernn [dag] laughelgann messo. enn fiorda huernn ottusaung. fylgia preste umm vetur annad huertt madur edur hestur. Grauftur til Helgafellz oc adrar skýlldur. þadan skal oc saungur vera oc greida presti ij merkur. þetta aa kykiann jnnan ig kluckur iiij. alltaris klæde ij. elldbere. las. tiaulld umm kyrkiu.
Jn nomine Domini amen. Vær broder jon med gudz nad biskup j skalhollte stadfestum vær þennann maldaga sem hier er skrifadur med þessu voru letri oc jnnsigle. j skalhollte tueim nottum firi Ambrosiusmessu. Anno Domini cic ccc xxx secundo." DI II, 672-673 1390: "Þorsteirn abote keipte fiordung j Hrijsum aff Markuse Olaffssine med samþicke Olafar konu sinnar firer xv c j lausafie. Anno 1390." DI III, 445 1440: "Herra þorsteijrn abote ad Helgafelle. keiffe wlffarsfell aff Olaffe þorarinzsine med samþicke konu hans og suo þria parta j Hrijsum j Helgafellzsueit. Og gaff i stadinn jordina alla Borg j Mikll (a) holltzhrepp. med halffum Borgardal. Og þar til alla jordina Groff og Kalffarvelle alla Anno 1440" DI IV, 618 1398: Ormur Snorrason keypti jörðina Hrísa (með nátthaga). DI III, 637-638.
Hrísakot hjáleiga 1702 og meint eyðibýli Mosvellir. JÁM V, 313-314
Mosvalla er aftur getið sem eyðibýlis. JJ, 156
Tún 6,4 ha, 1/4 slétt. Garðar 600 m2. "Túnið er þýft, en í betra lagi að grasi. Engjar víðar og sæmilega góðar. Hagar góðir og víðlendir. Útigángur í besta lagi....Skógur til kola og eldiviðar." JÁM V, 313 "Land þetta hefir til forna, einkum neðri partur þess, verið mikið skógi vaxið, en hefir stórum úr sér gengið við það að skógurinn upprættist. Efri hluti þess er betri bæði til beitar og slægna." SS, 189 "Land er víðáttumikið og grösugt. Möguleikar miklir til ræktunar og góðir sumarhagar." BS, 440

**SN-277:034** dæld óþekkt A 327319 N 504131



Mynd 87: Dæld SN-277:034, horft til vesturs.

Dæld er um 100 m norðan við Snæfellsveg (54) og 100 m austan við Svelgsá. Dældin sker part af suðurhluta garðlags 035_01. Austurhluti dældarinnar er innan áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs.
Dældin er mitt á milli tveggja gróna hóla, í deiglendu til mýrlendu svæði.
Dældin er 28 x 10 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er allt að 0,5 m djúp og er botn hennar rakur. Bakkar eru grónir og lóðréttir. Óvíst er með hlutverk dældarinnar, mögulega ummerki um mógrafir sem hafa fallið saman.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SN-277:035_01** garðlag áveita A 327336 N 504157

Tvö forn garðlög, 035_01 og 02, eru rúmum 110 m norðaustan við Snæfellsveg (54) og um 100 m austan við Svelgsá. Garðlögin eru samsíða og virðast afmarka svæði sem er 130 x 30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs fer yfir garðlögin. Hlutverk þeirra er óþekkt en líklea er um áveitu eða engjar að ræða.

Svæðið er nokkuð deiglent til mýrlent og er mjög gróið. Til vesturs og austurs eru hálfgróin melholt, Snæfellsvegur til suðurs og Svelgsá til norðurs.

Garðlag 01 er austar. Það er 130 m langt og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega náði það lengra til norðausturs en það er ekki lengur skýrt og þar er niðurgrafin renna. Garðlagið er torfhlaðið og mjög sigið, 0,2-0,3 m á hæð. Dæld 034 sker hluta af garðlaginu í sundur rétt sunnan við miðju þess.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**SN-277:035_02** garðlag áveita A 327323 N 504196

Garðlag 02 er vestar. Það er 104 m á lengd og snýr NNA-SSV. Suðvesturhluti garðsins er verr varðveittur og aðeins 0,2 m á hæð en norðvesturhluti garðsins er allt að 0,4 m á hæð. Garðurinn er rofinn fyrir miðju úttektarsvæðisins. Garðurinn er torfhlaðinn og sést lítið innan svæðis.

## SN-661 Fornleifar á fleiri enn einni jörð í Helgafellsshreppi

**SN-661:003** vegur leið A 325767 N 505109

“Út af þessum alfaravegi, sem er eftir endilangri sveitinni, liggja 2 vegir, annar fyrir utan Kóngsbakka ofan að Hraunvíkinni og þar yfir hraunið niður við sjóinn út í Bjarnarhöfn, og er það sá vegur, sem berserkirnir ruddu; hinn fyrir ofan bæinn Hóla til norðurs ofan hjá Saurum og Helgafelli ofan í Stykkishólm.” Vegurinn sem hér er skráður er getið síðar í lýsingunni. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 24SV frá 1913 og þá sem reiðgötur. Leiðin er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Hóla SN-275 og Hrísa SN-277.

Snæfellsvegur (54) liggur sunnan við og samsíða þessum eldri vegi/leið mestu. Leiðinni hefur verið raskað við gerð nýja vegarins en sést þó enn austan við afleggjarann að Hólum.



Mynd 88: Vegur SN-661:003, horft til austurs.

Vegurinn sést vel norðan við núverandi þjóðveg og austan við afleggjarann að Hólum. Hér er um eldri malarveg að ræða en ekki reiðgöturnar sem sýndar eru á herforingjaráðskorti. Þessi vegur er í suðurjaðri úttektarsvæðis. Hann sést ekki á landi Hrísa.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** SS, 199; Herforingjaráðskort 24SV 1913

# 4 Niðurstöður

Samanlagt voru skráðar 124 fornleifar á 114 minjastöðum innan úttektarsvæðanna allra. Flestar fornleifarnar voru á úttektarsvæði 4 í Lundarreykjadal í Borgarbyggð, alls 59 talsins en fæstar voru þær á svæði 3 í Hvalfjarðarsveit, þar var einungis ein þjóðleið.

| Númer svæðis | Sveitarfélag | Lengd (km) | Fjöldi fornleifa |
|---|---|---|---|
| 1 | Kjósarhreppur | 10 | 16 |
| 2 | Hvalfjarðarsveit | 3,5 | 9 |
| 3 | Hvalfjarðarsveit | 2,5 | 1 |
| 4 | Borgarbyggð | 30 | 59 |
| 5 | Dalabyggð | 20 | 27 |
| 6 | Dalabyggð | 2 | 5 |
| 7 | Stykkishólmur | 8 | 7 |
| Samtals | | 76 | 124 |

Tafla 1: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum

Úttektarsvæðin voru bæði innan heimatúna og í úthögum og tengjast skráðar minjar flestar búsetu, landbúnaði eða samgöngum. Öll úttektarsvæðin eru nærri byggð og þeim þjóðvegum sem nú eru í notkun. Yfirborðsummerki um tæplega helming fornleifanna innan skráningarsvæðisins reyndust horfin, í flestum tilvikum vegna sléttunar. Þar sem úttektarsvæðin liggja víða um röskuð svæði er ástand og varðveisla fornleifa víða fremur léleg og gildir sú




Stöplarit 1: Ástand fornleifa innan skráningarsvæðanna

meginregla í raun um öll úttektarsvæðin.

Fornleifar voru eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra var innan úttektarsvæðis. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu rakin að hluta, innan áhrifasvæðis. Á stórum minjasvæðum gilti sama regla, þ.e. einstakar minjar sem voru í meira en 15 m fjarlægð frá úttektarsvæði voru ekki mældar sérstaklega enda utan áhrifasvæði framkvæmda. Allar minjar innan úttektarsvæðanna voru metnar í stórhættu vegna framkvæmdanna og voru það 86 minjar af þeim 124 sem skráðar voru. Aðrar minjar (alls 38) voru skráðar í hættu þar sem úttektarsvæðið var í minna en 15 m fjarlægð frá ystu mörkum þeirra og náði því inn fyrir helgunarsvæði þeirra. Í tilviki friðlýstra minja er helgunarsvæði fornleifa þó 100 m en engin friðlýst fornleif var innan úttektarsvæðis. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Í nánast öllum tilfellum er hins vegar mögulegt er að komast hjá raski með tilfærslu á jarðstreng og merkingu minjastaða.

| **Samtala** | **Sérheiti** | **Tegund** | **Hlutverk** | **Ástand** | **Hættu-mat** | **Svæði** | **Mótvægis-aðgerð** | **Skýring** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GK-343:011 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar | hætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-343:012 | | garðlag | túngarður | sést til | hætta | 1 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-343:018 | Stekkur | tóft | stekkur | hleðslur signar | stórhætta | 1 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-343:041 | | heimild | túngarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-343:042 | | þúst | óþekkt | sést til | stórhætta | 1 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-343:043 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-344:027 | | þúst | óþekkt | sést til | hætta | 1 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-346:047 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | hætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-347:026 | | sáðsléttа | tún | sést til | hætta | 1 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-347:033 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | hætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-347:040 | | þúst | óþekkt | sést til | hætta | 1 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| GK-347:049 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-691:001 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-691:002 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| GK-691:014 | | gata | leið | sést til | stórhætta | 1 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GK-691:015 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 1 | Engin | skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-004:016 | | mann-virki | herminjar | sést til | stórhætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-004:017 | | mann-virki | herminjar | sést til | stórhætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-005:001 1 | Miðsandur | bæjarhóll | bústaður | sést til | hætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-005:001 2 | | garðlag | kálgarður | sést til | hætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-005:003 | | heimild | útihús | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 2 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-005:016 | | tóft | fjárhús | hleðslur signar | hætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-005:017 | | hleðsla | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 2 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-005:018 | | renna | áveita | sést til | stórhætta | 2 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-611:014 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 2 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-611:007 | | vegur | leið | sést til | stórhætta | 3 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-178:024 | Húsamelur/ Húsatóftir | tóft | beitarhús | hleðslur standa grónar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-179:005 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-179:015 | Þórólfsdys | dys | legstaður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-179:036 | | heimild | áveita | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-179:037 | | renna | áveita | sést til | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-180:025 | Vörðuhóll | varða | óþekkt | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-180:030 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-181:013 | | varða | óþekkt | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-182:001 | Tungufell | bæjar-stæði | bústaður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-182:014 | Grafarsund | heimild | mógrafir | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-182:024 1 | | tóft | óþekkt | hleðslur signar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-182:024 2 | | varða | óþekkt | hleðslur standa | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-182:025 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-188:001 1 | Iðunnar-staðir | bæjarhóll | bústaður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Vöktun | Ekki er hægt að komast hjá raski |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BO-188:001 2 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-188:012 | | heimild | áveita | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-189:014 | Grænatóft | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-189:015 | Byrgishóll | heimild | huldufólks-bústaður | sést til | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-189:016 | Smiðjuhóll | ösku-haugur | smiðja | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-190:004 | | þúst | útihús | sést til | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-190:007 | | kuml | legstaður | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-190:024 | | þúst | óþekkt | sést til | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-190:025 | | renna | áveita | sést til | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:001 1 | Skarð | bæjarhóll | bústaður | sést til | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:001 2 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:002 | Heygarðs-hóll | heimild | útihús | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:003 | | heimild | útihús | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:004 | Lambhústún | þúst | lambhús | sést til | stórhætta | 4 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:005 | Sauðhúshóll | þúst | fjárhús | sést til | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:006 | | heimild | fjárhús | sést til | hætta | 4 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:009 | | tóft | útihús | hleðslur útflattar | stórhætta | 4 | Tilfærsla/ Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:015 | Kvíabali | tóft | kvíar | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:018 | | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:021 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-191:022 1 | Ytri-Grund | tóft | útihús | hleðslur signar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:022 2 | | tóft | útihús | hleðslur signar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:022 3 | | kantur | kvíar | hleðslur signar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:022 4 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-191:023 | Kofahóll | þúst | útihús | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BO-192:002 | | tóft | fjárhús | hleðslur standa grónar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-192:005 | | gata | leið | sést til | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-192:006 | Merkjavarða | heimild | landamerki | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-192:007 | | garðlag | vörslu-garður | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-197:001 | Skálpastaðir | bæjarhóll | bústaður | ekki sést til fornleifar | hætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-198:001 | Arnþórsholt | bæjarhóll | bústaður | sést til | stórhætta | 4 | Tilfærsla/ vöktun | Líklegt að fleiri minjar leynist undir sverði. Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja |
| BO-198:007 | | heimild | kálgarður | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Tilfærsla/ vöktun | Líklegt að fleiri minjar leynist undir sverði. Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja |
| BO-198:009 | | tóft | óþekkt | hleðslur útflattar | hætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-198:010 | | tóft | fjárhús | hleðslur signar | stórhætta | 4 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| BO-198:011 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-198:012 | | heimild | leið | sést til | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:001 | | gata | leið | sést til | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:002 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:004 | | vegur | leið | sést til | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:006 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:007 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:008 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:009 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:010 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| BO-671:012 | | vegur | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 4 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-001:002 | Traðir | heimild | traðir | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-001:030 | Nátthagi | gerði | nátthagi | hleðslur signar | hætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-001:062 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 5 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DA-002:046 | | tóft | óþekkt | hleðslur signar | stórhætta | 5 | Tilfærsla | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-002:047 | | varða | landamerki | hleðslur signar | hætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-002:048 | | heimild | brú | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-003:001 | Dúnkur | bæjarhóll | bústaður | sést til | hætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-003:002 | Dunkur-kirkja | heimild | hálfkirkja | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Tilfærsla/ vöktun | Líklegt að fleiri minjar leynist undir sverði. Til að ákvarða aldur, eðli og umfang minja |
| DA-003:048 3 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-003:049 1 | | varða | samgöngu-bót | hleðslur signar | hætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-003:049 2 | | varða | samgöngu-bót | hleðslur signar | hætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-003:050 1 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-003:050 2 | | tóft | rétt | hleðslur standa grónar | hætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-007:041 | | garðlag | túngarður | hleðslur signar | stórhætta | 5 | Vöktun/ skurður | Ekki er hægt að komast hjá raski |
| DA-007:042 | | garðlag | túngarður | hleðslur standa | stórhætta | 5 | Vöktun/ skurður | Ekki er hægt að komast hjá raski |
| DA-007:043 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-021:005 | | tóft | útihús | hleðslur standa grónar | stórhætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-050:018 | | tóft | hesthús | hleðslur signar | hætta | 5 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| DA-050:019 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-600:003 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-600:004 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-600:006 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-600:007 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-621:001 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-621:002 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-621:003 | | heimild | leið | sést til | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-621:004 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 5 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DA-099:012 | Stekkjarvað | heimild | vað | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 6 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-100:027 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 6 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-100:053 | | heimild | beitarhús | ekki sést til fornleifar | hætta | 6 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-651:003 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 6 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| DA-651:008 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 6 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| SN-275:037 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 7 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| SN-275:038 | | vegur | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 7 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| SN-276:011 | | heimild | leið | ekki sést til fornleifar | stórhætta | 7 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |
| SN-277:034 | | dæld | óþekkt | sést til | stórhætta | 7 | Merking | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| SN-277:035 1 | | garðlag | áveita | hleðslur signar | stórhætta | 7 | Vöktun | Ekki er hægt að komast hjá raski |
| SN-277:035 2 | | garðlag | áveita | hleðslur signar | stórhætta | 7 | Vöktun | Til að koma í veg fyrir skemmdir |
| SN-661:003 | | vegur | leið | sést til | stórhætta | 7 | Engin | Skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð |

Tafla 2: Allar skráðar  fornleifar innan úttektarsvæðis.

Ákveðið var í samráði við Minjastofnun Íslands og vekkaupa að gera eina heildarskýrslu og greina þar frá niðurstöðum fornleifarskráningarinnar fyrir öll svæðin. Eftir að vettvangsvinnu lauk innan hvers svæðis var gerð stutt samantekt um helstu niðurstöður skráningarinnar. Samantektirnar voru sendar til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands ásamt landfræðilegum gögnum og með þessu verklagi var komist hjá töfum á lagningu jarðstrengsins sumarið 2023. Í samantektunum var m.a. farið yfir öll tilfelli þar sem fyrirhuguð strenglögn gæti ógnað minjum og gerðar tillögur að hliðrun línu sem gæti hlíft fornleifum frá skemmdum. Samantektirnar voru gerðar áður en endanleg úrvinnsla fór fram og í einstaka tilvikum hafa orðið breytingar á úrvinnslustigi.

Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem fyrirhugaður jarðstrengur ógnaði, þær mótvægisaðgerðir sem lagðar voru til af sérfræðingum Fornleifastofnunar og tillögur að hliðrun að vettvangsúttekt lokinni innan hvers svæði. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reyndist að raska fornminjum vegna framkvæmda var það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í stórhættu megi víkja við slíkar aðstæður og þá hvaða mótvægisaðgerða var þörf vegna þess.

| **Jarðir og línulegar fornleifar** | **Fjöldi** |
|---|---|
| BO-004 Litli Sandur | 2 |
| BO-005 Miðsandur | 6 |
| BO-178 Lundur | 1 |
| BO-179 Gullberastaðir | 4 |
| BO-180 Oddsstaðir | 2 |
| BO-181 Brautartunga | 1 |
| BO-182 Tungufell | 5 |
| BO-188 Iðunnarstaðir | 3 |
| BO-189 Hóll | 3 |
| BO-190 Snartarstaðir | 4 |
| BO-191 Skarð | 16 |
| BO-192 Kistufell | 4 |
| BO-197 Skálpastaðir | 1 |
| BO-198 Arnþórsholt | 6 |
| BO-611 Hvalfjarðarstrandarhreppur, línulegar fornleifar | 2 |
| BO-671 Lundarreykjadalshreppur, línulegar fornleifar | 8 |
| DA-001 Gunnarsstaðir | 3 |
| DA-002 Dunkárbakki | 3 |
| DA-003 Dunkur | 7 |
| DA-007 Ketilstaðir | 3 |
| DA-021 Hörðuból | 1 |
| DA-050 Harrastaðir | 2 |
| DA-099 Leysingjastaðir | 1 |
| DA-100 Sælingsdalstunga | 2 |
| DA-600 Hörðudalshreppur, línulegar fornleifar | 5 |
| DA-621 Miðdalahreppur, línulegar fornleifar | 4 |
| DA-651 Hvammshreppur, línulegar fornleifar | 2 |
| GK-343 Möðruvellir | 6 |
| GK-344 Írafell | 1 |
| GK-346 Hækingsdalur | 1 |
| GK-347 Vindás | 4 |
| GK-691 Kjósarhreppur, línulegar fornleifar | 4 |
| SN-275 Hólar | 2 |
| SN-276 Svelgsá | 1 |
| SN-277 Hrísar | 3 |
| SN-661 Helgafellshreppur, línulegar fornleifar | 1 |

Tafla 3: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum.

## Svæði 1: Kjósarhreppur

Úttektarsvæðið í Kjósarhreppi var alls um 10 km að lengd og náði frá bænum Vindási GK-347 í vestri að Hækingsdal GK-346 í austri. Úttektarsvæðið kvíslast sveitina og fyrirhugað var

að leggja jarðstrenginn beggja vegna Laxár. Alls voru skráðar 16 fornleifar innan svæðis en í öllum tilfellum var það metið sem svo að hægt væri að forða minjum frá raski með merkingum og tilfærslu, sjá töflu 2. Stærstan hluta minjanna (11 fornleifar) í Kjósarhreppi má telja til landbúnaðarminja. Hinar fimm eru allt þjóðleiðir innan hreppsins. Innan úttektarsvæðisins eru víða grónar áreyrar og framræst tún en þó mun strengurinn að hluta til liggja um skóglendi og deiglendi.

Lagðar voru fram tvær tillögur um færslu á strengleið í Kjósarhreppi, báðar í landi Möðruvalla (sjá myndir 89 og 90). Í báðum tilfellum þótti ljóst að minjar væru í yfirvofandi hættu vegna framkvæmda.




Mynd 89: Möðruvellir GK-343. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við Stekk GK-343:018 er merkt með rauðri línu.

Upprunalega var ráðgert að miðlína jarðstrengsins færi þvert yfir **Stekkjartóft GK-343:018**. Þar var lagt til að línu yrði hliðrað um 10-15 m til norðausturs, þannig að hún myndi liggja í norðurjaðri úttektarsvæðis. Áætluð miðlína jarðstrengs var einnig yfir suðvesturhluta **þústar GK-343:042**. Lagt var til að hliðra miðlínu um 10-15 m til norðausturs á þessum slóðum til að komast hjá raski.

Auk fornleifa sem nefndar eru í texta hér að ofan lá strengleiðin yfir eftirfarandi fornleifar sem engin yfirborðsummerki sáust um innan áhrifasvæðis:

- **Leið GK-346:053** var skráð í Hækingsdal en öll ummerki hennar eru horfin.
- **Leið GK-691:001** var skráð á fjórum stöðum innan úttektarsvæðis en öll ummerki




Mynd 90: Möðruvellir GK-343. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við þúst GK-343:42 er merkt með rauðri línu.

hennar eru horfin á þeim öllum.

- **Leið GK-691:002** var skráð í landi Írafells GK-344 en sést ekki þar.
- **Túngarður GK-343:012** afmarkaði allt heimatún Möðruvalla. Rafstrengurinn verður lagður norðaustan við Meðalfellsveg en þar er túngarðurinn horfinn vegna sléttunar og veglagningar.
- **Leið GK-347:049** lá frá bænum í Vindási að brunni sem er utan úttektarsvæðisins. Öll ummerki hennar eru horfin.

## Svæði 2 og 3: Hvalfjarðarsveit

Í Hvalfirði voru tekin út tvö aðskilin svæði sem samanlagt voru tæplega 6 km á lengd. Svæði 2 var um 3,5 km að langt og náði frá bænum Miðsandi BO-005 í vestri, að bænum Þyrli BO-003 til austurs. Á þessu svæði voru umfangsmikil braggahverfi í seinni heimsstyrjöldinni og mikið rask hefur orðið á eldri minjum innan heimatúna sem og við sjávarsíðuna af þeim sökum. Segja má að menningarlandslag hins íslenska bændasamfélags hafi að mestu vikið fyrir herminjum. Loftmynd sem tekin var árið 1943 sýnir þessa breytingu á nýtingu svæðisins vel.[4] Alls voru skráðar níu fornleifar innan úttektarsvæðis.

Svæði 3 var alls um 2,5 km að lengd og náði frá bænum Tungu BO-019 í norðri að Vestara-Miðfelli BO-015 í suðri. Einungis var skráð ein þjóðleið innan þessa svæðis. Landslag þar einkennist af framræstu deiglendi og túnum.

4 Friðþór Eydal. 1998, 108

Svæðin í Hvalfirði höfðu áður verið aðalskráð en skráningin er gömul og mikil skekkja í hnitum. Samanlagt voru skráðar 10 fornleifar innan þeirra, flestar tengdar búsetu eða hersetu. Öllum minjunum á þessu svæði var hægt að forða frá raski með merkingum og tilfærslu innan úttektarsvæðis, sjá töflu 2. Strengleiðin fór að auki yfir eftirfarandi fornleifar og ólíklegt að mótvægisaðgerða hafi verið krafist:

- **Leið BO-611:004** er innan úttektarsvæðis á einum stað við Þyril en öll ummerki hennar eru horfin.
- Bæjarlæknum á Miðsandi var veitt í skurð **BO-005:018** innan gamla heimatúnsins. Rennan sést enn norðarlega í túninu en sunnar hefur hún verið færð nær bænum. Ólíklegt er að nokkurra mótvægisaðgerða sé þörf þrátt fyrir að strengurinn liggi þvert yfir rennuna.
- **Leið BO-611:007** er í landi Vestara-Miðfells og er nú malarvegur að hluta. Ólíklegt er að nokkurra mótvægisaðgerða hafi verið þörf.

## Svæði 4: Borgarbyggð

Úttektarsvæðið í Lundarreykjadal er um 30 km að lengd og fyrirhugað er að leggja strenginn beggja vegna við Grímsá. Norðan Grímsár nær strengurinn frá bænum Skálpastöðum BO-197 í vestri að Oddstöðum BO-180 í austri, alls um 10 km. Þar voru skráðar 14 fornleifar innan eða við jaðar úttektarsvæðis. Sunnan við Grímá er fyrirhugað að leggja strenginn frá bænum Krossi BO-193 í vestri að Iðunnarstöðum BO-188 í austri, alls um 20 km. Strengurinn fer norður yfir Grímsá við Brautartungu BO-191 og aftur suður yfir ánna í landi Brennu BO-183. Landslag innan úttektarsvæðis er fjölbreytt. Svæðið einkennist af grónum áreyrum, malarhólum og -hryggjum og framræstum mýrum.

Alls var skráð 41 fornleif innan þessa svæðis en hægt var forða nánast öllum fornleifunum frá raski með merkingum og tilfærslu strengs, í flestum tilvikum innan úttektarsvæðis (sjá töflu 2). Flestar þessara minja eru innan heimatúna eins og þau voru teiknuð á túnakortum frá öðrum áratug 20. aldar en alls lá úttektarsvæðið yfir heimatún 13 jarða. Þar sem bæir hafa staðið á sama stað í margar aldir myndast gjarnan áberandi hólar, samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum, s.k. bæjarhólar. Bæjarhólar teljast almennt meðal merkustu minjastaða hverrar jarðar en innan úttektarsvæðisins voru fimm bæjarhólar lögbýla: á Tungufelli BO-178:001, Iðunnarstöðum BO-188, Skarði BO-191, Skálpastöðum BO-197 og Arnþórsholti BO-198. Að auki voru skráðar fornleifar BO-191:022 sem hafa líklega tilheyrt býlinu Ytri-Grund sem var rétt utan úttektarsvæðis. Túnakortin eru ennfremur mikilvæg heimild um minjar innan heimatúna. Innan úttektarsvæðis voru 19 fornleifar skráðar sem merktar voru inn á slík kort, að bæjarstæðum og leiðum frátöldum. Þessar minjar eru af ýmsum toga en flestar eru útihús af einhverju tagi s.s. fjárhús þó einnig séu á meðal minja túngarðar og kálgarðar.

Landbúnaðarminjar utan heimatúna sem skráðar voru við úttektina voru af ýmsum toga og má þar nefna stekki, beitarhús, kvíar og mógrafir. Tólf af þeim fornleifum sem skráðar voru teljast til samgönguminja, í flestum tilvikum leiðir sem merktar eru inn á herforingjaráðskort frá fyrsta áratug 20. aldar.

Lagðar voru fram fjórar tillögur um færslu á strengleið Lundarreykjardal, í landi Arnþórsholts, Hóls, Snartarstaða og Skarðs og að auki voru á svæðinu tveir staðir þar sem ekki er hægt að forða fornleifum frá raski, þ.e. á Gullberastöðum og Iðunnarstöðum.

Við **tóft BO-198:010** í landi Arnþórsholts BO-198 var lagt til að línan yrði færð til suðurs og þaðan til vesturs, sunnan við heimatúnið, sjá mynd 91. Með þeim hætti yrði tóftin utan úttektarsvæðis en jafnvel þótt lega jarðstrengs yrði óbreytt ætti að vera hægt að komast hjá raski á tóftinni með aðgát og merkingu á framkvæmdatíma. **Bæjarhóll BO-198:001** er um 20 m sunnan við íbúðarhúsið á bænum. Fyrirhugað var að fara með jarðstrenginn á milli þeirra, yfir norðurjaðar bæjarhólsins og sveigja til suðurs í gegnum **kálgarð BO-198:007** sem var sunnarlega á bæjarhólnum. Með tilfærslu jarðstrengsins sunnan við heimatúnið minnkar jarðrask á bæjarhólnum og innan kálgarðsins. Ljóst er að alltaf þurfti að fara í gegnum bæjarhólinn að einhverju leyti, sama hvor leiðin varð fyrir valinu. Það var Minjastofnunar að ákveða hvort grípa þurfti til mótvægisaðgerða vegna þessa sem og hvaða leið varð fyrir valinu.




Mynd 91: Arnþórsholt BO-198. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs innan jarðarinnar er merkt með rauðri línu.

Í landi Gullberastaða BO-179 lá úttektarsvæðið þvert yfir **túngarð BO-179:005**, vestan við bæinn, sjá mynd 27. Ummerki um túngarðinn hverfa nálega þar sem miðlínu strengsins er áætluð. Ef jarðstrengurinn verður plægður skammt sunnan miðlínunnar (þar sem túngarðurinn

er þegar horfinn) mætti komast hjá frekari raski á honum. Minjastofnun mun úrskurða hvort mótvægisaðgerða sé þörf.

Í landi Iðunnarstaða mun jarðstrengurinn liggja yfir norðurhluta bæjarhóls **BO-188:001_01**, þar sem **kálgarður 001_02** var, sjá mynd 35. Þetta svæði er mikið raskað nú þegar. Öll hús á þessu svæði voru rifin nýlega og hluta braksins rutt yfir norðurhluta bæjarhólsins með tilheyrandi raski. Erfitt er að greina uppsöfnun mannvistarlaga vegna þessa. Ljóst er þó að á þessum slóðum mun alltaf verða rask á fornleifum og ekki var hægt að færa strenglögnina til að komast hjá því. Það var Minjastofnunar að ákveða hvort grípa þurfti til mótvægisaðgerða vegna þessa.

Ekki voru fornleifar í vegi fyrir áætlaðri staðsetningu strengs milli nýbýlisins Melgerðis og Grímsár í landi Hóls BO-198 en ábúandi gerði athugasemd við áætlaða legu strengsins á þessum slóðum, sjá mynd 92. Hann vildi að strengurinn færi sunnan við þjóðveginn, á svipuðum stað og ljósleiðari liggur nú þegar og yfir ánna þar sem brúin er. Sú staðsetning var gengin og engar fornleifar fundust þar.




Mynd 92: Hólar BO-189. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs innan jarðarinnar er merkt með rauðri línu.

Í landi Snartarstaða var **þúst BO-190:024** í miðju úttektarsvæðisins. Með tilfærslu úttektarsvæðisins lítillega til norðurs var hægt að komast hjá raski á henni. Tillaga að nýrri legu áhrifasvæðis sést á mynd 93

**Þúst BO-191:004** var í miðju úttektarsvæðis, í austurhluta heimatúnsins á Skarði. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús á hólnum en það hefur verið rifið eða sléttað. Engin ummerki þess sjást því á yfirborði en án efa er mannvist undir sverði á þessum slóðum. Lagt var til að strengurinn yrði færður um 10 m til norðurs, í jaðar úttektarsvæðisins til að forða raski á

þústinni.




Mynd 93: Snartarstaðir BO-190. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við þúst BO-190:024 er merkt með rauðri línu.

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var stakstætt tún norðvestan við hið eiginlega heimatún, þar er bæjarstæðið á Skarði nú. **Útihús BO-191:009** er suðvestan við núverandi íbúðarhús, fast við miðlínu úttektarsvæðis. Til að komast hjá raski var lagt til að jarðstrengurinn yrði færður 10-




Mynd 94: Skarð BO-191. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við útihús BO-191:009 er merkt með rauðri línu.

15 m til suðvesturs, sjá mynd 94.

Auk fornleifa sem nefndar eru hér að ofan liggur strengleiðin enn yfir eftirfarandi fornleifar þar sem lítil eða engin yfirborðsummerki eru greinileg og ekki er talið líklegt að nokkurra mótvægisaðgerða hafi verið krafist:

- **Leið BO-671:002** lá eftir norðurbökkum Grímsár í landi Skálpastaða og þverar áhrifasvæðið hana á tveimur stöðum. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði, en á þessum slóðum eru nú framræst tún.
- **Leið BO-198:011** lá vestan við Arnþórsholt, eftir svokölluðum Mel. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
- **Leið 198:012** er innan úttektarsvæðis við bæjarhólinn í Arnórsholti en sést ekki innan áhrifasvæðis.
- **Leið BO-671:006** lá ofar en leið BO-671:002, eftir norðanverðum Lundarreykjadal. Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði þar sem hún var innan úttektarsvæðis.
- **Skurður BO-179:036** er merktur inn á túnakorti frá 1918 og lá í gegnum heimatún Gullberastaða. Engin merki hans sjást lengur á þessum slóðum og var hann sennilega fylltur eftir að túnakortið var gert.
- **Skurður BO-179:037** er einnig merktur á túnakort frá 1918 og er varðveittur innan úttektarsvæðis. Þrátt fyrir það er talið ólíklegt að mótvægisaðgerða hafi verið krafist.
- Á túnakorti Iðunnarstaða frá 1918 er merkt **renna BO-188:012** beint í gegnum heimatúnið. Hún var á svipuðum stað og núverandi heimreið en öll ummerki um hana eru nú horfin.
- **Leið BO-671:004** liggur norðan við Grímsá og er innan úttektarsvæðis í landi Brennu. Öll ummerki hennar eru horfin.
- **Leið BO-671:012** lá til suðausturs eftir norðurhluta Lundarreykjadals. Hún er innan úttektarsvæðis í landi Tungufells en þar er nú malarvegur á sama stað.
- **Leiðir BO-671:007** og **BO-671:008** lágu frá bæjum sunnan Grímsár, yfir ánna og sameinuðust leið BO-671:006. Báðar leiðirnar eru innan úttektarsvæðis að hluta en sjást ekki innan áhrifasvæðis.
- **Leið BO-671:001** lá þvert í gegnum úttektarsvæði í landi nokkurra jarða sunnan Grímsár í suðurhluta Lundarreykjadals. Í landi Hóls sjást nokkrir paldrar tengdir leiðinni vestan við húsið Melgerði en ólíklegt er talið að nokkurra mótvægisaðgerða haf verið krafist. Leiðin sést ekki annars staðar innan úttektarsvæðis.
- **Leið BO-671:010** lá til norðausturs af leið BO-671:001 í landi Snartarstaða, sunnan Grímsár. Hún er horfin innan úttektarsvæðis.
- **Traðir BO-191:018** lágu til norðausturs frá bænum í Skarði, skammt austan við núverandi heimreið. Öll ummerki traðanna eru horfin.
- **Vegur BO-191:021** er merktur á túnakort Skarðs frá 1918. Hann lá til VNV frá bænum, nokkuð sunnan við úttektarsvæðið. Við kálgarð BO-191:001_02 beygði vegurinn og lá til norðurs frá bænum. Á þessum kafla liggur áætluð strenglögn yfir

hann. Þar eru nú sléttuð tún og engin yfirborðsummerki um veginn.

## Svæði 5: Dalabyggð

Svæði 5 er í hinum fornu Hörðudals- og Miðdalahreppum, nú Dalabyggð. Fyrirhuguð lega strengs liggur frá Gunnarstöðum DA-003 í vestri og til austurs að spennustöð í landi Stóru-Skóga DA-047. Samtals er úttektarsvæðið um 20 km langt og liggur nærri núverandi þjóðvegi að stórum hluta. Svæðið innan Hörðudals- og Miðdalahrepps er nokkuð deiglent en víða standa hálfgróin holt upp úr deiglendinu. Nokkrar ár liggja um svæðið, svo sem Bakká, Skrauma og Hörðudalsá. Í heildina voru skráðar 27 fornleifar innan úttektarsvæðis en öllum tilfellum ætti að vera hægt að forða minjum frá raski með merkingum og tilfærslu, í flestum tilvikum með tilfærslu sem fellur innan úttektarsvæðis, sjá tafla 2.

Helmingur fornleifanna sem skráðar voru tengjast samgöngum, alls 13 fornleifar, flest þjóðleiðir. Aðrar fornleifar sem skráðar voru eru túngarðar, útihús og bænhús/kirkjugarður.

Lagðar voru fram þrjár tillögur um færslu á strengleið innan svæðis 5, í landi Gunnarsstaða, Dunkárbakka og Dunks. Auk umsagnar um tilfærslu voru skráðir tveir staðir þar sem Minjastofnun Íslands þarf að úrskurða um mótvægisaðgerðir, báðir á Ketilstöðum þar sem rask verður óhjákvæmilegt á tveimur garðlögum.

Í landi Gunnarsstaða DA-001 er **túngarður DA-001:062** innan fyrirhugaðs úttektarsvæðis og ekki er hægt að komast hjá raski nema með tilfærslu strengleiðar að




Mynd 95: Gunnarsstaðir DA-001. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við túngarð DA-001:062 er merkt með rauðri línu.

nærri núverandi malarvegi. Sunnan túnsins má aftur fylgja fyrirhugaðri legu. Með tilfærslu jarðstrengsins ætti að vera hægt komast hjá raski á túngarðinum, sjá mynd 95.

Í landi Dunkárbakka er **tóft DA-002:046** í miðlínu úttektarsvæðis. Æskilegt er að færa jarðstrenginn 10-15 m sunnar til að komast hjá raski.




Mynd 96: Dunkárbakki DA-002. Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við tóft DA-0002:046 er merkt með rauðri línu.




Mynd 97: Dunkur DA-003 Tillaga að breyttri legu jarðstrengs við bænhús DA-003:002 er merkt með rauðri línu.

**Bænhús og kirkjugarður DA-003:002** eru innan úttektarsvæðis í landi Dunks, austan við bæjarhólinn. Ekki er fullvíst hvar bænhúsið stóð en heimildir eru þó um að leiði, hafi verið austan við skemmu sem nú stendur og af þeim sökum er lagt til að úttektarsvæðið verið fært um 50 m til austurs og þannig komið í veg fyrir rask á mögulegum minjum undir sverði á þessum slóðum. Það var í höndum Minjastofnunar að úrskurða um mótvægisaðgerðir.

Í landi Ketilsstaða eru **garðlög DA-007:041 og 042** innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs. Ekki virðist unnt að komast hjá raski á þeim með tilfærslu og er það í höndum Minjastofnunar að úrskurða um mótvægisaðgerðir.

- Auk garðlaganna sem nefnd eru að ofan lá jarðstrengurinn yfir/nærri eftirtöldum fornleifum þar sem lítil eða engin yfirborðsummerki eru greinileg og ekki er talið líklegt að nokkurra mótvægisaðgerða hafi verið krafist:
- Í landi Ketilstaða liggur **leið DA-007:043** til norðurs frá þjóðleið DA-600:007. Hluti leiðarinnar er innan úttektarsvæðis en sést ekki þar.
- **Leið DA-600:003** lá innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Dunks en öll ummerki hennar eru horfin.
- **Þjóðleið DA-600:004** lá innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Álfatraða en öll ummerki hennar eru horfin þar.
- Hluti af **þjóðleið DA-600:006** lá innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Blönduhlíðar. Engin ummerki hennar sjást þar.
- **Þjóðleið DA-600:007** lá innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs innan fjögurra jarða. Leiðin hefur legið innan úttektatsvæðis á nokkrum stöðum en öll ummerki hennar eru horfin á þeim öllum.
- **Þjóðleið DA-621:001** lá á þremur stöðum innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs, þ.e. í landi Hörðubóls, Gilsbakka og Harrastaða en engin ummerki hennar sjást þar.
- **Leið DA-621:002** lá í gegnum úttektarsvæðið, mitt á milli jarðanna Hörðubóls og Þorgeirsstaðahlíðar en engin ummerki hennar sjást þar.
- **Leið DA-621:003** lá á svipuðum stað og malarvegur að Þorgeirsstaðahlíð gerir nú. Leiðin lá innan úttektarsvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara að hluta en sést ekki þar.
- **Þjóðleið DA-621:004** lá innan úttektarsvæðis norðan við Snóksdal en sést ekki þar.

## Svæði 6: Dalabyggð

Úttektarsvæði 6 lá frá Leysingjastöðum DA-099 í austri, til NNV að Sælingsdalstungu II og endaði rétt norðaustan við Lómatjörn í landi Lauga DA-103. Samtals var úttektarsvæðið um 2 km langt og innan þess voru skráðar fimm fornleifar, sjá tafla 2. Þetta voru þrjár leiðir, vað og

beitarhús. Í Hvammssveit liggur fyrirhuguð jarðstrengsleið gegnum grasigróin svæði, deiglendi og ræktuð tún.

Í öllum tilvikum þar sem ljóst þykir að minjar séu í yfirvofandi hættu vegna framkvæmda er það Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort mótvægisaðgerða sé þörf. Öllum fornleifunum ætti að vera hægt að forða frá raski með merkingum og tilfærslu innan úttektarsvæðis.

Auk þeirra minja sem ætti að vera hægt að forða frá raski með tilfærslu liggur er áætlað að strengurinn liggi yfir/nærri eftirtöldum fornleifum þar sem lítil eða engin yfirborðsummerki eru greinileg og ekki er talið líklegt að nokkurra mótvægisaðgerða verði krafist:

- **Þjóðleið DA-651:003** lá frá Sælingsdal, til suðurs og framhjá Laugum. Hún er innan úttektarsvæðis í landi Sælingsdals en sést ekki þar.
- **Þjóðleið DA-651:008** lá frá Gerði í Sælingsdal og endar sunnar í landi Ásgarðs. Leiðin liggur að hluta til innan úttektarsvæðis en sést ekki þar og hefur sennilega horfið vegna vegagerðar.

## Svæði 7: Stykkishólmur

Úttektarsvæðið er í gömlu Helgafellssveit, sem nú tilheyrir Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Úttektarsvæðið nær frá Hrísakoti SN-278 til norðvesturs að spennustöð RARIK (Vogaskeið, b. 1947), í landi Arnarstaða SN-260. Samtals er svæðið um 8 km langt og innan þess voru skráðar sjö fornleifar, sjá töflu 2. Þar af eru fjórar leiðir og áveitumannvirki.

Landslag innan úttektarsvæðis var mjög fjölbreytt. Svæðið einkennist af deig- og votlendi, sérstaklaga i landi Saura. Við Hól og Hrísakot liggur jarðstrengsleiðin rétt norðan við Snæfellsveg (54) og þar er land grónara og sléttara og er hluti þess kominn undir tún.

Í öllum tilvikum þar sem ljóst þykir að minjar séu í yfirvofandi hættu vegna framkvæmda er það Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort mótvægisaðgerða sé þörf. Á þessu svæði væri hægt að forða öllum fornleifunum nema tveimur frá raski með merkingum og tilfærslu innan úttektarsvæðis. Undantekningin eru tvö garðlög **SN-277:035_01 og 02** í landi Hrísa.

Strengleiðin mun liggja yfir eftirfarandi fornleifar þar sem lítil eða engin yfirborðsummerki eru greinileg og ekki er talið líklegt að nokkurra mótvægisaðgerða verði krafist:

- Í landi Hóla eru tvær **leiðir SN-075:037 og 037** merktar inn á herforingjaráðskort frá 1913. Þær lágu frá þjóðleið SN-661:003 að bænum en eru horfnar innan úttektarsvæðis.
- **Leið SN-276:011** er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1913 og lá frá þjóðleið SN-661:003 að bænum þar. Hún er horfin innan úttektarsvæðis.
- **Þjóðleið SN-661:001** er innan úttektarsvæðis á þremur stöðum, þ.e. í landi Hóla, Svelgsár og Hrísa. Öll ummerki hennar eru horfin á öllum stöðum.

Samanlagt voru skráðar 124 fornleifar á 114 minjastöðum innan úttektarsvæðanna allra. Allar minjar innan úttektarsvæðanna voru metnar í stórhættu vegna framkvæmdanna og voru það 86 minjar af þeim 124 sem skráðar voru. Alls voru 38 minjar skráðar í hættu þar sem úttektarsvæðið var í minna en 15 m fjarlægð frá ystu mörkum þeirra og náði því inn fyrir helgunarsvæði þeirra. Í 75 tilvikum eru þekktar minjar innan úttektarsvæðis sem lítil sem engin yfirborðsummerki eru um. Í þeim tilfellum er ólíklegt að nokkurra mótvægisaðgerða hafi verið krafist í umsögn Minjastofnunar. Í 32 tilvikum var merking talin fullnægjandi mótvægisaðgerð og með þeim hætti var hægt að komast hjá raski á fornleifum, í flestum tilfellum voru þetta fornleifar sem sjást á yfirborði. Í níu tilvikum var hægt að komast hjá raski með tilfærslu jarðstrengs og þá um leið úttektarsvæðisins. Sérfræðingar Fornleifastofnunar lögðu fram tillögur að nýrri strengleið í þeim tilvikum. Eftir stóðu því átta minjastaðir þar sem var ljóst að lega jarðstrengs hafði bein áhrif á fornleifar og í flestum tilvikum var ekki hægt að komast hjá raski. Það var Minjastofnunar að úrskurða um mögulegar mótvægisaðgerðir í þeim tilvikum.

## Heimildir

**AÍ VIII:** *Alþingisbækur Íslands.* 1912-1990. I.-XVII. bindi. Reykjavík: Sögufélag.

**BB**: *Byggðir Borgarfjarðar II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes.* 1989. Jakob Jónsson, Jón G. Björnsson og Þorsteinn Guðmundsson (ritnefnd). Borgarnes: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Birna Lárusdóttir. 2008: *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I.* FS394-07121. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2003. *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi.* FS214-00034. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir. 2005. *Menningarminjar í Helgafellssveit.* FS281-05091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Lundur: C. W. K. Gleerup.

**BS:** *Byggðir Snæfellsness.* 1989. Stykkishólmur: Búnaðarsamband Snæfellinga.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í landi Tungufells í Lundarreykjardal.* FS198-03041. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Friðþór Eydal. 1998. *Vígdrekar og vopnagnýr. Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshaf.* Reykjavík: Bláskeggur.

Guðbrandur Sigurðsson. 1957. „Eyðibýli í Helgafellsveit, nöfn þeirra, staðsetning og umhverfi." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1955-56*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 44-65.

Gylfi Helgason. 2017. *Menningarminjar í Hvammssveit: Svæðisskráning fornleifa.* FS650-07187. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923.* Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 1-96.

Haraldur Matthíasson. 1982. *Landið og landnáma*. (1. bindi). Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

**Hkort**: *Dönsku herforingjaráðskortin nr. 24, 34 og 36*. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands, www.islandskort.is

**ÍF I**: *Íslendingabók. Landnáma.* 1968. *Íslenzk fornrit I.* Jakob Benediktsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

**ÍF III:** *Borgfirðinga sögur.* 1938. *Íslenzk fornrit III.* Sigurður Nordal og Guðni Jónsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

**ÍF IV:** *Eyrbyggja saga. Brands þáttr Örva. Eiríks saga rauða. Grænlendinga saga. Grænlendinga þáttr.* 1957. *Íslenzk fornrit IV.* Einar Ól. Sveinsson & Matthías Þórðarson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

**ÍF V:** *Laxdæla saga. Halldórs þættir Snorrasonar. Stúfs þáttr.* 1934. *Íslenzk fornrit V.* Einar Ól. Sveinsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

**ÍF XIII**: *Harðar saga. Bárðar saga. Þorskfirðinga saga. Flóamannasaga.* 1991. *Íslenzk fornrit XIII.* Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

*Jarðabók yfir Dalasýslu 1731.* 1965. Magnús Már Lárusson sá um útgáfu. Reykjavík: Sögufélagið.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson (bjó til prent.) Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

**JÁM III***: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III*

**JÁM IV**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV.* 1913-1914. Kaupmannahöfn.

**JÁM V:** Árni Magnússon & Páll Vídalín. 1982. *Jarðabók. Hnappadals- og Snæfellsnessýsla*

*III.* Reykjavík.

Jón Samsonarson. 2003. „Hörðudalshreppur." *Breiðfirðingur* 44 (2003-4), bls. 63-178.

**JJ**: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

**KEKH**: Kristján Eldjárn. 1956. *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi.* Akureyri: Norðri.

Kristjana Vilhjálmsdóttir o.fl. 2022. *Fornleifaúttekts vegna fyrirhugaðs jarðstrengs á Vesturlandi.* FS902-22311. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2021. *Fornleifaúttekt á deiliskipulagsreit í landi Möðruvalla í Kjósarhreppi.* FS862-21431. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Óskar Leifur Arnarson. 2008. *Menningarminjar í Miðdalahreppi, Dalasýslu.* FS396-07183. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Sólveig G. Beck. 2012. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. I. bindi.* FS496-07123. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**SS:** *Snæfellsnes. Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags.* III. bindi.

Snæfellsnes. 1970. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna.

Reykjavík: Snæfellingaútgáfan.

**SSD**: *Dalasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855.* 2003. Einar G. Pétursson sá um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

**SSGK**: *Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III.* 1937-39. Reykjavík: Félagið Ingólfur.

**Sturl**: *Sturlunga saga.* 1988. I.-II: bindi. Örnólfur Thorsson (ritstjóri). Reykjavík: Svart á hvítu.

Þorleifur Jóhannesson. 1926. „Um nokkur eyðibýli og sögustaði í Helgafellssveit." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1925-1926.* Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 43-48.

Þóra Pétursdóttir. 2009. *Menningarminjar í Hörðudalshreppi. Svæðisskráning fornleifa.* FS420:07185. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**Óútgefnar heimildir:**

*Túnakort 1917-1920.* Hvalfjarðarstrandarhreppur, Kjósarhreppur, Lundarreykjadalshreppur, Helgafellshreppur, Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur og Hvammshreppur. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Dunkur**: Örnefnaskrá Dunks. 1939. Þorsteinn J. Jóhannsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Dunkur**: Örnefnasofnun í Dalasýslu. Dunkur í Hörðudal. 1946. Kristján Helgason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gullberastaðir**: Örnefnaskrá Gullberastaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gunnarsstaðir**: Örnefnaskrá Gunnarsstaða. 1978. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Harrastaðir:** *Örnefnaskrá Harrastaða.* 1944. Flosi Jónsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hóll**: Örnefnaskrá Hóls. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Leysingjastaðir**: Örnefnaskrá Leysingjastaða. Án ártals. Einar Kristjánsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Lundur**: Örnefnaskrá Lundar. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Miðsandur**. Örnefnaskrá Miðsands. 1967. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Möðruvellir**: Örnefnaskrá Möðruvalla. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Möðruvellir ath og viðb.**: Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu. 1975. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Oddstaðir**: Örnefnaskrá Oddsstaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Skarð**: Örnefnaskrá Skarðs. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Snartastaðir**. Örnefnaskrá Snartarstaða. Án ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Vindás**: Örnefnaskrá Vindáss. 1978. Bjarni Ólafsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Tungufell**. Örnefnaskrá Tungufells. Ár ártals. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

| Samtala | minj_id | X | Y |
|---|---|---|---|
| 001002 | 3150_1 | 359759 | 505363. |
| 001030 | 3150_2 | 359705 | 505159. |
| 001062 | 3150_3 | 359748 | 505349. |
| 002046 | 3150_4 | 361056 | 504635. |
| 002047 | 3150_5 | 360217 | 504846. |
| 002048 | 3150_6 | 361369 | 504491. |
| 003001 | 3150_7 | 362134 | 504324. |
| 003002 | 3150_8 | 362165 | 504313. |
| 003048 3 | 3150_9 | 361885 | 504626. |
| 003049 1 | 3150_10 | 361857 | 504670. |
| 003049 2 | | 361850 | 504690. |
| 003050 1 | 3150_11 | 362276 | 504264. |
| 003050 2 | | 362260 | 504234. |
| 004016 | 3150_12 | 382227 | 435132. |
| 004017 | 3150_13 | 382533 | 434921. |
| 005001 1 | 3150_14 | 381543 | 435210. |
| 005001 2 | 3150_ | 381542 | 435168. |
| 005003 | 3150_15 | 381591 | 435270. |
| 005016 | 3150_16 | 381376 | 435341. |
| 005017 | 3150_17 | 381444 | 435348. |
| 005018 | 3150_18 | 381579 | 435324. |
| 007041 | 3150_19 | 365209 | 504595. |
| 007042 | 3150_20 | 366089 | 504471. |
| 007043 | 3150_21 | 364521 | 504533. |
| 021005 | 3150_22 | 369474 | 504209. |
| 050018 | 3150_23 | 371456 | 506525. |
| 050019 | 3150_24 | 371471 | 506531. |
| 099012 | 3150_25 | 370377 | 529981. |
| 100027 | 3150_26 | 370039 | 530306. |
| 100053 | 3150_27 | 370145 | 530281. |
| 178024 1 | 3150_28 | 384582 | 452761. |
| 179005 | 3150_29 | 387206 | 451567. |
| 179015 | 3150_30 | 387966 | 451292. |
| 179036 | 3150_31 | 387411 | 451512. |
| 179037 | 3150_32 | 387452 | 451517. |
| 180025 | 3150_33 | 388210 | 451152. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 180030 | 3150_34 | 388374 | 451078. |
| 181013 | 3150_35 | 388640 | 449531. |
| 182001 | 3150_36 | 390677 | 448808. |
| 182014 | 3150_37 | 389981 | 448879. |
| 182024 1 | 3150_38 | 391145 | 448161. |
| 182024 2 | | 391145 | 448161. |
| 182025 | 3150_39 | 390656 | 448798. |
| 188001 1 | 3150_40 | 391998 | 446161. |
| 188001 2 | | 392013 | 446174. |
| 188012 | 3150_41 | 391983 | 446187. |
| 189014 | 3150_42 | 387614 | 450255. |
| 189015 | 3150_43 | 387285 | 449596. |
| 189016 | 3150_44 | 387219 | 449595. |
| 190004 | 3150_45 | 384900 | 451164. |
| 190007 | 3150_46 | 385231 | 451192. |
| 190024 | 3150_47 | 384986 | 451153. |
| 190025 | 3150_48 | 385002 | 451144. |
| 191001 1 | 3150_49 | 383644 | 451847. |
| 191001 2 | | 383640 | 451867. |
| 191002 | 3150_50 | 383654 | 451831. |
| 191003 | 3150_51 | 383670 | 451842. |
| 191004 | 3150_52 | 383864 | 451704. |
| 191005 | 3150_53 | 383554 | 451973. |
| 191006 | 3150_54 | 383546 | 451988. |
| 191009 | 3150_55 | 383309 | 452153. |
| 191015 | 3150_56 | 383884 | 451681. |
| 191018 | 3150_57 | 383667 | 451858. |
| 191021 | 3150_58 | 383642 | 451889. |
| 191022 1 | 3150_59 | 383153 | 452413. |
| 191022 2 | | 383154 | 452401. |
| 191022 3 | | 383138 | 452402. |
| 191022 4 | | 383170 | 452389. |
| 191023 | 3150_60 | 383777 | 451748. |
| 192002 | 3150_61 | 380894 | 453070. |
| 192005 | 3150_62 | 380908 | 453091. |
| 192006 | 3150_63 | 380553 | 453174. |
| 192007 | 3150_64 | 381545 | 453035. |
| 197001 | 3150_65 | 379474 | 454909. |
| 198001 | 3150_66 | 382206 | 454066. |
| 198007 | 3150_67 | 382190 | 454053. |
| 198009 | 3150_68 | 382242 | 454053. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 198010 | 3150_69 | 382388 | 453991. |
| 198011 | 3150_70 | 381810 | 454133. |
| 198012 | 3150_71 | 382176 | 454082. |
| 275037 | 3150_72 | 325792 | 505129. |
| 275038 | 3150_73 | 326038 | 505011. |
| 276011 | 3150_74 | 326915 | 504364. |
| 277034 | 3150_75 | 327318 | 504131. |
| 277035 1 | 3150_76 | 327335 | 504157. |
| 277035 2 | | 327323 | 504196. |
| 343011 | 3150_77 | 379654 | 423775. |
| 343012 | 3150_78 | 379562 | 423848. |
| 343018 | 3150_79 | 379238 | 424283. |
| 343041 | 3150_80 | 380085 | 423588. |
| 343042 | 3150_81 | 379617 | 423836. |
| 343043 | 3150_82 | 379771 | 423714. |
| 344027 | 3150_83 | 382019 | 422521. |
| 346047 | 3150_84 | 383972 | 423381. |
| 347026 | 3150_85 | 378943 | 425662. |
| 347033 | 3150_86 | 378918 | 425740. |
| 347040 | 3150_87 | 378898 | 425683. |
| 347049 | 3150_88 | 378919 | 425726. |
| 600003 | 3150_89 | 362752 | 503948. |
| 600004 | 3150_90 | 363431 | 503825. |
| 600006 | 3150_91 | 367703 | 503602. |
| 600007 | 3150_92 | 359747 | 505271. |
| 600007 | 3150_92 | 359941 | 505002. |
| 600007 | 3150_92 | 361368 | 504788. |
| 600007 | 3150_92 | 361951 | 504407. |
| 600007 | 3150_92 | 362275 | 504260. |
| 600007 | 3150_92 | 366826 | 504237. |
| 611007 | 3150_92 | 366421 | 436772. |
| 611014 | 3150_93 | 382499 | 434952. |
| 621001 | 3150_94 | 369416 | 504446. |
| 621001 | 3150_94 | 370415 | 504932. |
| 621001 | 3150_94 | 371473 | 506438. |
| 621002 | 3150_95 | 369266 | 503514. |
| 621003 | 3150_96 | 369516 | 503952. |
| 621004 | 3150_97 | 370735 | 505002. |
| 651003 | 3150_98 | 369681 | 530314. |
| 651008 | 3150_99 | 370547 | 529452. |
| 661003 | 3150_100 | 325767 | 505109. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 661003 | 3150_100 | 327481 | 503732. |
| 661003 | 3150_100 | 327261 | 504247. |
| 671001 | 3150_101 | 387085 | 450664. |
| 671001 | 3150_101 | 385876 | 451132. |
| 671001 | 3150_101 | 386296 | 451016. |
| 671001 | 3150_101 | 387343 | 450252. |
| 671002 | 3150_102 | 380423 | 454391. |
| 671002 | 3150_102 | 379718 | 454550. |
| 671002 | 3150_102 | 379516 | 454553. |
| 671004 | 3150_103 | 391633 | 446641. |
| 671006 | 3150_104 | 383446 | 453516. |
| 671006 | 3150_104 | 382543 | 453941. |
| 671007 | 3150_105 | 387402 | 450377. |
| 671008 | 3150_106 | 387854 | 450157. |
| 671009 | 3150_107 | 388143 | 450082. |
| 671010 | 3150_108 | 384341 | 451437. |
| 671012 | 3150_109 | 391044 | 448265. |
| 691001 | 3150_110 | 381220 | 424156. |
| 691001 | 3150_110 | 380782 | 423897. |
| 691001 | 3150_110 | 381561 | 424222. |
| 691001 | 3150_110 | 383291 | 423682. |
| 691002 | 3150_111 | 381698 | 422914. |
| 691014 | 3150_112 | 379195 | 424564. |
| 691015 | 3150_113 | 382781 | 423628. |

# 7. Viðauki II: Minjakort




Svæði I:
Vindás-Möðruvellir
N
347033
347049
347040
347026
0
50
100
150
200 m



Svæði I:
Möðruvellir
N
691014
343018
0
50
100
150
200 m


Svæði I:
Möðruvellir
N
343018
343012
343042
343011
343043
0
50
100
150
200 m


Svæði I:
Möðruvellir-Írafell
343043
343041
0
100
200
300
400 m
N


N
Svæði I: Írafell
344027
691002
0
100
200
300
400 m



Svæði I: Írafell -
Hækingsdalur
0
100
200
300
400 m
691015
691001
N


Svæði I: Hækingsdalur
N
346047
691001
0
100
200
300
400 m


Svæði I: Vindás - Vindáshlíð
0
100
200
300
400 m
691001
691001
691001
N


Svæði II: Þyrill- Miðsandur
N
004017
611014
004016
005018
005003
005001 1
005001 2
005017
005016
0
100
200
300
400 m


Svæði III: Tunga - Vestara-Miðfell
N
611007
0 100 200 300 400 m


Svæði IV: Yfirlit
0
1
2
3
4 km
N


Svæði IV: Skálpastaðir-
Arnþórsholt
197001
671002
671002
671002
198011
198012
198007
0
250
500
750
1,000 m
N



Svæði IV: Arnþórsholt - Lundur
N
198012
198007
198001
198009
198010
671006
671006
178024 1
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Lundur - Odddsstaðir
179005
178024 1
N
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Oddsstaðir -
Gullberastaðir
N
671001
179005
179036
179037
179015
180025
180030
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Kross - Kistufell
198012
198007
198011
192007
192005
192002
192006
671002
671002
671002
N
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Kistufell - Skarð
N
192007
19102201
19102202
19102203
19102204
191009
191006
191005
191021
191001
191018
191002
191003
191023
191004
191015
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Skarð-Snartarstaðir
671001
671001
190007
190025
190024
190004
671010
191004
191015
N
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Hóll - Brautartunga
N
671001
671001
671001
671007
189016
189015
189014
671008
671009
181013
179015
180025
180030
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Brautartunga -
Tungufell
181013
182014
182025
182001
671012
18202402
18202401
0
250
500
750
1,000 m
N


Svæði IV: Tungufell - Brenna
N
671012
18202401
18202402
671004
0
250
500
750
1,000 m


Svæði IV: Brenna - Iðunnarstaðir
188001 2
188001 1
188012
671004
0
250
500
750
1,000 m
N


Svæði V. Yfirlit
0
1
2
3
4 km


Svæði V: Gunnarsstaðir - Dunkur
N
001062
001002
600007
001030
600007
002047
002046
600007
002048
003049 2
003049 1
003048 3
600007
003001
003002
003050 2
003050 1
600007
0
250
500
750
1,000 m



Svæði V: Dunkur - Ketilsstaðir
N
600007
003001
003002
003050 1
003050 2
600007
600003
600004
007043
0
250
500
750
1,000 m


Svæði V: Ketilsstaðir -
Bugðustaðir
600007
007042
007041
007043
N
0
250
500
750
1,000 m


Svæði V: Bugðustaðir - Hörðuból
N
600007
600006
621002
621003
021005
621001
0
250
500
750
1,000 m


Svæði V: Hörðuból - Snóksdalur
621004
621001
621001
021005
621003
0
250
500
750
1,000 m
N


Svæði V: Snóksdalur - Harrastaðir
N
621004
050018
050019
621001
0
250
500
750
1,000 m


N
Svæði VI: Yfirlit
651003
100027
100053
099012
651008
0
100
200
300
400 m


Svæði VII: Yfirlit
N
0
500
1,000
1,500
2,000 m


Svæði VII: Hólar -
Hrísar
661003
277035 2
277035 1
277034
276011
275038
275037
661003
661003
0
100
200
300
400 m
N